
Hafrannsóknir nr. 185

Nytjastofnar sjávar
2015/2016 og aflahorfur
fiskveiðiárið 2016/2017

State of Marine Stocks in Icelandic
Waters 2015/2016 and Prospects
for the Quota Year 2016/2017

2. prentun

Hafrannsóknastofnun (Marine Research Institute) 2016

Ritstjórn: Guðmundur Þórðarson, Jón Sólmundsson,
Kristján Kristinsson, Birkir Bárðarson, Sigurður Þ. Jónsson
og Anika K. Guðlaugsdóttir

Þessi skýrsla er unnin í umsjá sérstakrar verkefnisstjórnar um veiðiráðgjöf. Formaður verkefnisstjórnar er Björn Ævarr Steinarsson. Í verkefnisstjórn eru Ásta Guðmundsdóttir, Bjarki Þór Elvarsson, Einar Hjörleifsson, Guðmundur Þórðarson, Höskuldur Björnsson, Jónas P. Jónasson, Sigurður Þ. Jónsson og Þorsteinn Sigurðsson. Eftirtaldir sérfræðingar hafa einnig unnið í náinni samvinnu við verkefnisstjórn að gerð skýrslunnar: Ásgeir Gunnarsson, Gísli A. Víkingsson, Guðjón Sigurðsson, Guðmundur J. Óskarsson, Guðrún G. Þórarinsdóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, James Kennedy, Jón Sólmundsson, Jónbjörn Pálsson, Kristján Kristinsson og Þorvaldur Gunnlaugsson.

Tilvísun í þessa skýrslu:

Hafrannsóknastofnun. 2016. Nytjastofnar sjávar 2015/2016 og aflahorfur fiskveiðiárið 2016/2017. Hafrannsóknir 185. 188 s. [<http://www.hafro.is/Bokasafn/Timarit/fjolrit-185.pdf>]

Recommended format of citation:

Marine Research Institute. 2016. State of Marine Stocks in Icelandic Waters 2015/2016 and Prospects for the Quota Year 2016/2017. Marine Research in Iceland 185. 188 pp. [<http://www.hafro.is/Bokasafn/Timarit/fjolrit-185.pdf>]

<http://www.hafro.is/Bokasafn/Timarit/fjolrit-185.pdf>

Efnisyfirlit – Contents

Formáli.....	5
Inngangur að ráðgjöf – <i>Introduction to the advice</i>	9
Vistkerfi sjávar og áhrifaþættir – <i>Ecosystem overview</i>	13
Fiskveiðar á Íslandsmiðum – <i>Fisheries overview</i>	23
Porskur – <i>Cod</i>	28
Ýsa – <i>Haddock</i>	32
Ufsi – <i>Saithe</i>	36
Gullkarfi – <i>Golden redfish</i>	40
Djúpkarfi – <i>Demersal beaked redfish</i>	44
Úthafskarfi, Neðri stofn – <i>Deep pelagic redfish</i>	47
Úthafskarfi, efri stofn – <i>Shallow pelagic redfish</i>	49
Litli karfi – <i>Norway redfish</i>	51
Grálúða – <i>Greenland halibut</i>	53
Lúða – <i>Atlantic halibut</i>	55
Skarkoli – <i>Plaice</i>	57
Sandkoli – <i>Dab</i>	60
Skráplúra – <i>Long rough dab</i>	62
Langlúra – <i>Witch</i>	64
Þykkvalúra – <i>Lemon sole</i>	67
Stórkjafta – <i>Megrim</i>	70
Steinbítur – <i>Atlantic wolffish</i>	72
Hlýri – <i>Spotted wolffish</i>	75
Blálanga – <i>Blue ling</i>	78
Langa - <i>Ling</i>	81
Keila – <i>Tusk</i>	84
Lýsa – <i>Whiting</i>	87
Skötuselur – <i>Anglerfish</i>	89
Hrognkelsi – <i>Lumpfish</i>	92
Síld – <i>Herring</i>	95
Norsk-íslensk vorgotssíld <i>Norwegian spring-spawning herring</i>	99
Loðna – <i>Capelin</i>	101
Kolmunni – <i>Blue whiting</i>	105
Makríll – <i>Mackerel</i>	107
Norræna gulldepla – <i>Pearlside</i>	109
Gulllax – <i>Greater silver smelt</i>	110
Humar – <i>Norway lobster</i>	113
Rækja – <i>Northern shrimp (Eldey)</i>	116
Rækja – <i>northern shrimp (Snæfellsnes)</i>	117
Rækja – <i>Northern shrimp (Arnarfjörður)</i>	119
Rækja – <i>Northern shrimp (Ísafjarðardjúp)</i>	120
Rækja – <i>Northern shrimp (Skjálíandi)</i>	121
Rækja – <i>Northern shrimp (Húnaflói, Öxarfjörður, Skagafjörður)</i>	122
Úthafsækja – <i>Northern shrimp (Offshore)</i>	123
Hörpudiskur – <i>Iceland scallop</i>	126
Kúfskel – <i>Quahog</i>	127
Beitukóngur – <i>Common whelk</i>	128
Sæbjúga – <i>Sea cucumber</i>	129
Ígulker – <i>Sea urchin</i>	130
Hrefna – <i>Common minke whale</i>	131
Langreyður – <i>Fin whale</i>	133
Landselur – <i>Harbour seal</i>	135
Útselur – <i>Grey seal</i>	136
Töflur	137

FORMÁLI

Í þessari skýrslu um ástand nytjastofna fiskveiðiárið 2015/2016 og aflahorfur 2016/2017 er að finna yfirlit yfir ástand nytjastofna, þróun veiða, stofnstærð og tillögur um hámarksafla, sem miðast við áætlað veiðipól þeirra og varúðarsjónarmið þar sem það á við.

Sem fyrr byggir skýrslan á framlagi fjölmargra starfsmanna Hafrannsóknastofnunar og samstarfsaðila hennar á sjó og landi sem hér með er þakkað mikið og vel unnið starf undir stjórn Björns Ævarrs Steinarssonar og ritstjórn skýrslunnar undir forystu Guðmundar Þórðarsonar. Eins og jafnan hefur einnig verið fjallað um flesta mikilvægustu fiskistofnana við landið í vinnunefndum og Ráðgjafarnefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) og er lesendum sérstaklega bent á vefslóðina www.ices.dk þar sem finna má ítarlegt efni um þessa stofna.

Skýrsla þessi um ástand nytjastofna og aflahorfur er talsvert breytt frá fyrri ráðgjafarskýrslum Hafrannsóknastofnunar. Í fyrsta lagi eru nú kafli um helstu breytingar í vistkerfinu og áhrif athafna mannsins á það en einnig er samantekt um fiskveiðar á Íslandsmiðum. Í öðru lagi hefur framsetningu skýrslunnar verið breytt verulega, líkt og sjá má í köflum um einstaka stofna.

Á undanförnum árum hefur umræða um vistkerfisnálgun við stjórn fiskveiða orðið almennari, ekki síst innan Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES). Hafrannsóknastofnun hefur tekið virkan þátt í þeirri umræðu og má líta á þessa skýrslu sem skref í þá átt að samþætta vistkerfisnálgun við ráðgjöf stofnunarinnar um veiðar á einstökum nytjastofnum. Nú er í fyrsta skipti fjallað um helstu álagsþætti af mannavöldum á íslenska hafsvæðið sem og lýst þeim breytingum í vistkerfinu sem gætu haft áhrif á afrakstursgetu þess. Ljóst er að mikil vinna er enn óunnin í að rannsaka og meta áhrif athafna mannsins á vistkerfi sjávar, t.d. áhrif veiðarfæra á búsvæði, meðafla fugla, sjávarspendýra og sjaldgæfra fiska og breytingar í tegundasamsetningu vegna veiða. Þrátt fyrir að hin hefðbundna ráðgjöf um hvern stofn muni ávallt skipa stóran sess í ráðgjöf stofnunarinnar þá mun heildstæð vistkerfisnálgun skipta auknu máli við nýtingu sjávarauðlinda á næstu árum og áratugum. Hafrannsóknastofnun mun því leggja aukna áherslu á vöktun og rannsóknir sem miða að þessu marki.

Við breytingar á framsetningu ráðgjafarinnar í ár hefur að miklu leyti verið horft til þess hvernig ICES birtir ráðgjöf um einstaka stofna. Áhersla er lögð á stuttan hnitmiðaðan texta og skýra myndræna framsetningu. Þannig á lesandi að geta lesið ráðgjöfina og fengið mynd af stöðu viðkomandi stofns á fyrstu síðu ráðgjafarkafila. Það sem á eftir kemur er svo grunnur og forsendur ráðgjafarinnar og stutt lýsing á veiðum. Þá eru ráðgjafarkafanir bæði á íslensku og ensku sem er liður í því að gera ráðgjöf stofnunarinnar aðgengilegri, m.a. fyrir erlenda kaupendur sjávarfangs og vottunaraðila. Varðandi nánari lýsingu á stofnmati einstakra stofna þá liggja fyrir úttektir frá ICES um marga þeirra og er vísað í þær þar sem við á í skýrslunni. Gert er ráð fyrir að í framtíðinni verði birtar sambærilegar samantektir um stofnmat þeirra stofna sem ekki er fjallað um á vettfangi ICES. Samliða þessari breytingu á ráðgjöf hefur töflum í lok skýrslunnar verið fækkað mikið og einungis eru birtar aflatölur og niðurstöður stofnmats einstakra stofna. Inntaksgögn og aðrar töflur verða aðgengilegar á gagnaveitu Hafrannsóknastofnunar (data.hafro.is) fljótlega eftir útkomu skýrslunnar.

Reykjavík, 9. júní 2016.

Ólafur S. Ástþórsson

Tillögur um hámarksaflla fiskveiðiárin 2016/2017 og 2015/2016, ásamt aflamarki samkvæmt ákvörðun stjórnvalda fiskveiðiárið 2015/2016 (tonn).

TAC recommended by the Marine Research Institute for the quota years 2016/2017 and 2015/2016, and national TAC for the quota year 2015/2016 (tonnes).

Stofn Stock	Tillaga 2016/2017 Recomm. TAC 2016/2017	Tillaga 2015/2016 Recomm. TAC 2015/2016	Aflamark 2015/2016 National TAC 2015/2016
Þorskur (<i>Cod</i>) ^{1,2}	244 000	239 000	239 000
Ýsa (<i>Haddock</i>) ^{1,2}	34 600	36 400	36 400
Ufsi (<i>Saithe</i>) ^{1,2}	55 000	55 000	55 000
Gullkarfi (<i>Golden redfish</i>) ^{1,2}	52 800	51 000	48 500
Litli karfi (<i>Norway redfish</i>)	1 500	1 500	1 500
Djúpkarfi (<i>Deep sea redfish</i>)	12 922	10 000	10 000
Úthafskarfi – neðri stofn (<i>Deep pelagic redfish</i>) ^{3,4,5}	–	9 500	10 000 (2 500)
Úthafskarfi – efri stofn (<i>Shallow pelagic redfish</i>) ³	0	0	0
Grálúða (<i>Greenland halibut</i>) ^{3,5}	24 000	22 000	22 000 (12 400)
Skarkoli (<i>Plaice</i>)	7 330	6 500	6 500
Sandkoli (<i>Dab</i>)	500	500	500
Langlúra (<i>Witch</i>)	1 110	1 100	1 100
Þykkvalúra (<i>Lemon sole</i>)	1 087	1 300	1 300
Steinbítur (<i>Atlantic wolffish</i>)	8 811	8 200	8 200
Hlýri (<i>Spotted wolffish</i>)	1 128	900	–
Síld (<i>Herring</i>) ¹	63 000	71 000	71 000
Norsk-ísl. síld (<i>Atlanto-Scandian herring</i>) ^{1,4,6}	–	317 000	–
Loðna (<i>Capelin</i>) ^{1,5,7}	0	173 300	173 300 (101 000)
Kolmunnur (<i>Blue whiting</i>) ^{1,4,5}	–	776 000	–
Makrill (<i>Mackerel</i>) ^{1,4,6}	–	667 000	–
Gulldepla (<i>Pearlside</i>)	30 000	30 000	–
Blálanga (<i>Blue ling</i>)	2 040	2 600	2 600
Langa (<i>Ling</i>)	9 343	16 200	15 000
Keila (<i>Tusk</i>)	3 780	3 400	3 000
Gulllax (<i>Greater silver smelt</i>)	7 885	8 000	8 000
Skötuselur (<i>Anglerfish</i>)	711	1 000	1 000
Hrognkelsi (<i>Lumpfish</i>) ⁸	2 030	2 000	–
Humar (<i>Nephrops</i>)	1 300	1 500	1 500
Rækja á grunnslóð (<i>Inshore shrimp</i>) ⁴	–	2 100	2 100
Rækja á djúpslóð (<i>Offshore shrimp</i>)	4 100	4 000	4 000
Hörpudiskur (<i>Iceland scallop</i>)	0	0	0
Kúfiskel (<i>Ocean quahog</i>)	100	32 500	–
Beitukóngur (<i>Common whelk</i>)	750	750	–
Sæbjúga (<i>Sea cucumber</i>)	1 457	2570	–
Ígulker (<i>Sea urchin</i>)	250	–	–
Hrefna (<i>Common minke whale</i>) ⁹	224	229	229
Langreyður (<i>Fin whale</i>) ⁹	146	154	154

¹ Ráðgjöf samkvæmt aflareglu. *Advice according to harvest control rule.*

² Ráðgjöf og aflamark samkvæmt samþykktum stjórnunarmarkmiðum. *Advice and TAC according to agreed management plan.*

³ Aflamark á öllu útbreiðslusvæði stofns fyrir almanaksár. *TAC for the total area of distribution for calendar year.*

⁴ Ráðgjöf fyrir almanaksárið 2017 verður veitt haustið 2016. *Advice for calendar year will be given in autumn 2016.*

⁵ Samanlagt heildaraflamark allra veiðipjóða og aflamark ákveðið fyrir Ísland í sviga. *Total TAC and national TAC within parenthesis.*

⁶ Ósamkomulag á milli strandríkja, heildaraflamark 2016 óþekkt. *Disagreement among coastal states, total TAC for 2016 unknown.*

⁷ Upphafsafla fyrir fiskveiðiárið 2016/2017, ráðgjöf verður endurskoðuð haustið 2016. *Initial TAC for quota year 2016/2017, TAC will be revised in autumn 2016.*

⁸ Samkvæmt ráðgjafareglu fyrir vertíð 2017, verður endurskoðað vorið 2017. *According to advisory rule, initial TAC advice for 2017 season, will be revised in spring 2017.*

⁹ Fjöldi dýra innan íslenska landgrunnins. *Number of animals within the Icelandic shelf area.*

Aðrar tillögur Hafrannsóknastofnunar fyrir fiskveiðiárið 2016/2017.

Almennt – Við úthlutun aflamarks til íslenskra skipa verði tekið mið af afla erlendra skipa og annars afla sem nú er utan aflamarks.

Lúða – Áframhaldandi bann við beinni sókn og reglugerð til verndunar lúðu verði áfram í gildi.

Skarkoli – Áframhaldandi friðun á hrygningarstöðvum á hrygningartíma.

Sandkoli – Öll sandkolamið verði undir aflamarki.

Skráplúra – Friðun helstu hrygningarsvæða á hrygningartíma.

Steinbítur – Áframhaldandi friðun á hrygningarsvæðum á Látragrunni á hrygningar- og klaktíma.

Blálanga – Þekktum hrygningarsvæðum verði áfram lokað á hrygningartíma.

Keila – Áframhaldandi veiðibann á afmörkuðum uppvaxtarsvæðum til verndar smákeilu.

Hrognkelsi – Aukin áhersla á skráningu meðafla og eftirlit með brottkasti við grásleppuveiðar.

Loðna – Haustveiðar hefjist ekki fyrr en í október, að loknum aðalvaxtartíma loðnunnar.

Selir – Efla selatalningar og bæta skráningu selveiða til að hægt sé að leggja mat á ástand stofnanna.

Additional advice for the quota year 2016/2017.

In general – Expected catches by foreign fleets and other catches not subject to TAC should be subtracted from the TAC prior to allocation of quota to Icelandic vessels.

Atlantic halibut – Continued ban on directed halibut fishery and implemented conservation act for protection of the stock.

Plaice – Continued closure of spawning areas during spawning season.

Dab – All dab fishing grounds be under TAC limits.

Long rough dab – Closure of main spawning areas during spawning season.

Atlantic wolffish – Continued closure of spawning areas west of Iceland during spawning and incubation season.

Blue ling – Continued closure of known spawning areas during spawning time.

Tusk – Continued ban on fishery in nursery areas in order to protect juveniles.

Lumpfish – Improve monitoring of bycatch and discards of other species from the female lumpfish fishery.

Capelin – Summer/autumn fishery should not open until October.

Seals – Survey seals regularly and improve collection of catch data to evaluate current population status.

INNGANGUR AÐ RÁÐGJÖF

INTRODUCTION TO THE ADVICE*

INNGANGUR

Í lögum um Hafrannsóknastofnun segir meðal annars að eitt af markmiðum stofnunarinnar sé að hún skuli: „*Treysta undirstöður vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu hefðbundinna nytjastofna er stefni að hámarksafrakstri Íslandsmiða*“. Frá upphafi hefur áhersla verið lögð á faglega ráðgjöf sem byggir á alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum og er fjallað um flesta þá stofna sem nýttir eru á Íslandsmiðum af Alþjóðahafrannsóknaráðinu (ICES). Sú varúðarnálgun (*precautionary approach*) sem ráðið notar við ráðgjöf og markmið um hámarksafrakstur (*MSY-approach*), er einnig leiðarljósið í ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Hér að neðan er stuðst við lýsingu ICES um grunn ráðgjafar ([ICES 2016](#)).

VISTKERFIS- OG VARÚÐARNÁLGUN

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar er byggð á vistkerfisnálgun innan varúðarnálgunar við stjórn fiskveiða. Vistkerfisnálgun hefur verið skilgreind á margan hátt, en megin stefni er að stjórn nýtingar á að tryggja að ekki sé gengið það mikið á vistkerfið að gæði þess raskist varanlega í nútíð og framtíð. Vistkerfisnálgun á að leiða til sjálfbærrar nýtingar vistkerfisins, þ.m.t. fiskveiða. Hafrannsóknastofnun mun á komandi árum leggja aukna áherslu á þennan þátt ráðgjafar og tengja hinni hefðbundnu einstofna ráðgjöf sem verið hefur megin ráðgjöf stofnunarinnar um árabíl.

Varúðarnálgun í fiskveiðistjórnun var lýst af Sameinuðu þjóðunum ([UN 1995](#)) sem:

“States shall be more cautious when information is uncertain, unreliable or inadequate. The absence of adequate scientific information shall not be used as a reason for postponing or failing to take conservation and management measures”

Þetta þýðir að þegar upplýsingar eru takmarkaðar um nytjastofna þá mun ráðgjöfin verða varkárari en ella til að minnka möguleg neikvæð áhrif nýtingar.

RÁÐGJÖF UM HÁMARKSAFLA

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar byggir á því að nýta stofna miðað við hámarksafrakstur að teknu tilliti til vistkerfis- og varúðarnálgunar. Viðauki 2 samþykktar Sameinuðu þjóðanna um fiskistofna ([UN, 1995](#)) fjallar um varúðarnálgun þar sem stefnt er að hámarksafrakstri nytjastofna. Samkvæmt varúðarnálgun skal halda stofnum innan varúðarmarka til þess að hægt sé að ná hámarksafrakstri.

Hámarksafrakstur er vítt hugtak sem miðast við að ná sem mestum afla til lengri tíma litið. Það er ekki bundið við stofna, aðferðir við mat á stofnstærð eða hvernig veiðum er stjórnað. Hægt er að láta hugtakið ná yfir heil vistkerfi, samfélög lífvera eða einstaka stofna.

Til að veita ráðgjöf um hámarksafrakstur og jafnframt að tryggja að stofnar séu innan varúðarmarka, þurfa að liggja fyrir áreiðanleg gögn og vitneskja um helstu þætti er skipta máli m.t.t. nýtingar (aldursgreiningar, vöxt, kynþroska o.s.frv.). Ef gögn og þekking á stofni eru takmörkuð, getur Hafrannsóknastofnun ekki veitt ráðgjöf um

* The MRI advisory framework is to a large extent similar to the ICES advisory framework. For an English description of the principles underlying the advice given by ICES and the MRI, see [ICES 2016](#).

hámarksafurtekstur heldur einungis út frá varúðarnálgun. Þegar kemur að ráðgjöf er stofnum skipt í þrjá flokka, byggt á vitneskju um viðkomandi stofn:

1. Stofnar þar sem tölfræðilíkön eru notuð til að meta stofnstærð. Ráðgjöf miðar að hámarksafurtekstri (MSY). Þeir stofnar sem falla undir þessa skilgreiningu eru: Þorskur, ýsa, ufsi, gullkarfi, grálúða, skarkoli, steinbítur, langa, keila, sumargotssíld, loðna, humar, langreyður og hrefna.
2. Stofnar þar sem vísitölur úr stofnmælingum eru taldar gefa mynd af breytingum á stofnstærð. Ráðgjöfin byggir á varúðarnálgun. ICES nefnir þessa stofna „*Category 3 stocks*“ (ICES 2016). Þeir stofnar sem falla undir þessa skilgreiningu eru: Djúpkarfi, litli karfi, lúða, skrápflúra, langlúra, þykkvalúra, hlýri, blálanga, lýsa, skötuselur, hrognkelsi, gulllax, rækja og ígulker.
3. Stofnar þar sem upplýsingar eru mjög takmarkaðar. Ráðgjöfin byggir á varúðarnálgun. ICES nefnir þessa stofna „*Category 6 stocks*“ (ICES 2016). Þeir stofnar sem falla undir þessa skilgreiningu eru: Sandkoli, norræna gulldepla, hörpudiskur, kúfiskel, beitukóngur og sæbjúga.

Hafrannsóknastofnun leggur til aflamark fyrir stofna í flokki 1, en fyrir stofna í flokki 2 og 3 ræðst það aðalega af sögu veiða og mati á ástandi stofns hvort ráðlagt er aflamark eða ekki.

Nokkrir stofnar á Íslandsmiðum eru deilistofnar og er fjallað um þá í vísindanefndum ICES. Þessir stofnar eru: Kolmunni, makrill, norsk-íslensk síld, loðna, grálúða og úthafskarfi (efri og neðri stofn). Hafrannsóknastofnun gefur ekki sjálfstæða ráðgjöf fyrir þessa stofna en leggur til gögn og tekur þátt í stofnmati og veiðiráðgjöf innan Norðvestur- (NWWG) og uppsjávarfiska- (WGWIDE) vísindanefnda ICES. Nokkra aðra íslenska stofna er fjallað um af vísindanefndum ICES. Innan NWWG er einnig fjallað um þorsk, ýsu, ufsa, gullkarfa, djúpkarfa, sumargotssíld og loðnu. Djúpsjávarnefndin (WGDDEEP) fjallar um keilu, blálöngu, löngu og gulllax. ICES gefur í framhaldi af því ráðgjöf fyrir þessa stofna.

RÁÐGJAFARREGLA FYRIR FLOKK 1 (HÁMARKSAFURTEKSTUR)

Veiðar hafa áhrif á nytjastofna með því að fjarlægja einstaklinga úr stofninum. Veiðidánartala (F) er mælikvarði á veiðiálag og er hlutfall þess fjölda fiska í árgangi sem er veiddur yfir eitt ár. Veiðidánartala er yfirleitt gefin upp sem meðaltal veiðidánartölu þeirra aldurshópa sem eru mest áberandi í veiðinni. Fyrir suma stofna, t.d. þorsk, ýsu og ufsa, er notað veiðihlutfall í stað veiðidánartölu. Veiðihlutfall er skilgreint sem það hlutfall viðmiðunarstofns sem veitt er á hverju ári. Viðmiðunarstofn getur verið sá hluti stofnsins sem er yfir ákveðnum aldri (þorskur, ufsi) eða lengd (ýsa).

Veiðidánartala, og þar með afli, er eina breytan sem hægt er að hafa bein áhrif á með stjórnun fiskveiða. Fiskveiðistjórnun getur ekki haft bein áhrif á stofnstærð, hún getur einungis haft áhrif í gegnum veiðidánartölu. Stofnstærð getur breyst milli ára vegna náttúrulegra sveifla sem geta jafnvel verið meiri en áhrif veiða.

Náttúrulegar sveiflur í stofnstærð geta leitt til þess að hrygningarstofn verði svo lítil að líkur séu á skertri nýliðun. Samkvæmt varúðarnálgun á veiðistjórn að taka mið af því með því að beita meiri varkárni við nýtingu stofnsins. Þegar hægt er að meta stofnstærð með líkönum (flokkur 1) er einnig hægt að skilgreina varúðarmörk B_{lim} . Ef stærð hrygningarstofns fer undir B_{lim} má búast við að dragi verulega úr nýliðun. Oft er hægt að skilgreina B_{lim} út frá sambandi hrygningarstofns og nýliðunar. Fyrir marga stofna er það þó ekki hægt t.d. þar sem breytileiki í nýliðun er mjög mikill eða að nýtingarhlutfallið hefur alltaf verið fremur lágt og því hefur aldrei verið gengið mikið á hrygningarstofninn. Í fyrra tilfellinu er B_{lim} sett sem lægsta gildi hrygningarstofns, en í síðara tilfellinu um 30% lægra.

Samkvæmt varúðarnálgun ber að forðast það með yfirgnæfandi líkum (95%) að hrygningarstofn fari undir B_{lim} og eru því skilgreind gátmörk hrygningarstofns, B_{pa} , sem byggð eru á metinni óvissu í stofnmati. Í mörgum tilfellum er ekki hægt að meta óvissu í stofnmati og því er oft stuðst við þá nálgun að $B_{pa} = B_{lim} \times 1.4$. Þegar hrygningarstofn er yfir B_{pa} er talið að líkur á skertri nýliðun séu hverfandi.

F_{lim} er sú veiðidánartala sem til langframa leiðir til þess að meðalstærð hrygningarstofns verði við B_{lim} . Veiði umfram F_{lim} mun leiða til þess að hrygningarstofn fari niður fyrir B_{lim} . Líkt og áður þá eru skilgreind gátmörk F_{pa} sem eiga að leiða til þess að veiðidánartala sé með yfirgnæfandi líkum undir F_{lim} . Áður var F_{pa} reiknað á talsvert annan hátt, sem gaf lægri gildi en fæst með núverandi aðferð. Það var þá oft notað sem grundvöllur ráðgjafar hjá ICES. Nú er F_{pa} notað sem skilyrði á F_{MSY} , en F_{MSY} má ekki vera hærra en F_{pa} .

Fyrir langlífa stofna í flokki 1 byggir Hafrannsóknastofnun ráðgjöf á nálgun ICES um nýtingu miðað við hámarksafrakstur ([ICES 2016](#)). Samkvæmt því er ráðlagður afli ekki umfram þá veiðidánartölu sem gefur hámarksafrakstur (F_{MSY}) og leiðir enn fremur til þess að hrygningarstofninn haldist yfir B_{lim} með 95% líkum. Nálgunin byggir á tveimur stoðum, veiðidánartölu (F_{MSY}) og lífmassa aðgerðarmörkum ($MSY_{Btrigger}$). F_{MSY} er sú veiðidánartala við gefið veiðmynstur og núverandi umhverfisskilyrði er gefur hámarksafrakstur til lengri tíma litið. Til að tryggja að F_{MSY} leiði til sjálfbærar nýtingar þá má F_{MSY} ekki vera hærra en F_{pa} eins og áður sagði.

$MSY_{Btrigger}$ er skilgreint sem neðra mark dreifingar hrygningarstofns þegar veitt er við F_{MSY} og er hugsað sem aðgerðarmark. Ef hrygningarstofn fer niður fyrir $MSY_{Btrigger}$ leiðir það til lækkunar veiðidánartölu þar til stofn hefur vaxið aftur yfir aðgerðarmörkin. Lækkun veiðidánartölu er tengd hlutföllum hrygningarstofns og $MSY_{Btrigger}$.

Ráðgjafarreglan er þá sú að ráðleggja afla sem samsvarar til veiðidánartölu sem er:

- $F = F_{MSY}$ þegar hrygningarstofn er stærra eða jafn aðgerðarmörkum ($MSY_{Btrigger}$)
- $F = F_{MSY} \times \text{hrygningarstofn} / MSY_{Btrigger}$ þegar stofnir er lægri en $MSY_{Btrigger}$.

Til að skilgreina $MSY_{Btrigger}$ þarf stofnmat að ná yfir langt tímabil þar sem veiðidánartala hefur verið við F_{MSY} til þess að geta fengið mat á náttúrulegum sveiflum í stofnstærð. Þegar þessu er ekki til að dreifa er $MSY_{Btrigger}$ vanalega skilgreint sem B_{pa} (þegar þau gátmörk eru skilgreind) sem er algengasta gildið á $MSY_{Btrigger}$.

Fyrir skammlífar tegundir líkt og loðnu þá er markmiðið að tryggja með miklum líkum (95%) að lágmarks lífmassi (B_{lim}) sé skilinn eftir til hrygningar.

Þær aflareglur sem stjórnvöld hafa samþykkt fyrir þorsk, ýsu, ufsa, gullkarfa og loðnu taka mið af þessu og hafa verið prófaðar m.t.t. þessara nálgana. Í slembihermunum er tekið tillit til óvissu í hrygningarstofns-nýliðunar sambandi, breytileika nýliðunar t.d. tímabil með mjög lélegri nýliðun, stofnmatsskekku, breytileika í þyngdum o.fl. Aflareglur eru metnar með tilliti til afraksturs, breytileika í afrakstri, líkinda á að hrygningarstofninn sé undir varúðarmörkum, ábata o.fl. Aflareglurnar eru allar að grunni til svipaðar MSY ráðgjafarreglu ICES en með þó nokkrum frávikum. Til að minnka breytileika í afla voru bæði veiðihlutfall og $B_{trigger}$ lægri í ýsu og ufsa en sambærileg gildi í MSY ráðgjafarreglu. Fyrir þorsk og ufsa er aflamark síðasta árs með 50% vægi í útreikningum aflamarks á móti 20% af viðmiðunarstofni. Hjá þorski er tekið tillit til ábata við veiðarnar og er veiðihlutfall heldur lægra en það sem gefur hámarksafrakstur. Í öllum tilfellum var sýnt var fram á að aflareglurnar voru varkárari en sambærileg MSY ráðgjafarregla.

RÁÐGJAFARREGLUR FYRIR FLOKK 2 OG 3 (VARÚÐARNÁLGUN)

Fyrir stofna í flokki 2 og 3, er ekki hægt að meta stofnstærð og þar með er ekki hægt að ráðleggja nýtingu sem miðar að hámarksafrakstri. Í þessum tilfellum byggir Hafrannsóknastofnun ráðgjöf sína á varúðarnálgun. Markmiðið með varúðarnálgun er að tryggja að ráðlagður afli sé sjálfbær.

Nálgunin byggir á eftirfarandi:

- Þær upplýsingar sem fyrir liggja eru notaðar við ráðgjöf.
- Ráðgjöf byggir á svipaðri hugsun og ráðgjöf stofna í flokki 1.
- Varúðarnálgun er fylgt.

Þetta þýðir að eftir því sem minni upplýsingar eru til staðar því varkárari verður ráðgjöfin.

STOFNAR ÞAR SEM VÍSITÖLUR ERU NOTAÐAR TIL RÁÐGJAFAR (FLOKKUR 2)

Stofnmælingar ná yfir útbreiðsluvæði margra stofna sem Hafrannsóknastofnun veitir ráðgjöf fyrir, og ef stofnmæling er talin sýna breytingar á stofnstærð er beitt eftirfarandi nálgun:

- 1) Lífmassa vísitala ásamt afla er notuð til að reikna vísitölu veiðihlutfalls ($F_{\text{proxy}} = \text{afla/vísitala}$).
- 2) Valið er markgildi á F_{proxy} (target F_{proxy}) sem byggt er á einhverri af eftirfarandi nálgunum:
 - a) Ef aldursgreiningar eru til þá er lagt mat á heildardánartölu (Z) og metið hvort sú dánartala sé líkleg til að leiða til sjálfbærar nýtingar.
 - b) Hermireikningum er beitt til að fá mat á markgildi F_{proxy} .
 - c) Skilgreint er tímabil þar sem F_{proxy} er stöðugt. Ef vísitalan var stöðug/vaxandi er meðaltal F_{proxy} á tímabilinu skilgreint sem markgildið.
- 3) Ef markgildi F_{proxy} er talið samræmast varúðarnálgun er engin frekari lækkun sett á það. Annars er það lækkað um 20% eða meira ef þörf þykir.
- 4) Ráðgjöfin er fengin með því að margfalda markgildi F_{proxy} með nýjasta gildi vísitölnunnar. Ef sú ráðgjöf leiðir til meira en 20% breytingar í ráðgjöf miðað við síðasta ár þá er ráðgjöfin skorðuð við 20% breytingu. Þegar ráðgjafarreglan er notuð í fyrsta sinn er breyting í ráðgjöf milli ára ekki skorðuð m.t.t. fyrri ráðgjafar.

Þessi ráðgjafaregla er ein af ráðgjafarreglum ICES fyrir stofna þar sem ekki er hægt að beita aldurs-aflagreiningu en um eru til vísitölur úr stofnmælingum sem taldar eru gefa mynd af breytingum á stofnstærð (*Category 3 stocks*; [ICES 2012](#)).

STOFNAR ÞAR SEM MJÖG TAKMARKAÐAR UPPLÝSINGAR ERU TIL STAÐAR (FLOKKUR 3)

Í þeim tilfellum þar sem stofnmælingar ná ekki yfir allt útbreiðsluvæði stofns, eða þær eru ekki taldar sýna raunverulegar breytingar á stofnstærð, þá byggir Hafrannsóknastofnun ráðgjöf sína á aflasögu. Nálgunin er að miða við meðalafla á tilteknu tímabili og miða ráðgjöf við 20% lækkun þess afla. Þessi ráðgjöf gildir þar til upplýsingar koma fram sem sýna breytingar á stofnstærð.

Þessi nálgun er ein af ráðgjafarreglum ICES fyrir stofna þar sem mjög lítil gögn eru til staðar (*Category 6 stocks*; [ICES 2012](#)).

HEIMILDIR

ICES. 2012. Implementation of Advice for Data-limited Stocks in 2012 in its 2012 Advice. ICES CM 2012/ACOM 68.

(<http://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Expert%20Group%20Report/acom/2012/ADHOC/DLS%20Guidance%20Report%20012.pdf>)

ICES. 2016. ICES Advice 2016, Book 1. 1.2 Advice basis

(http://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Advice/2016/2016/Introduction_to_advice_2016.pdf)

UN. 1995. United Nations Conference on Straddling Fish Stocks and Highly Migratory Fish Stocks.

(http://www.un.org/Depts/los/convention_agreements/convention_overview_fish_stocks.htm.)

VISTKERFI SJÁVAR OG ÁHRIFAPÆTTIR

ECOSYSTEM OVERVIEW*


SKILGREINING Á VISTKERFINU INNAN ÍSLENSKU LÖGSÖGUNNAR

Á hafsvæðinu umhverfis Ísland mætast Mið-Atlantshafshryggurinn og Grænlands-Skotlandshryggurinn skammt sunnan við heimsskautsbaug. Hafsvæðin utan við landgrunnið og uppi á því verða öll fyrir sterkum hafrænum áhrifum.

Svæðinu má skipta í fjögur lykilsvæði (mynd 1) sem eru afmörkuð á grundvelli mismunandi botngerðar, sjógerðar og tegundasamsetningar (Ástþór Gíslason og Ólafur S. Ástþórsson 2004):

- 1 Landgrunnið sunnan og vestan Íslands (að mestu grynna en 500 m). Að mestu blanda strand- og Atlantssjávar.
- 2 Landgrunnið norðan og austan Íslands (að mestu grynna en 500 m). Að mestu blanda strand-, Atlants- og svalsjávar.
- 3 Suðurdjúp: Utan við landgrunnsbrúnina sunnan og vestan Íslands (að mestu dýpra en 500 m). Aðallega Atlantssjór.
- 4 Norðurdjúp: Utan við landgrunnsbrúnina norðan og austan við Ísland (að mestu dýpra en 500 m). Aðallega svalsjór.

Veiðum á svæðinu er að mestu stjórnað af íslenskum stjórnvöldum, en sumir stofnar eru undir stjórn NEAFC og í samræmi við samninga strandríkja. Stefnumörkun í umhverfismálum er á hendi íslenska ríkisins og stofnanna þess og OSPAR. Ýmsar ríkisstofnanir, OSPAR og ICES veita ráðgjöf.



Mynd 1: Íslenska hafsvæðið og skipting þess (sjá nánari lýsingu í texta).
Figure 1: The Icelandic ecoregion and subareas.

* An English version of the ecosystem overview will be released by ICES in autumn 2016.

HELSTU BREYTINGAR Í VISTKERFINU Á UNANFÖRNUM ÁRUM


- Breytileg staðsetning skila á milli fremur fersks svalsjávar af heimskautauppruna og hlýrri og saltari Atlants-sjávar veldur því að staðbundin skilyrði geta verið breytileg, einkum á norðurhluta landgrunnins. Síðustu tvo áratugi hefur Atlantssjór verið ráðandi gagnstætt því sem gildi í þrjú áratugi þar á undan.
- Lífmassi dýrasvífs á landgrunninu hefur sveiflast umtalsvert síðustu áratugi, en án ákveðinnar leitni í tíma. Frá 2010 hefur lífmassi rauðátu að vori á landgrunninu norðan lands verið minni en meðaltal árána 1960–2014. Á hafsvæðinu utan landgrunnins suðvestan, sunnan og suðaustan við Ísland hefur magn ljósátu farið minnkandi síðustu 50 ár, sem hefur aðallega verið tengt við breytileika í frumframleiðni og tímasetningu þörungablóma á vorin (Teresa da Silva Giesta o.fl. 2014).
- Frá byrjun 21. aldar hefur fæðuslóð makrís breiðst út frá Noregshafi á Íslandsmið, á sama tíma og sumarvæðing loðnu hefur færst í vestur frá Íslandhafi upp að landgrunnskantinum við Austur-Grænland (Ólafur S. Ástþórsson o.fl. 2012, Guðmundur J. Óskarsson o.fl. 2016)). Frá aldamótum hefur norsk-íslensk síld fundist í auknum mæli á hefðbundinni fæðuslóð austan og norðan Íslands. Þessar miklu breytingar í göngumynstri uppsjávarstofna hafa verið tengdar við breytilegt fæðuframboð, skilyrði í hafinu og ástand stofna.
- Hækkandi hitastig vestan- og norðanvert á íslenska landgrunninu hefur leitt til breytinga á útbreiðslu margra botnfisktegunda. Tegundir sem hafa verið við nyrðri mörk útbreiðslu sinnar á Íslandsmiðum og yfirleitt haldið sig í hlýja sjónum sunnan og vestan við landið, t.d. ýsa, skötuselur langa, keila, sandkoli og langlúra, hafa stækkað útbreiðslusvæði sitt réttis í norður og austur eftir landgrunninu, og í sumum tilfellum hefur útbreiðslusvæðið flust til (Ólafur S. Ástþórsson o.fl. 2007, Héðinn Valdimarsson o.fl. 2012). Stofnstærð og útbreiðsla ýmissa kaldsjávartegunda hefur minnkað í kjölfar hlýnunar. Áður sjaldgæfir suðrænir flækningar hafa fundist í auknum mæli á svæðinu á undanförunum árum.
- Stofnar rækju hrundu nálægt síðustu aldamótum og eru aukið af frá af völdum þorsks, hækkandi hitastig og veiðar taldir hafa verið helstu áhrifavaldar.
- Bætt stjórnun veiða á helstu nytjastofnum (þorski, ýsu, ufsa, karfa og síld) hefur stuðlað að lækkun fiskveiðidauða, sem nú nálgast kjörsókn (F_{MSY}), og stækkun hrygningarstofns (SSB).
- Hrefnum á íslenska landgrunninu hefur fækkað á undanförunum árum. Breytingin hefur verið tengd breyttri útbreiðslu fremur en minnkandi stofnstærð. Stofnstærð annarra skíðishvala, sérstaklega langreyðar og hnúfubaks, hefur aukist undanfarin 20–30 ár (Gísli Víkingsson o.fl. 2015).
- Síðustu áratugi hefur varp margra sjófuglategunda sunnan og vestan lands skilað slökum árangri, og verpandi þörum hefur farið fækkandi. Þessi þróun gæti stafað af breytingum í þéttleika, samsetningu og útbreiðslu fiskbráðar, einkum sandsílis.

ÁLAG AF VÖLDUM MANNSINS

Flestar athafnir mannsins valda einhverju álagi (*pressure*) á umhverfið. Eðli málsins samkvæmt er mjög mismunandi hversu mikil áhrif álagið hefur, sem og hversu varanleg þau eru. Sem dæmi má nefna að veiðarfæri sem snerta botn geta valdið miklum skaða á kóralsvæðum en sama veiðarfæri veldur litlum sem engum skaða á sandbotni. Hér að neðan er fjallað um þá álagsþætti sem talið er að hafi mest áhrif á vistkerfi sjávar hér við land en þeir eru: 1) Brottnám tegunda, 2) Skark á botni, 3) Rót á botnseti, 4) Þróun strandsvæða og 5) Aðrir álagsvaldar.

BROTTRNÁM TEGUNDA

Veiðar eru þær athafnir sem hafa mest að segja um brottnám lífmassa úr vistkerfinu. Meginhluti veiðanna, bæði uppsjávar og við botn, fer fram á innan við 500 m dýpi. Sókn með botnvörpu, línu, netum, hringnót og dragnót hefur farið minnkandi síðastliðinn áratug, en sókn með flotvörpu og handfærum hefur aukist (mynd 2).




Mynd 2. Tímaraðir sóknar með helstu veiðarfærum frá 1990 byggt á afladagbókum fiskiskipa.
Figure 2. Temporal trends in effort by gear type since 1990 based on fishing vessel logbooks.

ÁHRIF Á NYTJASTOFNA


Við mat á stofnstærð helstu nytjastofna má í stuttu máli segja að þorskfiskar ásamt fáeinum öðrum stofnum séu metnir með tölfræðilegum líkönum, en mat á ástandi flatfiskastofna er að mestu byggt á vísitölum úr stofnmælingum. Veiðiálag (veiðidánartala og/eða veiðihlutfall) á stofna sem eru metnir með líkanagreiningu og hafa skilgreind gátmörk hefur minnkað undanfarin ár og er nú við kjörsókn (F_{MSY} eða HR_{MSY}) og stærð hrygningarstofns er í öllum tilfellum yfir aðgerðarmörkum ($B_{trigger}$) (mynd 3).

Fyrir stofna þar sem gögn eru takmörkuð (þ.e. þá sem ekki eru metnir með stofnlíkani) má kanna þróun stofnstærðar og veiðiálag með því að skoða vísitölur úr stofnmælingum og veiðihlutfall (F_{proxy}). Veiðihlutfall er metið með því að deila stofnvísitölu upp í afla ($F_{proxy} = \text{afla} / \text{lífmassavísitala}$).

Almennt má segja að þróun F_{proxy} þorskfiska og ýmissa „annarra tegunda“ (gullkarfa, keilu, löngu og steinbíts) sýni svipaða þróun og sýnd er á mynd 4, þ.e. að F_{proxy} er nú lágt og lífmassavísitölurnar eru tvöfalt til þrefalt hærra en lægstu gildi sem sést hafa. F_{proxy} flatfiskastofna lækkaði á árabílinu 1995–2000, sem stafaði aðallega af því að beinni sókn í sandkóla var þá að mestu leyti hætt. Lífmassavísitölur flatfiskanna eru nú að meðaltali nálægt því tvisvar sinnum hærra en lægstu gildi.



Mynd 3. Hlutfallslegt veiðiálag (F/F_{MSY} eða HR/HR_{MSY}) og hlutfallslegur hrygningarstofn ($SSB/B_{trigger}$) fyrir helstu tegundir á Íslandsmiðum.
Figure 3. Relative fishing mortality (F to F_{MSY} or HR to HR_{MSY}) and SSB (SSB to $B_{trigger}$) for the main stocks in Iceland.



Mynd 4. Þróun F_{proxy} (afl/lífmassavísitala) og lífmassavísitala úr stofnmælingum, í hlutfalli við lægstu gildi sem sést hafa. ATH að línur sem sýna meðaltöl eru líka staðlaðar við lægsta gildi hvers meðaltals.
Figure 4. Trends in F_{proxy} (catch/biomass index) and survey biomass index, relative to lowest values observed. Note that average lines are also standardized relative to their respective lowest values.

ÁHRIF Á STOFNA Í HÆTTU OG Á UNDAHLDI

Fáar tegundir virðast hafa orðið fyrir alvarlega neikvæðum áhrifum af veiðum á íslenska hafsvæðinu. Ein tegund sem þó er vert að geta er lúða. Lífmassavísitala lúðu úr stofnmælingum lækkaði frá 1985–1995 og hefur verið lág síðan þó að lítils háttar aukning hafi sést árin 2015 og 2016. Árið 2012 voru beinar lúðuveiðar bannaðar, gert var skylt að sleppa lífvænlegri lúðu og sett á löndunarbann, þ.a. aflaverðmæti lúðu sem óhjákvæmilegt er að landa rennur í sjóð sem verja skal til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs.

Nokkrar tegundir sem eru á lista OSPAR yfir tegundir í hættu eða á undanhaldi, eru þekktar meðafategundir við veiðar við Ísland. Litlu er landað af þessum tegundum og almennt er lítið vitað um áhrif veiðanna á þær. Líffræði- og upplýsingum um þær er aðallega safnað í árlegum stofnmælingaleiðöngurum Hafrannsóknastofnunar.

ÁHRIF Á SJÓFUGLA OG SJÁVARSPENDÝR


Þekkt er að sjófuglar og sjávarspendýr veiðast sem meðafli í netaveiðum, sérstaklega í Breiðafirði og fyrir norðan land. Hnísa er algengust sjávarspendýra í meðafli, en einnig eru selir algengir, sérstaklega í grásleppunet. Á meðal sjófugla er algengast að fýll, langvía, súla, teista og æðarfugl hafni í veiðarfærum. Meðafli í þorskanet hefur minnkað samhliða minnkandi netasókn á tímabilinu, og hefur mat á árlegum meðafli hnísu lækkað úr 7300 dýrum árið 2003 niður í 900 dýr árið 2015. Mat á meðafli hnísu árið 2015 er 0,53% af síðasta stofnmæti hnísu, sem byggir á flugtalningu á landgrunni Íslands sem framkvæmd var árið 2007. Meðafli landsels og útsels er hlutfallslega hár, en árið 2015 var meðafli landsels 2.3–4.4% af síðasta stofnmæti, og meðafli útsels 7.3–10.7% af síðasta stofnmæti. Einnig er hlutfallslega hár meðafli úr minni sjófuglastofnum eins og teistu nokkuð áhyggjuefni.

SKARK Á BOTNI

Með skarki eða svörfun er átt við áhrif á undirlag neðan við yfirborð sjávarbotns án þess þó að efni séu fjarlægð. Mestur hluti svörfunar á svæðinu stafar af veiðarfærum sem eru dregin yfir botn og er beint að botnfiskum, rækju og humri. Annað sem veldur tilfallandi skarki á afmörkuðum svæðum er t.d. lagning síma- og raflína á sjávarbotni, þegar akkerum er kastað og stjórar staðbundinna veiðarfæra (t.d. línu og neta) lagðir á botn.


Greining veiðidagbóka fiskiskipa leiðir í ljós að veiðislóð dreginna botnveiðarfæra náði yfir um 79 þús. ferkílómetra árið 2013, eða nálægt 10% af íslensku lögsögunni. Botnvörpusókn eftir fiski og rækju hefur dregist saman um 40% frá 2000–2014 á meðan sókn með humarvörpu hefur staðið í stað. Sóknarsamdrátturinn hefur verið breytilegur eftir svæðum og hefur sóknin minnkað mest á sunnanverðu landgrunninu og á hefðbundinni rækjulslóð á landgrunninu úti fyrir Norðurlandi (myndir 5 og 6).

Skark af völdum dreginna veiðarfæra getur haft áhrif á gerð botnsamfélaga á landgrunninu og á dýpra vatni. Stærðargráða skarkáhrifa á botninn er háð gerð botnveiðarfæra og viðnámsþrótti búsvæða. Skark af völdum botnvörpuveiða hefur sérstaklega haft áhrif á viðkvæmar lífmyndanir (t.d. svampa og kóralla) og aðallega á djúpu vatni (> 200 m dýpi) en áhrif á mjúkum botni á grunnslóð eru talin lítil (Stefán Á. Ragnarsson og M. Lindegarth 2009). Önnur áhrif veiðanna eru viðsnúningur hnullunga, skrap hafsbotsins og skemmdir á dýralífinu á og yfir botninum.



Mynd 5. Árleg sókn með botnvörpu (þús. kW dagar) byggt á veiðdagbókum togskipa sem sækja í a) botnfiska, b) humar og c) rækju á íslenska hafsvæðinu árin 1994–2015.

Figure 5. Annual total bottom-trawl fishing effort (1000 kW days) based on logbooks from trawl fishery targeting a) demersal fish, b) Norway lobster and c) shrimp in the Icelandic ecoregion in 1994–2015.



Mynd 6. Dreifing sóknar með botnvörpu byggt á veiðdagbókum togskipa sem sækja í botnfisk, rækju og humar.

Figure 6. Spatial distribution of bottom-trawl effort based on logbooks from the trawl fishery targeting demersal fish, shrimp and Norway lobster.

RÓT Á BOTNSETI

Þær athafnir manna sem stuðla að róti/færslu á botnseti á íslenska hafsvæðinu eru fiskveiðar, dýpkunarframkvæmdir, efnistaka bæði á dauðu (t.d. malarnám) og lifandi efni (t.d. vinnsla kalkþörungum), efnislosun (t.d. eftir dýpkunarframkvæmdir), lagning á leiðslum, og ýmis verkefni tengd þróun strandsvæða, t.d. fiskeldi og landfyllingar. Á árinu 2013 var tilkynnt um að í dýpkunarframkvæmdum hefðu alls 203 046 tonn af efni verið flutt til og 40 138 tonn af efni losað á svæðinu (OSPAR 2015).

Á svæðinu eru fiskveiðar með dregnum botnveiðarfærum líklegar til að stuðla að því að set þyrlist upp og getur það síðan sest á botnlífverur og drepíð. Gögn vantar til að hægt sé að leggja mat á þessi áhrif, en líklega hefur dregið úr þeim undanfarna tvo áratugi samhliða sóknarminnkun.

ÞRÓUN STRANDSVÆÐA

Samanborið við flest önnur sjávarvistkerfi Evrópu eru umsvif manna á íslenskum strandsvæðum lítil og mesta álagið stafar af fiskveiðum. Hins vegar hefur álag af völdum ýmis konar starfsemi á strandsvæðum farið vaxandi, sérstaklega vestan lands. Einstök framkvæmd hefur sjaldan marktæk neikvæð áhrif á strandsvæðið, en þegar hinar ýmsu framkvæmdir eru teknar saman geta þær valdið uppsöfnuðum staðbundnum áhrifum. Hér er allt álag sem getur haft áhrif á umhverfið við ströndina tekið saman og kallað „þróun strandsvæða“.

Álag sem veldur því að undirlag hafsbots neðan fjöruborðs og í fjörðum raskast getur stafað af ýmis konar strandsvæðaþróun, t.d. landfyllingum vegna varnargarða, vegagerð, hafnargerð, malarnámi og fjarðaþverunum með brúm og vegum á uppfyllingum.

Þar sem dreifing búsetu 330 þús. manna þjóðar er hnappkennd verða þessi áhrif lítil og staðbundin samanborið við flest önnur svæði. Fiskeldi í sjó er lítil atvinnugrein með ársframleiðslu innan við 20 þús. tonn, aðallega af laxfiskum. Hins vegar er vaxandi áhugi á fiskeldi og áform eru uppi um talsverða aukningu umsvifa í fjörðunum vestan og austan lands. Aukin umferð ferðamanna um strandsvæðin vegna skoðanaferða, hvalaskoðunar og sjóstangveiða gæti aukið álagið á vissum svæðum.

AÐRIR ÁLAGSVALDAR

Þegar rætt er um aðra álagsvalda er átt við samansafn af ýmis konar álagi sem vitað er eða grunur leikur á að hafi áhrif á vistkerfi sjávar við Ísland.

Hafrannsóknastofnun hefur fylgst reglubundið sýrustigi sjávar á tveimur langtímastöðvum frá því 1983. Gögnin sýna að sjórinn norðan Íslands súrnar hratt og sýrustig yfirborðssjávar lækkar að jafnaði um 0,0024 árlega. Það er 50% hraðari lækkun sýrustigs en í heittempruðum hluta Atlantshafsins. Í dýpri lögum sjávar (> 1500 m dýpi) nemur lækkun sýrustigs um fjórðungi af lækkun í yfirborðslögum. Tilraunir hafa sýnt að afkoma, kalkmyndun, vöxtur, þróun og stofnstærð geta orðið fyrir neikvæðum áhrifum af súrnun sjávar, en viðbrögðin geta verið mjög mismunandi eftir því um hvaða lífstig og hvaða tegundir er að ræða, og eftir umhverfisskilyrðum, þ.m.t. fæðuframboði ([ICES 2014](#), Kroeker o.fl. 2013).

Næringarefni sem berast til sjávar við Ísland teljast ekki alvarlegur álagsvaldur vegna takmarkaðs landbúnaður og fólksfæðar. Styrkur þungmálma og þrávirkra lífrænna efna hefur mælst lágur og fer lækkandi fyrir flest mengandi efni. Samkvæmt OSPAR er mengun þungmálma á íslenska hafsvæðinu (svæði I) langt undir skilgreindum hættumörkum (OSPAR 2015).

Eftirlit með plastmengun í hafinu við Ísland hófst nýlega og samanborið við önnur svæði er plast í hafinu ekki talið verulegur álagsvaldur. Plastmengun við Ísland er að mestu tilkomin vegna fiskveiða (net, línur, garn úr gerviefnum o.þ.h.).

Umferð skipa á íslensku hafsvæði er umtalsverð, mest flutninga- og fiskiskip og nú síðari ár einnig farþegaskip. Til þess að draga úr áhættu af völdum skipaumferðar á vistfræðilega viðkvæmum svæðum (hættu á að skip sökki eða strandi, sleppi út olíu eða kjölvatni) hafa skipleiðir verið færðar lengra út frá ströndinni.

HELSTU HLUTAR VISTKERFISINS

BÚSVÆÐI Á BOTNI

Búsvæði á botni innan íslenska hafsvæðisins eru mjög fjölbreytileg. Mismunandi skilyrði í hafinu norðan og sunnan Íslands hafa mikil áhrif á dreifingarmynstur búsvæða við botn og Grænlands-Skotlandshryggurinn virkar sem tálmi á útbreiðslu tegunda. Megin botngerðir í kringum Ísland eru leir, mól og hraun.

SVIFÞÖRUNGAR

Breytileiki í vexti og framleiðslu svifþörungum stafar að mestu af staðbundnum umhverfisskilyrðum en ekki vegna stærri umhverfisfyrirbrigða á við Norður-Atlantshafssveifluna (NAO). Þessar breytingar hafa svo áhrif á beitarskilyrði dýrasvifs og kolefnisflæði upp fæðukeðjuna. Frumframleiðni yfir íslenska landgrunninu er mikil ($150\text{--}300\text{ g C m}^{-2}\text{y}^{-1}$) og er mest suðvestan við Ísland. Þörungablóminn kviknar á vorin á tímabilinu frá miðjum apríl fram í miðjan maí. Leitni í þá átt að blómgunin hefjist seinna á árinu hefur sést frá því árið 2006. Aukið innflæði Atlantssjávar á Norðarmið veldur aukinni frumframleiðni. Kísilþörungur eru yfirgnæfandi í vorblóma svifþörungum yfir íslenska landgrunninu. Magn svipuþörungum eykst eftir hámark vorblómans en kísilþörungur halda áfram velli. Á haustin er yfirleitt annar blómi kísil- og svipuþörungum. Sum vorin verður þörungurinn *Phaeocystis pouchetii* („pymnesíófýttinn“) yfirgnæfandi í svifinu norðan Íslands.

DÝRASVIF

Rauðátan er yfirleitt ráðandi í fjölda og lífmassa dýrasvifs, en samfélagsgerðin er engu að síður mismunandi sunnan og norðan Íslands, aðallega vegna mismunar í hita og seltu sjávar. Á meðal stærri tegunda dýrasvifs er ljósáta ráðandi yfir landgrunnsbrúninni fyrir sunnan og vestan og á úthafsvæðum allt í kring um Ísland. Á hafsvæðinu norðan við Ísland eru sviflægar marflær einnig algengar (Ástþór Gíslason o.fl. 2009, 2014).

Á vorin er lífmassi dýrasvifs í efri lögum sjávar (0–50 m) yfirleitt á bilinu 1–10 g þurrvigt m^{-2} (að meðaltali um 2–4 g). Lífmassi dýrasvifs er yfirleitt fremur mikill á landgrunninu utan við suður og vesturströndina og á úthafsvæðinu norðan og austan við Ísland þar sem pólarhrifa gætir. Stórar norrænar tegundir finnast einnig á úthafsvæðum í Irmingerhafi og Austurdjúpi.

FISKAR

Á Íslandsmiðum eru fjölmargar tegundir lífvera, en einungis um 25 nytjategundir fiska og hryggleysingja. Helstu botnfiskar eru þorskur, ýsa, ufsi, gullkarfi, grálúða og ýmsir aðrir flatfiskar, steinbítur, keila og langa. Helstar uppsjávartegunda eru loðna, sumargotssíld, norsk-íslensk vorgotssíld og makrill. Flestar fisktegundir hrygna í hlýjum Atlantssjó við suður- og suðvesturströndina. Fisklirfur og seiði rekur vestur og norður frá hrygningarstöðvunum á uppvaxtarlóð á landgrunninu norðvestur, norður og austur af Íslandi, þar sem þau alast upp í blöndu Atlants- og svalsjávar.

FÆÐUVEFURINN Í HAFINU

Fæðuvefurinn á íslenska hafsvæðinu einkennist af mikilli frumframleiðni. Loðna er lykiltegund og vegna lífshlaups hennar og göngumynsturs flytur hún mikla orku inn á svæðið. Loðna étur aðallega rauðátu og ljósátu og er mikilvæg fæða margra tegunda, þ.á.m. þorsks, ýsu, ufsa, grálúðu, sjófugla og sjávarspendýra. Af annarri bráð nytjafiska má nefna rækju og sandsíli.

Áætlað hefur verið að hvalir éti árlega um 6.3 milljónir tonna af fiskum, smokkfiskum og krabbadýrum (Jóhann Sigurjónsson og Gísli Víkingsson 1997). Meðal þess sem getur haft áhrif á fæðuvefinn eru umhverfisbreytingar, sem snerta alla hlekki fæðukeðjunnar, loðnuveiðar, aukinn fjöldi stórra skíðishvala og aukin makrílgengd. Ólíkt loðnu, kemur makrill á Íslandsmið í fæðuöflun og fjarlægir því orku úr vistkerfinu (Guðmundur J. Óskarsson o.fl. 2016).

SJÓFUGLAR

Tuttugu og tvær tegundir sjófugla (30–50 milljónir einstaklinga) finnast á svæðinu, sumar hverjar uppistaðan í heildarfjölda í stofnum viðkomandi tegunda í N-Atlantshafi. Át sex algengra sjófuglategunda að sumri hefur verið áætlað 171 þús. tonn af loðnu, 184 þús. tonn af sandsíli og 24 þús. tonn af ljósátu (Kristján Lillendahl og Jón Sólmundsson 1997). Fækkað hefur í stofni varpfugla helstu tegunda, stuttnefju um 43%, langvíu um 30% og álku um 18% á milli árána 1985 og 2008, og á sama tíma hefur fyl fækkað um 35%, ritu um 12% (Arnþór Garðarsson o.fl. 2011, 2013) og toppskarfi um 31% (Arnþór Garðarsson og Ævar Petersen 2009). Minnkandi fæðuframboð er talin líklegasta skýringin á þessari fækkun. Fækkun hefur orðið á lunda sunnan Íslands, að líkindum einnig vegna minnkandi fæðuframboðs (Kristján Lillendahl o.fl. 2013, Erpur Snær Hansen 2015). Fjórar aðrar tegundir sýna ekki fækkun fyrr en nýlega eða enga breytingu (Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn H. Skarphéðinsson 2012).

SJÁVARSPENDÝR

Stofnstærð útsels og landsels, hefur farið stöðugt minnkandi frá árinu 1980, aðallega af völdum veiða. Að minnsta kosti 12 hvalategundir koma reglulega á Íslandsmið. Stofnstærð langreyða og hnúfubaka hefur farið vaxandi undanfarna 2–3 áratugi. Hrefnu hefur fækkað á íslenska landgrunninu undanfarin ár. Vægi hvalanna er mikið í vistkerfinu, og áætlað er að þeir éti um 6 milljónir tonna af krabbadýrum (aðallega ljósátu), smokkfiskum og fiskum árlega (Jóhann Sigurjónsson og Gísli Víkingsson 1997). Samkvæmt þessari áætlun er fiskát hvala af sömu stærðargráðu og heildarafli íslenska fiskiskipafloðans. Þeir geta þannig haft umtalsverð áhrif á framleiðslugetu nytjastofna (Gunnar Stefánsson o.fl. 1997).

ÁGENGAR TEGUNDIR

Á Íslandsmiðum hafa verið skráðar 14 framandi tegundir síðustu sex áratugi, þar af níu á síðasta áratugi. Um fjölbreytt safn tegunda er að ræða með fulltrúum úr hópum plöntusvifs, stórþörunga, krabbadýra, samloka, möttuldýra og fiska. Fjórar þessara tegunda (sagbang, grjótkrabbí, sandrækja og flundra) geta talist ágengar eða hætt er við því að þær verði það, þar sem þær hafa gjarnan neikvæð áhrif á ný svæði sem þær setjast að á (Karl Gunnarsson o.fl. 2014). Þessar tegundir hafa að öllum líkindum verið fluttar á Íslandsmið, t.d. sloppið út með kjölvatni skipa, enda hafa flestar þeirra verið skráðar fyrst úti fyrir Suðvesturlandi þar sem ferðir flutningarskipa eru tíðastar. Hækkandi hitastig á Íslandsmiðum síðustu tvo áratugi hefur valdið því að fjölbreyttara safn landnemattegunda getur sest að á svæðinu.

HEIMILDIR

Arnþór Garðarsson og Ævar Petersen 2009. Íslenski toppskarfsstofninn. Bliki 30:9-25.

Arnþór Garðarsson, Guðmundur A. Guðmundsson og Kristján Lillendahl 2011. Fýlabyggðir fyrr og nú. Bliki 31:1-10.

Arnþór Garðarsson, Guðmundur A. Guðmundsson og Kristján Lillendahl 2013. Framvinda íslenskra ritubyggða. Bliki 32:1-10.

Ástþór Gíslason, Hildur Pétursdóttir og Kristinn Guðmundsson 2014. Long-term changes in abundance of *Calanus finmarchicus* south and north of Iceland in relation to environmental conditions and regional diversity in spring 1990–2013. ICES J. mar. Sci. 71:2539–2549, doi:10.1093/icesjms/fsu098.

Ástþór Gíslason, Hildur Pétursdóttir, Ólafur S. Ástþórsson, Kristinn Guðmundsson og Héðinn Valdimarsson 2009. Inter-annual variability in abundance and community structure of zooplankton south and north of Iceland in relation to environmental conditions in spring 1990-2007. Journal of Plankton Research, 31: 541–551.

- Ástþór Gíslason og Ólafur S. Ástþórsson 2004. Distribution patterns of zooplankton communities around Iceland in spring. *Sarsia* 89:467-477.
- Erpur S. Hansen 2015. Lundarannsóknir 2014. Vöktun viðkomu, fæðu, líftala og könnun vetrarstöðva. Lokaskýrsla til umhverfisráðherra. Náttúrustofa Suðurlands.
- Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn H. Skarphéðinsson 2012. Vöktun íslenskra fuglastofna: Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun. Náttúrufræðistofnun, NÍ-12010, 63 p.
- Guðmundur J. Óskarsson, Ásta Guðmundsdóttir, Sveinn Sveinbjörnsson og Þorsteinn Sigurðsson 2016. Feeding ecology of mackerel and dietary overlap with herring in Icelandic waters. *Marine Biology Research*.
- Gunnar Stefánsson, Jóhann Sigurjónsson og Gísli Víkingsson, G. 1997. On dynamic interactions between some fish resources and cetaceans off Iceland based on a simulation model. *J. Northw. Atl. Fish. Sci.* Vol. 22: 357–370.
- Héðinn Valdimarsson, Ólafur S. Ástþórsson og Jónbjörn Pálsson 2012. Hydrographic variability in Icelandic waters during recent decades and related changes in distribution of some fish species. *ICES J. mar. Sci.* doi:10.1093/icesjms/fss027.
- [ICES 2014. Final Report to OSPAR of the Joint OSPAR/ICES Ocean Acidification Study Group \(SGOA\). ICES CM 2014/ACOM:67](#)
- Karl Gunnarsson, Guðrún Þórarinsdóttir, Óskar S. Gíslason 2014. Ágengir landnemar í sjó. *Sjávarafli* 3. tbl. 50-51.
- Kristján Lilliendahl og Jón Sólmundsson 1997. An estimate of summer food consumption of six seabird species in Iceland. *ICES Journal of marine Science*, 54:624-630.
- Kristján Lilliendahl, Erpur S. Hansen, Valur Bogason, Marínó Sigursteinsson, Margrét L. Magnúsdóttir, Páll M. Jónsson, Hálf dán H. Helgason, Gísli J. Óskarsson, Pálmi F. Óskarsson, Óskar J. Sigurðsson 2013. Viðkomubrestur lunda og sandsílis við Vestmannaeyjar. *Náttúrufræðingurinn*, 83 (1–2), bls. 65–79.
- Kroeker, K.J., Kordas, R.L. Crim R., Hendriks, I.E., Ramajo, L. Singh, R., Duarte C.M. and Gattuso J-P. 2013. Impacts of ocean acidification on marine organisms: quantifying sensitivities and interaction with warming. *Global change biology*. 19: 1884–1896.
- Ólafur S. Ástþórsson, Héðinn Valdimarsson, Ásta Guðmundsdóttir og Guðmundur J. Óskarsson 2012. Climate-related variations in the occurrence and distribution of mackerel (*Scomber scombrus*) in Icelandic waters. *ICES Journal of Marine Science*. 69: 1289–1297.
- Ólafur S. Ástþórsson, Ástþór Gíslason og Steingrímur Jónsson 2007. Climate variability and the Icelandic marine ecosystem. *Deep-Sea Research II* 54 (2007) 2456–2477.
- OSPAR 2015. OSPAR annual report on dumping of wastes or other organic matter at sea in 2013. Biodiversity series. OSPAR commission 2015. <http://www.ospar.org/documents?v=33573>.
- Stefán Á. Ragnarsson og M. Lindegarth. 2009. Testing hypotheses about temporary and persistent effects of otter trawling on infauna: changes in diversity rather than abundance. *Marine Ecology Progress Series*. 385: 51-64
- Teresa da Silva Giesta, Ástþór Gíslason, P. Licandro, Guðrún Marteinsdóttir, A. S. A. Ferreira, Kristinn Guðmundsson og Ólafur S. Ástþórson 2014. Long-term changes of euphausiids in shelf and oceanic habitats southwest, south and southeast of Iceland. *Journal of Plankton Research*, 36: 1262–1278.


FISKVEIÐAR Á ÍSLANDSMIÐUM

FISHERIES OVERVIEW


FISKISKIPAFLOTINN OG AFLI – FISHING FLEET AND CATCHES

Íslenski fiskveiðiflotinn er mjög fjölbreyttur, allt frá því að vera litlar trillur með einum á, í að vera fullvinnsluskip með tugi manna í áhöfn. Tæplega 1700 íslensk skip og bátar stunduðu veiðar árið 2015 og lönduðu samtals tæplega 1.3 milljónum tonna af fiski, sem er tæplega 200 þús. tonnum meiri heildarafli en árið 2014 (myndir 7 og 8). Af þessum afla voru um 825 þús. tonn uppsjávarfiskur (loðna, síld, kolmunn, makrill) sem er 200 þús. tonnum meira en árið 2014.

The Icelandic fishing fleet is diverse, ranging from small boats with a crew of one person to factory trawlers with a crew of 20 or more. Around 1700 Icelandic boats and ships participated in the fishery in 2015 and total catches amounted to almost 1.3 million tonnes which is almost 200 thous. tonnes more catch than in 2014 (Figures 7 and 8). Pelagic catches amounted to 825 thous. tonnes or around 63% of the total catch. This is an increase of more than 200 thous. tonnes of pelagic catches compared to 2014.



Mynd 7. Afli íslenska fiskveiðiflotans, skipt eftir helstu tegundum og tegundahópum botnfiska og hryggleysingja.
Figure 7. Catches of the Icelandic fisheries divided by main groups of demersal fish and invertebrates.



Mynd 8. Afli íslenska fiskveiðiflotans á Íslandsmiðum, skipt eftir helstu tegundum uppsjávarfisks.
Figure 8. Catches of the Icelandic fisheries divided by main species of pelagic fish.


SÓKN EFTIR VEIÐARFÆRUM – EFFORT BY GEAR TYPE

Við veiðar á botnfiskum (bol- og flatfiskar) eru helstu veiðarfærin botnvarpa, lína, handfæri, net og dragnót. Við veiðar á uppsjávarfiskum (loðna, síld, makrill og kolmunn) er veitt í nót og flotvörpu og úthafskarfi er veiddur í flotvörpu. Mynd 9 sýnir dreifingu veiða eftir gerð veiðarfæra árið 2015.

Fiskiskipafлотinn hefur breyst mikið á undanförunum áratugum vegna tækniþróunar og endurnýjunar þannig að erfitt er að túlka þróun í aflabrögðum yfir löng tímabil. Því hefur mikilvægi aflaskýrslna við mat á ástandi fiskistofna minnkað hin síðari ár og hlutur stofnmælinga aukist við stofnmat. Þó eru aflaskýrslur ávallt hafðar til hliðsjónar og ef misræmi er milli stofnmælinga og aflagagna er reynt að skýra í hverju sá munur er fólgin.

In the groundfish fishery (roundfish and flatfish) the main gear types are bottom trawl, longline, jiggers, gillnets, and demersal seine. The pelagic fishery (capelin, herring, mackerel, and blue whiting) uses mainly seine and pelagic trawl, and pelagic redfish is caught in pelagic trawl. Figure 9 shows the spatial distribution of catches by gear type in 2015.

The fishing fleet has changed in recent decades because of technological advances and vessel renewal, making it difficult to interpret changes in catch rates over long periods. For this reason, survey data has become more important for stock assessment than logbook data. Nevertheless, logbook data are always analysed to see if there are large differences between commercial catch rates and survey indices, and every effort made to explain such discrepancies.




Mynd 9. Sókn íslenskra fiskiskipa á Íslandsmiðum árið 2015 sem nota (a) botnvörpu, (b) línu, (c) handfæri, (d) net, (e) dragnót, (f) rækju- og humarvörpur, (g) flotvörpu og (h) nót.

Figure 9. Effort of the Icelandic fishing fleet in Icelandic waters in 2014, using (a) bottom trawl, (b) longline, (c) jiggers, (d) gillnet, (e) demersal seine, (f) shrimp and Nephrops trawls, (g) pelagic trawl, and (h) purse seine.

ÞORSKVEIÐAR – THE COD FISHERY

Veiðisvæði þorsks eru mismunandi eftir því hvaða veiðarfæri eru notuð (mynd 10). Línu- og handfæraveiðar eru mest stundaðar á grunnslóð en botnvörpuveiðar utan hennar. Jafnframt er lengdardreifing þorsks mismunandi eftir því hvaða veiðarfæri eru notuð. Þannig veiðist að jafnaði stærsti þorskurinn í net en smæsti fiskurinn á línu og handfæri. Í botnvörpu er veiddur heldur stærri fiskur en á línu og handfæri.

The fishing grounds for cod vary depending on the gear type used (Figure 10). Longline and jiggers are most common in coastal areas but bottom trawls are used offshore. Furthermore, the length distribution of cod varies by gear. The largest cod are caught in gillnets, while, as a rule, the smallest cod are caught by longline and jiggers. Bottom trawls tend to catch larger fish than longline and jiggers.



Mynd 10. Veiðisvæði þorsks árið 2015 samkvæmt upplýsingum úr aflaskýrslum. Veiðar með (a) botnvörpu, (b) línu og handfærum, (c) netum og (d) dragnót eru sýndar, ásamt (e) lengdardreifingu og (f) hlutfallslegum aflu mismunandi veiðarfæra.

Figure 10. Location of cod catches in 2015 with (a) bottom trawl, (b) longline and jiggers, (c) gillnet and (d) demersal seine, along with (e) length distribution and (f) proportion of catches by fishing gear.

STJÓRNUN VEIÐANNA – MANAGEMENT OF THE FISHERY

Markmið íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins eru að tryggja ábyrgar og sjálfbærar fiskveiðar og stuðla að góðri umgengni um vistkerfi hafsins. Stjórnun fiskveiða á Íslandi byggist á rannsóknum og vöktun á fiskistofnum og vistkerfi hafsins, ákvörðunum um veiðar og afla á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar og virku eftirliti með veiðum og heildarafla. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ákveður leyfilegan heildarafla hvers árs fyrir hverja fisktegund. Í reglugerð ráðuneytisins er kveðið á um leyfilegan heildarafla hvers fiskveiðiárs.


Almennt má segja að fiskveiðistjórnunarkerfið takmarki veiðar helstu nytjastofna við útgefið aflamark og á undanföllum árum hefur aflamark verið ákveðið samkvæmt ráðleggingum Hafrannsóknastofnunar. Ýmsir þættir hafa þó valdið því að í mörgum tegundum hefur afli verið nokkuð umfram aflamark. Í því sambandi ber helst að nefna tegundatilfærslu, færslu veiðiheimilda milli ára, afla í verkefnasjóð, heimildir vegna undirmálsafla, veiðar erlendra skipa í landhelginni og aflaheimildir til rannsókna.

Mynd 11 sýnir hlutfallslegan breytileika í settu aflamarki og afla miðað við ráðgjöf. Fyrir þorsk hefur afli ekki farið meira en 10% fram úr ráðgjöf og settu aflamarki undanfarin 12 fiskveiðiár. Afli annarra tegunda hefur farið mun meira fram úr ráðgjöf og aflamarki. Tvær tegundir skera sig nokkuð úr, langa og keila, en þar hefur afli oft farið meira en 40% fram úr ráðgjöf og settu aflamarki. Ástæðan er sú að við úthlutun aflamarks hafa stjórnvöld ekki tekið tillit til veiða Færeyinga og Norðmanna á þessum tegundum, sem þó eru samkvæmt samningum milli þjóðanna. Hafrannsóknastofnun hefur á undanföllum árum vakið athygli á þessu vandamáli og ítrekar að við útdeilingu aflamarks verði tekið tillit til allra veiða, líka þeirra sem eru utan aflamarkskerfisins.

The objective of the Icelandic fisheries management system is to ensure responsible fisheries that lead to sustainable fish stocks and a healthy marine ecosystem. The management of the fisheries is based on research and monitoring of stocks and the ecosystem, management decisions based on scientific advice and enforcement of laws and regulations on fishing. The Minister of Fisheries and Agriculture sets the TAC for each fishing year for most of the stocks. The Ministry of Industries and Innovation issues regulations on TAC for each fishing year.

On the whole, the management system restricts catches to set TAC, and in recent years the TAC has been set as advised by the MRI. Various factors have led to overshoot in catches compared to set TAC. The main factors are conversion of the quota of one species to that of another, transfers of quota between fishing years, allowance for undersized fish, catches of foreign vessels fishing inside the EEZ, and quota/catches that is used to pay for research.

Figure 11 shows the catch and the set TAC as a proportion of the advice by the MRI. For cod, catches have not exceeded the advice or the set TAC by more than 10% for the last 12 fishing years. In other stocks catches have exceeded the advice and set TAC by more than that. Ling and tusk are extreme cases, as catches have frequently exceeded the advice and the set TAC by more than 40%. The main reason is that when setting the TAC, managers have not taken account of Faroe and Norwegian catches inside the Icelandic EEZ although these catches are taken as part of bilateral agreements between Iceland, the Faroe Islands and Norway. MRI has in recent years raised this issue and re-iterates previous advice that when setting TAC, managers should take account of all fishing for individual stocks, also those that are not part of the ITQ-system.



Mynd 11. Afli og aflamark miðað við ráðgjöf fiskveiðiarín 1991/1992–2014/2015 (í prósentum).

Figure 11. Catch and set TAC relative to advice for the fishing years 1991/1992–2014/2015 (percentages).

ÞORSKUR – COD

Gadus morhua

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við aflareglu íslenskra stjórnvalda að afli fiskveiðiárið 2016/2017 verði ekki meiri en 244 þús. tonn.

MRI advises that when the management plan is applied, catches in the fishing year 2016/2017 should be no more than 244 thous. tonnes.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Hrygningarstofn hefur stækkað á undanförunum árum og hefur ekki verið stærri í fjörutíu ár. Veiðihlutfall hefur lækkað og er það lægsta á stofnmats tímabilinu. Nýliðun hefur verið fremur stöðug síðan 1998 en mun minni en hún var árin 1955–1985. Stækkun stofnsins er því fyrst og fremst afleiðing minnkandi sóknar. Árgangurinn frá 2013 er metinn slakur en árgangar 2014 og 2015 sem koma inn í veiðina 2017 og 2018 eru yfir langtímameðaltali.

Estimated SSB has increased in recent years and has not been larger in 40 years. Harvest rate has declined and is at its lowest value in the assessment period. Recruitment since 1998 is lower than the average recruitment in the period 1955–1985. The increase in SSB is therefore primarily the result of lower harvest rate. The 2013 year class is estimated small but the year classes of 2014 and 2015 that will enter the fishery in 2017 and 2018 are larger than the long-term mean recruitment.



Þorskur. Afli eftir veiðarfærum, nýliðun 3 ára, veiðihlutfall og veiðidánartala, stærð viðmiðunarstofns (4 ára og eldri) og hrygningarstofns.

Cod. Catch by gear type, recruitment at age 3, fishing mortality and harvest rate, reference stock biomass (B4+) and spawning stock biomass (SSB).

STOFNMAT OG GÁTMÖRK – BASIS OF THE ASSESSMENT AND REFERENCE POINTS

Forsendur ráðgjafar <i>Basis of the advice</i>	Aflaregla <i>Management plan</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Aflamark sett sem meðaltal af aflamarki fyrra árs og 20% af viðmiðunarstofni <i>TAC set as the average of last year's TAC and 20% of reference biomass</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Aldurs-afalíkan <i>Age-based model</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Aldursgreindur afli og aldursgreindar fjöldavísitölur úr stofnmælingum (SMB, SMH) <i>Catch in numbers and age disaggregated indices (IS-SMB, IS-SMH)</i>

Nálgun <i>Framework</i>	Gátmörk <i>Reference point</i>	Gildi <i>Value</i>	Grunnur <i>Basis</i>
Aflaregla - MSY nálgun <i>Management plan - MSY approach</i>	MSY $B_{trigger}$	220 000 t	Aðgerðarmörk í aflareglu sem standast MSY viðmið ICES <i>Trigger point in HCR considered consistent with ICES MSY framework</i>
	HR _{MSY}	0.2	Slembireikningar í aflaregluhermun. Prósentu af viðmiðunarstofni <i>Stochastic HCR evaluation. Percentage of age 4+ biomass</i>
Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>	B_{lim}	125 000 t	B_{loss}
	B_{pa}	160 000 t	$B_{pa} = B_{lim} \times \exp(1.645\sigma_B)$; $\sigma_B = 0.15$
	F_{lim}	0.74	Veiðidánartala sem leiðir til þess að hrygningarstofn er yfir B_{lim} með 50% líkum <i>Equilibrium F which will maintain the stock above B_{lim} with a 50% probability</i>
	F_{pa}	0.58	5% líkur á að veiðidánartala sé yfir F_{lim} $F_{pa} = F_{lim} \times \exp(-1.645\sigma_F)$; $\sigma_F = 0.15$ 5% probability that true F is above F_{lim} $F_{pa} = F_{lim} \times \exp(-1.645\sigma_F)$; $\sigma_F = 0.15$

HORFUR – PROSPECTS

Búast má við að viðmiðunarstofninn minnki nokkuð árið 2017 þegar slakur árgangur frá 2013 kemur í veiðistofninn. Ef mat á árgöngum 2014 og 2015 gengur eftir má búast við að stofninn stækki nokkuð frá sem hann er nú.

It is expected that reference biomass will decline in 2017 when the poor 2013 year class recruits to the fishable stock. If year classes 2014 and 2015 meet current estimates it can be expected that the stock will increase in size.

Þorskur. Áhrif á áætlaða stofnstærð (þús. tonn) miðað við veiðar samkvæmt aflareglu.


Cod. Projection of reference biomass and SSB (thous. tonnes) based on adopted harvest control rule.

2016				2017			
Áætl. afli <i>Estim. catches</i>	Viðm. stofn <i>Ref. biomass</i>	Hrygn. stofn <i>SSB</i>	F	Aflamark <i>TAC</i>	F	Viðm. stofn <i>Ref. biomass</i>	Hrygn. stofn <i>SSB</i>
246	1241	464	0.3	244	0.3	1191	482

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF THE ASSESSMENT

Stofnmatið í ár er í samræmi við fyrri ár.

This assessment is considered consistent.




Þorskur. Samanburður á stofnmati árána 2013–2016 (rauð lína: stofnmat 2016).

Cod. Historical assessment results 2013–2016 (red line: assessment 2016).

VEIÐAR – THE FISHERY

Þorskaflí hefur verið 220–230 þús. tonn undanfarin þrjú ár. Hlutdeild línu í aflanum hefur vaxið frá aldamótum en hlutfall neta minnkað. Hlutfallslega er meira af eldri fiski í afla nú miðað við undanfarinn áratug. Afli á sóknareiningu helstu veiðarfæra var hár árið 2015. Erfitt er að tengja það við þróun stofnstærðar m.a. vegna bættrar veiðitækni sem og þess að erfitt er að greina milli beinnar sóknar og sóknar þar sem reynt er að forðast of hátt hlutfall þorsks í veiðinni.



Þorskur. Veiðisvæði árið 2015 (t/sjm²)

Cod. Fishing grounds in 2015 (t/nm²)

Catches of cod have been 220–230 thous. tonnes for the last three years. The proportion of longline in the catch has increased since the year 2000 and the proportion of gillnet

decreased. Older cod is now more common in the commercial catches compared to the previous decade. CPUE was high for the main gear types in 2015. Linking changes in CPUE with changes in stock size is difficult because of technical changes in the fishery. It is also problematic to distinguish between targeted effort and indirect fishing in the logbooks.

Afli 2015 (þús. tonn) Catches 2015 (thous. t)	Botnvarpa Bottom trawl	Lína Longline	Net Gillnets	Dragnót Demersal seine	Handfæri Jiggers
230	45%	35%	8%	6%	6%

VÖXTUR OG KYNÞROSKI – GROWTH AND MATURATION

Meðalþyngd eftir aldri í afla hefur aukist undanfarin ár og var árið 2015 nálægt langtímaeðaltali (1955–2015). Þyngdir 3–9 ára í stofnmælingum árið 2016, sem eru notaðar til að spá um þyngdir í viðmiðunarstofni árið 2016, eru nokkuð lægri en verið hefur síðustu árin. Kynþroski fiska yngri en 10 ára eftir aldri er metinn út frá gögnum úr SMB. Kynþroskahlutfall við 4–6 ára aldur hefur lækkað síðustu 15 ár. Þannig var hlutfall kynþroska 6 ára fisks um 50% í kringum 2000 en er nú um 30%.

Mean weight at age in the commercial catches has increased in recent years and in 2015 it was close to the long-term average (1955–2015). Weights of age groups 3–9 in the 2016 survey (IS–SMB) are used for estimating weight at age in the reference stock (B4+) in 2016. These estimates are slightly lower than in recent years. Maturity of age groups 1–9 is estimated from the survey. Proportion mature at age 4–6 has decreased since 2000. For example, proportion mature of age group 6 was about 50% around the year 2000 but is now 30%.

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Þorskur. Tillögur um hámarksaflla samkvæmt aflareglu, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (þús. tonn).
Cod. Recommended TAC according to management plan, national TAC and catches (thous. tonnes).

Fiskveiðiar Fishing year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Íslendinga Catches Iceland	Afli annarra þjóða Catches others	Afli alls Total catch
2010/11	160	160	165	2.3	167
2011/12	177	177	183	2.2	185
2012/13	196	195	210	2.0	215
2013/14	215	214	224	2.2	226
2014/15	218	216	221	2.0	223
2015/16	239	239			
2016/17	244				

HEIMILDIR – REFERENCES

ICES, 2009, Report of the Ad hoc Group on Icelandic Cod HCR Evaluation (AGICOD), ICES CM 2009/ACOM:56.
(http://www.hafro.is/images/HCR_Evaluations/iCod_eval_2009.pdf)

H. Björnsson & Hjörleifsson, 2014, Athugun á aflareglu fyrir íslenskan þorsk. Hafrannsóknastofnun.
(http://www.hafro.is/images/HCR_Evaluations/iCod_endurskodun_a_aflareglu_2014.pdf)

ICES. 2016. Report of the North-Western Working Group (NWWG), 27 April–4 May, 2016, ICES Headquarters, Copenhagen. ICES CM 2016/ACOM:08. (Skýrslu má nálgast frá: <http://www.ices.dk/community/groups/Pages/NWWG.aspx>)

ÝSA – HADDOCK

Melanogrammus aeglefinus

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við aflareglu íslenskra stjórnvalda að afli fiskveiðiárið 2016/2017 verði ekki meiri en 34.6 þús. tonn.

MRI advises that when the Icelandic management plan is applied, catches in the fishing year 2016/2017 should be no more than 34.6 thous. tonnes.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Hrygningarstofn hefur minnkað á undanförunum árum en er þó yfir aðgerðarmörkum aflareglu (MGT $B_{trigger}$). Veiðihlutfall árin 2014 og 2015 er metið það lægsta á stofnmatstímabilinu og lægra en stefnt er að með aflareglu (HR_{MGT}). Nýliðun árána 2010–2015 var mjög léleg en nýliðun 2016 er góð.

SSB has decreased in recent years but is above MGT $B_{trigger}$. Harvest rate in 2014–2015 is estimated at its lowest level in the assessment period and is currently below HR_{MGT} . Recruitment in 2010–2015 was low but is estimated high for 2016.



Ýsa. Afli eftir veiðarfærum, nýliðun 2 ára, veiðihlutfall og veiðidánartala, stærð viðmiðunarstofs (45 cm og stærri) og hrygningarstofs.

Haddock. Catch by gear type, recruitment at age 2, fishing mortality and harvest rate, reference stock biomass (45 cm and larger) and spawning stock biomass (SSB).

STOFNMAT OG GÁTMÖRK – BASIS OF THE ASSESSMENT AND REFERENCE POINTS

Forsendur ráðgjafar <i>Basis of the advice</i>	Aflaregla <i>Management plan</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Aflamark sett sem 40% af viðmiðunarstofni (lífmassi 45 cm og stærri ýsu) <i>TAC set as 40% of reference biomass (biomass of 45 cm and larger)</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Aldurs-afalíkan (ADAPT) <i>Age-based model (ADAPT)</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Aldursgreindur afli og aldursgreindar fjöldavísitölur úr stofnmælingum (SMB, SMH) <i>Catch in numbers and age disaggregated indices (IS-SMB, IS-SMH)</i>

Nálgun <i>Framework</i>	Gátmörk <i>Reference point</i>	Gildi <i>Value</i>	Grunnur <i>Basis</i>
Aflaregla / <i>Management plan</i>	MGT $B_{trigger}$	45 000 t	Slembireikningar <i>Stochastic simulations (ICES 2013)</i>
	HR _{MGT}	0.40	Aflaregla <i>Management plan</i>
Hámarksafkastur/ <i>MSY approach</i>	HR _{MSY}	0.52	Slembireikningar <i>Stochastic simulations</i>
	MSY $B_{trigger}$	Ekki skilgreint <i>Not defined</i>	
Varúðarnálgun	Blim	45 000 t	Varúðarmörk (ICES 2012)
	Bpa	59 000 t	Gátmörk (ICES 2016)
	Flim	Ekki skilgreint <i>Not defined</i>	
	Fpa	Ekki skilgreint <i>Not defined</i>	

HORFUR - PROSPECTS

Áætlað er að viðmiðunarstofninn verði í lágmarki 2017 en stækki eftir það þegar árgangur 2014 bætist við hann. Árgangur 2015 er metinn nálægt meðaltali.

Reference biomass will be at a low level in 2017, but will increase when the 2014 cohort enters the reference stock. The 2015 cohort is estimated close to the long-term mean recruitment.

Ýsa. Áhrif á áætlaða stofnstærð (þús. tonn) miðað við veiðar samkvæmt aflareglu.


Haddock. *Projection of reference biomass and SSB (thous. tonnes) based on adopted harvest control rule.*

2016				2017			
Áætl. afli <i>Estim. catches</i>	Viðm.stofn <i>Ref. biomass</i>	Hrygn. stofn <i>SSB</i>	Veiðihlutfall <i>HR</i>	Aflamark <i>TAC</i>	Veiðihlutfall <i>HR</i>	Viðm.stofn <i>Ref. biomass</i>	Hrygn. stofn <i>SSB</i>
34	101	77	0.34	34.6	0.4	86	88

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF THE ASSESSMENT

Samræmi í stofnmatinu er gott.

This assessment is considered consistent.




Ýsa. Samanburður á stofnmati árána 2013–2016 (rauð lína: stofnmat 2016).

Haddock. Historical assessment results 2013–2016 (red line: 2016 assessment).

VEIÐAR – THE FISHERY

Undanfarna þrjú áratugi hafa tæp 90% ýsuaflans verið veidd á línu og í botnvörpu. Fram til 1996 voru 65–70% aflans tekin í botnvörpu en hlutdeild línu jókst jafnt og þétt á árunum 1996–2011. Síðan 2011 hafa um 44% ýsuaflans fengist á línu og 42% í botnvörpu. Af því sem veðist í önnur veiðarfæri fæst meiri hlutinn í dragnót.

For the last three decades almost 90% of catches have been caught by longlines and trawls. Before 1996, about 65–70% of catches were caught by trawl but the proportion caught by longline increased steadily from 1996–2011. From 2011, 44% of catches have been caught by longlines and 42% by trawls. The remaining catches are mostly caught by demersal seine.



Ýsa. Veiðisvæði árið 2015 (t/sjm²)

Haddock. Fishing grounds in 2015 (t/nmi²)

Afli 2015 (þús. tonn) Catches 2015 (thous. t)	Botnvarpa Bottom trawl	Lína Longline	Dragnót Demersal seine	Annað Other
39.7	44%	43%	11%	2%

VÖXTUR OG KYNÞROSKI – GROWTH AND MATURATION

Meðalþyngd ýsu eftir aldri er mjög breytileg, yfirleitt lægri hjá stórum árgöngum og næstu árgöngum á eftir. Vöxtur er hægari þegar stofninn er stór. Stóru árgangarnir frá 2002 og 2003 voru léttari við 7 ára aldur heldur en litlu árgangarnir frá 2010 og 2011 við 5 ára aldur. Lág meðalþyngd stórra árganga sést strax við 2 ára aldur. Meðalþyngd var í lágmarki á árunum 2004–2010, þegar stofninn var stór, margir stórir árgangar í stofninum og vöxtur hægur. Síðan þá hefur meðalþyngd aukist verulega og vaxtarhraði var yfir meðallagi á árunum 2011–2015. Í framreikningum er gert ráð fyrir að vaxtarhraði verði meðaltal af áætluðum vaxtarhraða 2014 og 2015. Meðalþyngd stóra árgangsins frá 2014 mun áfram verða undir meðaltali þar sem hún var lág við 2 ára aldur í stofnmælingunni 2016.

Kynþroskahlutfall var lágt á árunum 1985–1990, hátt árin 1991–2002 en hefur lækkað síðan þá. Virðist sú lækkun vera að miklu leyti vegna vaxandi hlutfalls ýsu fyrir norðan land þar sem kynþroskahlutfall er mun lægra en sunnan við landið, þrátt fyrir að vöxtur sé svipaður.

Haddock mean weight at age is quite variable, usually lower for large cohorts and following cohorts. Growth tends to be slower when the stock is large. The large cohorts of 2002 and 2003 had lower mean weight at age 7 than the small cohorts from 2011 and 2012 at age 5. In large cohorts low mean weight is evident at age 2. Mean weight at age was very low in 2004–2010 when the stock was large, with many large cohorts in the population and slow growth rate. Since then mean weight at age has increased and is now above the long-term average. In the prognosis it is assumed that growth rate will be the mean of estimated growth of 2014 and 2015. Mean weight at age of the large 2014 cohort will be lower than the long term average as it was low at the age of 2 in the survey.

Proportion mature by age was low in 1985-1990, high in 1991-2002 but has decreased since then. This decrease is linked to increased abundance of haddock in northern part of the shelf where maturity at age is lower than on the southern part even though growth rates are similar.

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

Stofnmælingar benda til að hlutfall veiðistofns ýsu á norður og austur miðum hafi aukist úr 10–15% í tæp 50% frá 2000–2008. Á sama tíma hefur einungis 20% aflans verið veiddur þar. Er veiðiálag á ýsu á norðurmiðum þar af leiðandi töluvert lægra en utan þeirra. Norðurmið hafa hins vegar alltaf verið mikilvæg uppeldissvæði ýsu, en fyrir 2000 hvarf hún þaðan við kynþroska.

Information from surveys indicate that the proportion of the fishable part of the stock on the northern and eastern part of the shelf has increased from 10–15% to 50% in the period 2000–2008 but only 20% of catches are taken there. Therefore the fishing pressure is much lower in the north and the east compared to other areas. The northern part of the shelf has always been important nursery ground for haddock but before 2000 it migrated out of the area once mature.

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Ýsa. Tillögur um hámarksafli, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (þús. tonn).

Haddock. Recommended TAC, national TAC and catches (thous. tonnes).

Fiskveiðiar Fishing year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Íslendinga Catches Iceland	Afli annarra þjóða Catches others	Afli alls Total catch
2010/11	45	50	50	0	51
2011/12	37	45	49	0	50
2012/13	32	36	40	1	41
2013/14	38	38	39	1	40
2014/15	30.4 ¹⁾	30.4	35.3	1.3	36.6
2015/16	36.4 ¹⁾	36.4			
2016/17	34.6 ¹⁾				

¹⁾ 40% aflaregla. 40% harvest control rule.

HEIMILDIR – REFERENCES

ICES. 2012. Report of the North-Western Working Group (NWWG), 26 April–3 May 2012, ICES Headquarters, Copenhagen. ICES CM 2012/ACOM:07. 1425 pp.

ICES. 2013. Report of the evaluation of the Icelandic haddock management plan ICES CM 2013/ACOM:59

(http://www.hafro.is/images/HCR_Evaluations/iHaddock_ICES_MP_evaluation_2013.pdf)

ICES. 2016. Report of the North-Western Working Group (NWWG), 27 April–4 May, 2016, ICES Headquarters, Copenhagen. ICES CM 2016/ACOM:08. (Skýrslu má nálgast frá: <http://www.ices.dk/community/groups/Pages/NWWG.aspx>)

UFSI – SAITHE

Pollachius virens

RÁÐGJÖF - ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við aflareglu íslenskra stjórnvalda að afli fiskveiðiárið 2016/2017 verði ekki meiri en 55 þús. tonn.

MRI advises that when the management plan is applied, catches in the fishing year 2016/2017 should be no more than 55 thous. tonnes.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Stofninn hefur stækkað undanfarin ár og er hrygningarstofninn nú nálægt meðaltali árána 1980–2015. Nýliðun árána 2009–2015 er frekar jöfn og 20% yfir meðaltali árána eftir 1980. Veiðihlutfall árið 2015 var undir settu marki (HR_{MSY}).

Stock size has increased in recent years and the SSB is now close to the average of 1980–2015. Recruitment in 2009–2015 was relatively constant and about 20% higher than the average. Harvest rate in 2015 was below HR_{MSY} .



Ufsi. Afli eftir veiðarfærum, nýliðun 3 ára, veiðihlutfall og veiðidánartala, stærð viðmiðunarstofns (4 ára og eldri) og hrygningarstofns. **Saithe.** Catch by gear type, recruitment at age 3, fishing mortality and harvest rate, reference stock biomass and spawning stock biomass (SSB).

STOFNMAT OG GÁTMÖRK – BASIS OF THE ASSESSMENT AND REFERENCE POINTS

Forsendur ráðgjafar <i>Basis of the advice</i>	Aflaregla <i>Management plan</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Aflamark sett sem meðaltal af aflamarki fyrra árs og 20% af viðmiðunarflokki <i>TAC set as the average of last year's TAC and 20% of reference biomass</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Aldurs-aflalíkan <i>Age-based model</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Aldursgreindur afli og aldursgreindar fjöldavísitölur úr stofnmælingum (SMB) <i>Catch in numbers and age disaggregated indices (IS-SMB)</i>

Nálgun <i>Framework</i>	Viðmiðunargildi <i>Reference point</i>	Gildi <i>Value</i>	Grunnur <i>Basis</i>
Aflaregla - MSY nálgun <i>Management plan</i> - MSY approach	MSY $B_{trigger}$	65 000 t	Slembireikningar, lægri 5%-mörk dreifingar hrygningarflokkis þegar veitt er við HR_{MSY} <i>Stochastic evaluations. Lower 5th percentile of SSB when fishing at HR_{MSY}</i>
	HR_{MSY}	0.2	Slembireikningar, það veiðihlutfall sem leiðir til þess að hrygningarflokkur sé stærri en B_{lim} með 95% líkum <i>Stochastic HCR evaluation, SSB 95% of the time over B_{lim}.</i>
Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>	B_{lim}	44 000 t	$B_{pa}/1.4$
	B_{pa}	61 000 t	B_{loss} er notað sem B_{pa} þar sem veiðidánartala hefur aldrei verið há né hefur hrygningarflokkur minnkað mikið og ekkert samband er á milli nýliðunar og hrygningarflokkis <i>B_{loss} is used as B_{pa} as fishing pressure has never been high for this stock, the spawning stock not depleted much and no relationship is seen between spawning stock and recruitment</i>
	F_{lim}	0.46	Veiðidánartala sem leiðir til þess að hrygningarflokkur er yfir B_{lim} með 50% líkum <i>Equilibrium F which will maintain the stock above B_{lim} with a 50% probability</i>
	F_{pa}	0.34	5% líkur á að veiðidánartala sé yfir F_{lim} $F_{pa} = F_{lim} \times \exp(-1.645\sigma F)$; $\sigma F = 0.19$. 5% probability that true F has been above F_{lim} $F_{pa} = F_{lim} \times \exp(-1.645\sigma F)$; $\sigma F = 0.19$.

HORFUR - PROSPECTS

Stofnstærð mun lítið breytast á næstu árum miðað við fyrirbyggjandi gögn. Í framreikningum er gert ráð fyrir 60 þús. tonna afla á árinu 2016, en horft er til þess hve mikið af aflamarkinu fyrir fiskveiðiárið 2015/2016 á eftir að veiða.

Stock size is not expected to change much in coming years. In the prognosis, catches in 2016 are set at 60 thous. tonnes as catches are not expected to reach the set TAC.

Ufsi. Áhrif á áætlaða stofnstærð miðað við veiðar samkvæmt aflareglu.


Saithe. Catch options (in thous. tonnes) for 2016 and 2017.

2016				2017		
Áætl. afli <i>Est. catches</i>	Viðm. stofn <i>Ref. biom</i>	Hrygn. stofn <i>SSB</i>	F	Aflamark <i>TAC</i>	Viðm. stofn <i>Ref. biom</i>	Hrygn. stofn <i>SSB</i>
60	273	143	0.26	55	245	138

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF THE ASSESSMENT

Stofnmatið í ár gefur svipaðar vísendingar um stofnstærð og stofnmatið í fyrra en miðað við stofnmat árunna 2013 og 2014 er stofnstærð minni. Stofnmat ufsa er fremur ónákvæmt og er helsta orsök mikill breytileiki í vísitölum.

This year's assessment estimates are similar to the previous assessment. The main difference is the lower estimate of SSB. This assessment is affected by high variances in the survey indices.




Ufsi. Samanburður á stofnmati árunna 2013–2016 (rauð lína: stofnmat 2016).
Saithe. Historical assessment results 2013–2016 (red line: 2016 assessment).

VEIÐAR – THE FISHERY

Síðustu tuttugu ár hafa yfir 80% ufsaaflans verið veidd í botnvörpu en afgangurinn að mestu í net og á handfæri. Fyrir 1990 voru allt að 30% aflans veidd í net. Undanfarin ár hefur orðið töluverð tilfærsla á ufsa frá suðurmíðum yfir á norðvesturmið. Halamið hafa verið helsta veiðisvæðið undanfarin 5 ár.

In the last 20 years over 80% of saithe catches have been caught in bottom trawl and the rest by gillnets and jiggers. Before 1990 up to 30% of the catches were caught by gillnets. The main fishing grounds for saithe for the last 5 years were off NW-Iceland.



Ufsi. Veiðisvæði árið 2015 (t/sjm²)
Saithe. Fishing grounds in 2015 (t/nmi²)

Afli 2015 (þús tonn) Catches 2015 (thous t)	Botnvarpa Bottom trawl	Net Gillnets	Annað Other
48.5	84%	5%	11%

VÖXTUR OG KYNÞROSKI – GROWTH AND MATURATION

Meðalþyngdir 4–6 ára ufsa í afla og stofnmælingu hafa verið lágar síðan 2004. Meðalþyngd annarra aldursflokka var lág frá 2005–2011 en hefur síðan þá verið nálægt meðallagi. Sandsíli og ljósáta eru mikilvægasta bráð smáufsa og lágur meðalþyngdir gætu því verið tengdar skorti á sandsíli við Suður- og Vesturland.

Mean weight at age for age 4 to 6 in catches and in the survey has been low since 2004. Mean weight of other age groups was low from 2005–2011, but has since been close to the long term mean. Sandeel and euphausiids are the main prey of

young saithe and the low mean weight at age could be related to low abundance of sandeels on the southern and western part of the shelf.

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

Á síðasta fiskveiðiári náðust úthlutaðar aflaheimildir í ufsa ekki og stefnir í að svo verði einnig á yfirstandandi fiskveiðiári. Breytingar í flotasamsetningu á síðustu árum gætu hafa leitt til þess að ufsi veiðist ekki í sama mæli og áður. Aflahlutdeild línu hefur aukist en hlutdeild tog- og netaveiði minnkað.

The set TAC was not caught in 2014/2015 and that is also likely to happen in 2015/2016. At the turn of the century there was a large increase in longline effort in the demersal fisheries in Iceland, this increase was mostly at the expense of gillnet and bottom trawl fleets, the main fleets fishing saithe.

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Ufsi. Tillögur um hámarksafli, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (þús. tonn).

Saithe. Recommended TAC, national TAC, and catches (thous. tonnes).

Fiskveiðiár Fishing year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Íslendinga Catches Iceland	Afli annarra þjóða Catches others	Afli alls Total catch
2010/11	40	50	51.6	0.7	52.3
2011/12	45	52	49.7	0.7	50.6
2012/13	49	50	51.3	0.9	52.2
2013/14	57 ¹⁾	57	54.3	0.7	55.0
2014/15	58 ¹⁾	58	52.1	0.5	52.6
2015/16	55 ¹⁾	55			
2016/17	55 ¹⁾				

¹⁾ 20% aflaregla. 20% harvest control rule.

HEIMILDIR – REFERENCES

ICES. 2016. Report of the North-Western Working Group (NWWG), 27 April–4 May, 2016, ICES Headquarters, Copenhagen. ICES CM 2016/ACOM:08. (Skýrslu má nálgast frá: <http://www.ices.dk/community/groups/Pages/NWWG.aspx>)

ICES 2013. Report of the evaluation of the Icelandic saithe management plan. ICES CM 2013/ACOM:61 (http://www.hafro.is/images/HCR_Evaluations/iSaithe_ICES_MP_evaluation_2013.pdf)

GULLKARFI – GOLDEN REDFISH

Sebastes norvegicus

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun og Alþjóðahafrannsóknaráðið ráðleggja í samræmi við aflareglu að afli fiskveiðiárið 2016/2017 verði ekki meiri en 52.8 þús. tonn á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar. Skv. samkomulagi milli Íslands og Grænlands mun 90% af rálögðu aflamarki koma í hlut Íslendinga.

MRI and ICES advise that when the management plan is applied, catches in the fishing year 2016/2017 in the East Greenland/Iceland/Faroe Islands area should be no more than 52.8 thous. tonnes. According to an agreement between Iceland and Greenland, 90% of the TAC is allocated to Iceland.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Árgangarnir frá 2000–2005 voru uppistaða aflans árið 2015. Árgangarnir frá 1996–2005 voru yfir meðalstærð en árgangarnir frá 2006–2011 eru metnir lélegir. Veiðidánartala hefur verið nálægt settu marki undanfarin fimm ár. Hrygningarstofn hefur vaxið ört síðan 2004 og er vel yfir skilgreindum aðgerðarmörkum ($MSY B_{trigger}$).

The 2000–2005 year classes accounted for most of the catches in 2015. The 1996–2005 year classes are above average in size, but the 2006–2011 year classes are estimated to be below the average. Fishing mortality since 2010 has been estimated to be around F_{MSY} . Spawning-stock biomass (SSB) has steadily increased for the past 20 years and is well above $MSY B_{trigger}$.



Gullkarfi. Afli eftir svæðum, nýliðun 5 ára, veiðidánartala og stærð hrygningarstofns.

Golden redfish. Catches by area, recruitment at age 5, fishing mortality, and spawning stock biomass (SSB).

STOFNMAT OG GÁTMÖRK – BASIS OF THE ASSESSMENT AND REFERENCE POINTS

Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	Aflaregla samþykkt af Grænlandi og Íslandi. <i>Management plan agreed by Greenland and Iceland.</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Aflamark sett á veiðar við F_{MSY} þegar stofn er yfir $MSY B_{trigger}$. <i>TAC set at F_{MSY} when the stock is over $MSY B_{trigger}$.</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Aldurs- og lengdarháð stofnlíkan (Gadget). <i>Length and age based analytical assessment (Gadget model).</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Afli og lengdargögn úr afla frá Íslandi, Grænlandi og Færeyjum; aldurs og lengdargögn úr stofnmælingum (SMB, SMH, stofnmælingar við Austur Grænland). <i>Landings data and length distributions of catches from Iceland, Greenland, and the Faroes; survey data by length from IS-SMB and GER(GRL)-GFS-Q4, age data from Icelandic catches and IS-SMH.</i>

Nálgun <i>Framework</i>	Gátmörk <i>Reference point</i>	Gildi <i>Value</i>	Grunnur <i>Basis</i>
MSY <i>MSY approach</i>	$MSY B_{trigger}$	220 000 t	$B_{lim} \times \exp(0.2 \times 1.645)$.
	F_{MSY}	0.097	Meðaltal aldurshópanna 9–19 ára. 80% af F_{MAX} í úttekt árið 2012. <i>Average of ages 9–19. 80% of F_{MAX} in the 2012 Gadget run.</i>
Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>	B_{lim}	160 000 t	Lægsta sögulega gildi hrygningarstofns í úttekt árið 2012. <i>Lowest SSB in the 2012 Gadget run.</i>
	B_{pa}	220 000 t	$B_{pa} = B_{trigger} = B_{lim} \times \exp(0.2 \times 1.645)$
	F_{lim}	0.226	Veiðidánartala sem leiðir til þess að hrygningarstofn er yfir B_{lim} með 50% líkum <i>Equilibrium F which will maintain the stock above B_{lim} with a 50% probability</i>
	F_{pa}	0.163	$F_{lim} / \exp(1.645 \times 0.2)$

HORFUR – PROSPECTS

Árgangar 2006–2011 eru metnir litlir og því er áætlað að viðmiðunarstofn og hrygningarstofn minnki lítillega árið 2016 og 2017 þegar þeir fara að koma inn í veiðina.

The 2006–2011 year classes are estimated to be small. Both total biomass and SSB are estimated to decrease in 2016 and 2017 when these year classes recruit to the fishery.

Gullkarfi. Áhrif á áætlaða stofnstærð (þús. tonn) miðað við veiðar samkvæmt aflareglu.


Golden redfish. Projection of reference biomass and SSB (thous. tonnes) based on adopted harvest control rule.

2016				2017		
Áætlaður afli <i>Estim. catches</i>	Viðm. stofn <i>Ref. biomass</i>	Hrygn. stofn <i>SSB</i>	F_{9-19}	Aflamark <i>TAC</i>	Viðm. Stofn <i>Ref. biomass</i>	Hrygn. stofn <i>SSB</i>
53.0	527.9	354.8	0.097	52.8	509.1	349.8

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF ASSESSMENT

Stofnmatið í ár er í samræmi við stofnmatið árin 2014 og 2015. Talsverð óvissa er í stofnmati gullkarfa sem helgast af óvissu um nýliðun sem og um samgang gullkarfa milli Íslands og Grænlands.

The assessment in 2016 is in accordance with the assessment in 2014 and 2015. Uncertainty in the assessment of golden redfish is due to uncertainty concerning both recruitment and exchange of golden redfish between Iceland and Greenland.




Gullkarfi. Samanburður á stofnmati árinna 2014–2016 (rauð lína: stofnmat 2016).

Golden redfish. Historical assessment results 2014–2016 (red line: 2016 assessment).

VEIÐAR – THE FISHERY

Gullkarfi á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar er talinn af sama stofni. Síðustu tvo áratugi hafa 90–98% af heildarafla gullkarfa á þessu svæði verið veidd á Íslandsmiðum. Árlegur afli við Austur-Grænland hefur aukist umtalsvert frá árinu 2010 eftir að beinar veiðar á gullkarfa og djúpkarfa hófust og hefur ekki verið meiri síðan í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar. Við Færeyjar hefur gullkarfaafli minnkað mikið á undanförunum árum og er nú mjög lítið veitt af honum.

Golden redfish in the East Greenland/Iceland/Faroe Islands area have been considered as one management unit. For the past two decades 90-98% of the total catches has been taken in Icelandic waters. A substantial increase in landings from East Greenland has occurred since 2010, because of a re-established redfish fishery and is now the highest since early 1990s. Very little redfish is caught in Faroe waters.



Gullkarfi. Veiðisvæði við Ísland árið 2015 (t/sjm²)

Golden redfish. Fishing grounds in Icelandic waters in 2015 (t/nmi²)

Afli 2015 (þús. tonn) Catches 2015 (thous. t)	Botnvarpa Bottom trawl	Lína Longline	Humarvarpa Nephrops trawl	Annað Other gear
51.7	91.5%	3.1%	3.5%	1.9%

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

Að ósk stjórnvalda Grænlands, Íslands og Færeyja vann Hafrannsóknastofnun að tillögum að aflareglu fyrir gullkarfa og lauk þeirri vinnu í febrúar 2014. Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) mat að aflareglan væri í samræmi við varúðarsjónarmið og leiði til hámarksafraksturs til lengri tíma lítið. Aflareglan var formlega tekin upp af íslenskum stjórnvöldum í mars 2014.

Tvíhliða samningur milli Íslands og Grænlands um nýtingu gullkarfa var undirritaður í september 2015 og byggir samningurinn á aflareglunni. Samningurinn er til þriggja ára (2016–2018) og felur í sér skiptinguna 90% fyrir Ísland og 10% fyrir Grænland. Auk þess er gert ráð fyrir 350 tonna afla annarra þjóða á hverju ári samningsins. Færeyjar standa utan þessa samkomulags.

In response to a request by the governments of Greenland, Iceland and the Faroe Islands the MRI proposed a management plan for golden redfish in February 2014. ICES evaluated the management plan to be consistent with the precautionary and MSY approach. The management plan was adopted by Iceland in March 2014.

Bilateral agreement between Iceland and Greenland on the management of the golden redfish fishery was signed in September 2015 and is based on the management plan. The agreement is for the period 2016–2018 and states that each year 90% of the TAC is allocated to Iceland and 10% to Greenland. Furthermore, 350 t are allocated each year to other areas. The Faroe Islands are not a part of this agreement.

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Gullkarfi. Tillögur um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (þús. tonn).

Golden redfish. Recommended TAC, national TAC, and catches (thous. tonnes).

Fiskveiðiar Fishing year	Tillaga Recommended TAC	Aflamark fyrir Íslandsmið National TAC	Afli á Íslandsmiðum Catch Icelandic waters	Afli á öðrum miðum ¹⁾ Catch other areas ¹⁾	Afli alls Total catch
2010/11	30	37.5	39	2	41
2011/12	40	40	44	2	46
2012/13	45	45	46	2	48
2013/14	52	52	52	3	55
2014/15	48 ²⁾	45.6	48	3	51
2015/16	51 ²⁾	48.5			
2016/17	52.8 ²⁾				

¹⁾ Almanaksár. Calendar year.

²⁾ Aflaregla fyrir Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar. Harvest control rule for East Greenland/Iceland/Faroes.

HEIMILDIR – REFERENCES

ICES. 2016. Report of the North-Western Working Group (NWWG), 27 April–4 May, 2016, ICES Headquarters, Copenhagen. ICES CM 2016/ACOM:08. (Skýrslu má nálgast frá: <http://www.ices.dk/community/groups/Pages/NWWG.aspx>)

ICES. 2014. Iceland, Faroe Islands, and Greenland request to ICES on evaluation of a proposed long-term management plan and harvest control rule for golden redfish (*Sebastes marinus*). In Report of the ICES Advisory Committee, 2014. ICES Advice 2014, Book 2, Section 2.2.3.1. (http://www.hafro.is/images/HCR_Evaluations/Golden_redfish_MP_eval_request_2014.pdf)

ICES. 2014. Report of the Workshop on Redfish Management Plan Evaluation (WKREDMP). ICES CM 2014/ACOM:52 (http://www.hafro.is/images/HCR_Evaluations/Golden_redfish_ICES_MP_evaluation_2014.pdf)

DJÚPKARFI – DEMERSAL BEAKED REDFISH

Sebastes mentella

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun og Alþjóðahafrannsóknaráðið ráðleggja í samræmi við varúðarsjónarmið að afli fiskveiðiárið 2016/2017 verði ekki meiri en 12 922 tonn.

MRI and ICES advise that when the precautionary approach is applied, catches in the fishing year 2016/2017 should be no more than 12 922 tonnes.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Heildarvísitala djúpkarfa í SMH hefur hækkað undanfarin tvö ár (2014 og 2015) eftir að hafa verið lág en stöðug. Afli síðustu þrjú árin er minnsti afli síðan 1980.

The stock size indicator (IS-SMH index) has been stable over time, with some increase in the last two years (2014 and 2015). Catches in the past three years have been the lowest since 1980.



Djúpkarfi. Afli og lífmassavísitala úr SMH.

Demersal beaked redfish. Catches and biomass index from the autumn survey (IS-SMH).

STOFNMAT OG GÁTMÖRK – BASIS OF THE ASSESSMENT AND REFERENCE POINTS

Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn <i>There is no management plan for this stock</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Byggt á tímaháðum breytingum í stofnmælingu <i>Trends in biomass indicators</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Vísitölur úr stofnmælingu botnfiska að haustlagi (SMH) <i>Biomass indicators from surveys (IS-SMH)</i>

Grunnur ráðgjafar fylgir forskrift Alþjóðahafrannsóknaráðsins fyrir stofna þar sem ekki er hægt að beita aldurs-aflagreiningu en til eru vísitölur sem taldar eru gefa mynd af breytingum í stofnstærð (Category 3.2 stocks; [ICES, 2012](#)). Ráðgjöfin í ár er fengin með því að bera fyrst saman meðaltalsgildi vísitölu úr SMH síðustu tveggja ára (2014–2015) við meðaltalsgildi þrjú árin á undan (2011–2013). Vísitalan hefur hækkað um 41% og því er beitt 20% sveiflujöfnun. Því er ráðgjöfin frá því í fyrra (10 768) margfölduð með 1.2 til að fá ráðgjöf fyrir fiskveiðiárið 2016/2017.

The ICES framework for category 3 stocks was applied (ICES, 2012). The survey index was applied as index for the stock development. The advice is based on comparing the two latest index values (index A) with the three preceding values (index B), combined with the catch advice for 2016. The index is estimated to have increased by 41% and thus uncertainty cap is applied.

Djúpkarfi. Útreikningar ráðgjafar
Demersal beaked redfish. Advice calculation

Vísitala A (2014–2015) – Index A (2014–2015)	107 410	
Vísitala B (2011–2013) – Index B (2011–2013)	76 085	
Hlutfall vísitölu (A/B) – Indicator ratio (A/B)	1,41	
Tillaga 2015 – Catch advice for 2015/2016	10 768 t	
Sveiflujöfnun – Uncertainty cap	Beitt Applied	1,2
Ráðgjöf fyrir 2016/2017 – Catch advice for 2016/2017	12 922 t	

HORFUR – PROSPECTS

Litlar upplýsingar eru til um afrakstursgetu stofnsins. Veiðistofn djúpkarfa samkvæmt SMH 2000–2015 er talinn lítill miðað við það sem var í kringum aldamótin. Smáum djúpkarfa (minni en 30 cm) hefur einnig fækkað mikið á tímabilinu sem gefur til kynna að lítil nýliðun hafi verið í veiðistofninn.

Little information is available on sustainable yield of demersal beaked redfish. The fishable biomass, according to IS-SMH, is considered small compared to what it was in the beginning of the time series. The abundance index of fish 30 cm and smaller has in 2007–2015 been at low levels, indicating little recruitment to the fishable stock.

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF THE ASSESSMENT


Ekki er unnt að framkvæma stofnmat með aldurs- og lengdarháðum stofnlíkönunum þar sem litlar upplýsingar eru til um aldursamsetningu stofnsins og tímaraðir eru stuttar. SMH nær yfir allt veiðisvæði djúpkarfa.

The lack of long time-series of abundance indices prevents the determination of stock status of this long-lived species. The IS-SMH covers the entire fishing area of the fishable stock in Icelandic waters.

VEIÐAR – THE FISHERY

Djúpkarfi á Íslandsmiðum hefur lengst af verið veiddur í botnvörpu. Helstu veiðisvæðin eru í landgrunnshlíðunum á um 450–600 m dýpi, frá Víkurál vestur af Vestfjörðum, suður og austur um að vesturkanti Íslands-Færeyjahryggs. Aflinn náði hámarki árið 1994 og var þá um 57 þús. tonn, en hefur síðan þá minnkað mikið og aflinn árin 2013–2015 er sá minnsti frá 1980.

Most of the fishery for demersal beaked redfish in Icelandic waters is a directed bottom trawl fishery along the shelf and slope west, southwest, and southeast of Iceland, at depths of 450–600 m. Annual landings have gradually decreased, from a record high of 57 thous. tonnes to less than 10 thous. tonnes in 2013–2015.



Djúpkarfi. Veiðisvæði árið 2015 (t/sjm²)
Demersal beaked redfish. Fishing grounds in 2015 (t/nmi²)

Afli 2015 (þús. tonn) Catches 2015 (thous. t)	Botnvarpa Bottom trawl
9.3	100%

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

Landgrunnið við Austur-Grænland er talið vera uppvaxtarsvæði djúpkarfa í landgrunnshlíðum Íslands, en er einnig uppvaxtarsvæði djúpkarfa við Austur-Grænland og úthafskarfastofnanna. Óvíst er hversu stór hluti karfa frá þessu svæði skilar sér í veiðistofn djúpkarfa við Ísland. Í stofnmælingum Þjóðverja á landgrunninu við Austur-Grænland mældist á árunum 2003–2005 mikið af smáum djúpkarfa (20–30 cm). Á árunum 2006–2010 fækkaði honum, en 30 cm og stærri fjölgaði. Síðan þá hefur lítið mælst af smáum djúpkarfa og hefur ekki mælst minna af honum frá upphafi mælinga árið 1982.

The East Greenland shelf is most likely a common nursery area for demersal beaked redfish in Icelandic waters as well as for demersal beaked redfish on East Greenland shelf and the two pelagic stocks found in the Irminger Sea. Abundance and biomass indices of redfish smaller than 17 cm from the German annual groundfish survey, conducted on the continental shelf and slope of West and East Greenland down to 400 m, show that small beaked redfish (20–30 cm) was abundant 2003–2005. The 2006–2010 survey results indicated low abundance of this size class, but the abundance of beaked redfish 30 cm and larger increased. Since 2008, the survey index for juveniles has been very low and was in 2013–2015 the lowest value recorded since 1982.

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Djúpkarfi. Tillögur um hámarksafli, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (þús. tonn).

Demersal beaked redfish. Recommended TAC, national TAC, and catches (thous. tonnes).

Fiskveiðiár Fishing year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Íslendinga Catches Iceland	Afli annara þjóða Catches others	Afli alls Total catch
2010/11	10	12.5	12	2	12
2011/12	10	12	12	2	12
2012/13	10	10	10	2	10
2013/14	10	10	9.7	3	9.7
2014/15	10	10	9	3	9
2015/16	10	10			
2016/17	12.9				

HEIMILDIR – REFERENCES

ICES. 2012. Implementation of Advice for Data-limited Stocks in 2012 in its 2012 Advice. ICES CM 2012/ACOM 68.

(<http://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Expert%20Group%20Report/acom/2012/ADHOC/DLS%20Guidance%20Report%20012.pdf>)

ICES. 2016. Report of the North-Western Working Group (NWWG), 27 April–4 May, 2016, ICES Headquarters, Copenhagen. ICES CM 2016/ACOM:08. (Skýrslu má nálgast frá: <http://www.ices.dk/community/groups/Pages/NWWG.aspx>)

ÚTHAFSKARFI, NEÐRI STOFN

DEEP PELAGIC REDFISH

Sebastes mentella

RÁÐGJÖF – ADVICE


Alþjóðahafrannsóknaráðið mun veita ráðgjöf um hámarksafla ársins 2017 úr neðri úthafskarafstofninum í október 2016 að loknum fundi þar sem farið verður yfir forsendur ráðgjafar á stofninum.

ICES will give advice on the deep pelagic redfish for 2017 in October 2016. The advice will be based on the outcome of an ICES meeting where assessment method for the stock will be reviewed.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Heildarvísitala neðri stofns úthafskarfa í alþjóðlegum karfaleiðangri árána 2009-2015 eru lægri en meðaltal árána 1999-2003. Er matið árið 2015 er það lægsta síðan mælingar hófust árið 1999. Mælingarnar gefa til kynna að stofninn hafi minnkað umtalsvert síðasta áratuginn.

Trawl survey estimates in 2009–2015 are lower than the average for 1999–2003, with the 2015 estimates being the lowest observed. These indices suggest that the stock has been reduced in the past decade.



Úthafskarfi, neðri stofn. Afli og lífmassavísitala úr alþjóðlegum karfaleiðangri í Grænlandshafi.

Deep pelagic redfish. Catches and biomass index from the international redfish survey in the Irminger Sea and adjacent waters.

STOFNMAT OG HORFUR – ASSESSMENT AND PROSPECTS


Ráðgjöfin byggist ráðgjöf á niðurstöðum alþjóðlegs karfaleiðangurs sem hefur verið farinn annað hvert ár síðan 1999. Niðurstöður mælinga á neðri stofni úthafskarfa benda til að hann hafi minnkað hratt síðasta áratuginn og er mælingin árið 2015 sú lægsta síðan mælingar hófust árið 1999.

Advice is based on stock development from biennial international redfish survey, conducted in the Irminger Sea and adjacent waters since 1999. Indices from the survey suggest a rapid decline in the stock from 2001–2015.

VEIÐAR – THE FISHERY

Úthafskarfaveiðar eru að mestu stundaðar á yfir 500 metra dýpi á tímabilinu maí–júlí. Aflinn var á bilinu 75–140 þús. tonn 1995–2004, mestur árið 1996. Frá árinu 2005 hefur aflinn dregist verulega saman og er aflinn árin 2014 og 2015 er minnsti afli síðan 1993 þegar veiðarnar voru að byrja.

Deep pelagic redfish is caught at depths greater than 500 m in May–July in the north eastern Irminger Sea close to the Icelandic and Greenland EEZ and within the Icelandic EEZ. The catch ranged between 70 and 140 thous. tonnes in 1995–2004, highest in 1996. Since 2005 annual landings have declined and landings in 2014 and 2015 are the lowest since 1993.



Úthafskarfi, neðri stofn. Veiðisvæði íslenskra skipa árin 2004–2015 (t/sjm²)
Deep pelagic redfish. Fishing grounds of the Icelandic fleet in 2004–2015 (t/nm²)

Afli 2015 (þús. tonn) Catches 2015 (thous. t)	Flotvarpa Pelagic trawl
27.4	100%

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

ICES lagði til að verulega verði dregið úr veiði úr neðri stofni úthafskarfa árin 2015 og 2016 og að hámarksafli fari ekki yfir 10 þús. tonn vegna mjög neikvæðrar þróunar í vísitölum stofnstærðar á undanfönum árum. Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin (NEAFC), fer með stjórnun veiðanna, samþykkti að afli úr neðri stofni úthafskarfa yrði 8.5 þús. tonn fyrir árið 2016. Rússar mótmæltu samkomulaginu og sett sér einhliða aflamark sem nær til beggja stofna úthafskarfa. Nær aflamarkið bæði til efri og neðri stofns úthafskarfa þar sem þeir telja að um einn stofn sé að ræða. Afli hefur því verið umtalsvert meiri en ráðgjöf

ICES advised for the 2015 and 2016 fishing year that catches should be reduced to less than 10 thous. tonnes based on reduction in survey indices. North East Atlantic Fisheries Commission (NEAFC) decided that TAC should be 8.5 thous. tonnes for 2016. The Russian Federation objected this agreement and has decided on a unilateral quota since 2011 that considered both redfish management units (shallow and deep pelagic redfish) as a single stock. Catches of deep pelagic redfish have for this reason exceed recommended TAC significantly.

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Úthafskarfi, neðri stofn. Tillögur um hámarksafli, heildaraflamark íslenskra skipa samkvæmt ákvörðun stjórnvalda og afli (þús. tonn).
Deep pelagic redfish. Recommended TAC, national TAC and catches (thous. tonnes).

Ár Year	Tillaga Recommended TAC	Aflamark fyrir Ísland National TAC	Afli Íslendinga Catches Iceland	Afli annarra þjóða Catches others	Afli alls Total catch
2011	20	11.8	12.0	35.3	47.3
2012	20	9.8	5.9	26.9	32.8
2013	20	8.1	8.5	37.5	46.0
2014	20	6.2	2.1	21.7	23.8
2015	10	2.9	2.0	25.4	27.4
2016	10	2.5			

HEIMILDIR - REFERENCES

ICES. 2016. Report of the North-Western Working Group (NWWG), 27 April–4 May, 2016, ICES Headquarters, Copenhagen. ICES CM 2016/ACOM:08. (Skýrslu má nálgast frá: <http://www.ices.dk/community/groups/Pages/NWWG.aspx>)

ÚTHAFSKARFI, EFRI STOFN

SHALLOW PELAGIC REDFISH

Sebastes mentella

RÁÐGJÖF – ADVICE


Alþjóðahafrannsóknaráðið ráðleggur í samræmi við varúðarsjónarmið að ekki skuli stunda beinar veiðar úr efri stofni úthafskarfa árin 2017 og 2018 og að meðafli skuli vera eins lítill og mögulegt er.

ICES advises that when the precautionary approach is applied no directed fishery should be conducted in 2017 and 2018 and bycatch of this stock in non-directed fisheries should be kept as low as possible.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Heildarvísitala efri stofns úthafskarfa í alþjóðlegum karfaleiðangri gáfu til kynna að stofnstærð hefði minnkað úr 2,2 milljónum tonna árið 1994 í um 91 þús. tonn árið 2013. Engar mælingar eru til fyrir árið 2015.

The biomass index from the acoustic surveys in 2009–2013 indicates that the stock has declined to less than 5% of the estimates at the beginning of the survey time-series in the early 1990s. No survey biomass estimates are available after 2013.



Úthafskarfi, efri stofn. Afli og lífmassavísitala úr alþjóðlegum karfaleiðangri í Grænlandshafi.

Shallow pelagic redfish. Catches and biomass index from the international redfish survey in the Irminger Sea and adjacent waters.

STOFNMAT OG HORFUR – ASSESSMENT AND PROSPECTS


Stofnstærð efri stofns úthafskarfa hefur verið mældur með bergmálmælingum frá árinu 1991. Ekki var farinn leiðangur árið 2015 eins og áætlanir gerðu ráð fyrir vegna þess að Rússar drógu sig út mánuði áður en hann hófst. Reyndist því ekki mögulegt að fara yfir útbreiðslusvæði efri stofns úthafskarfa á einungis tveimur skipum á þeim tíma sem þeim var ætlað til rannsóknanna. Næsti leiðangur er áætlaður í júní/júlí 2018.

The assessment would benefit from consistent survey coverage and a recruitment index. No estimate from the acoustic survey was obtained in 2015 because Russia cancelled its participation in the survey and no alternatives could be arranged to make up for the corresponding loss in survey coverage. The geographical distribution of the shallow pelagic redfish stock was therefore not covered. The next survey is scheduled in June/July 2018.

VEIÐAR – THE FISHERY

Veiðar á úthafskarfastofninum sem er á minna en 500 m dýpi eru að mestu stundaðar í hinum alþjóðlega hluta Grænlandshafs og í fiskveiðilögsögu Grænlands í júlí–október. Afli úr efri stofni úthafskarfa að mestu veiddur af Rússum á hinni hefðbundnu veiðislóð suðaustur og suður af Hvarfi.

The fishery is mainly conducted at depths shallower than 500 m in the Irminger Sea and adjacent waters south and southeast of Greenland. Directed fishery is mainly conducted by Russia on the traditional fishing grounds.



Úthafskarfi, efri stofn. Veiðisvæði íslenskra skipa árin 2001–2015 (t/sjm²)

Shallow pelagic redfish. Fishing grounds of the Icelandic fleet in 2001–2015 (t/nm²)

Afli 2015 (þús. tonn) Catches 2015 (thous. t)	Flotvarpa Pelagic trawl
5.6	100%

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin (NEAFC) fer með stjórnun veiðanna og hefur frá árinu 2011 samþykkt að engin veiði yrði úr efri stofni úthafskarfa þar sem ástand stofnsins er talið mjög slæmt. Rússar hafa mótmælt samkomulaginu og sett sér einhliða aflamark sem nær til beggja stofna úthafskarfa. Afli hefur því verið umtalsvert meiri en ráðgjöf. Vegna mjög neikvæðrar þróunar á stofnstærð efri stofns úthafskarfa hefur ICES ráðlagt, frá árinu 2010, að ekki skuli stunda beinar veiðar úr stofninum.

Shallow pelagic redfish is managed by North East Atlantic Fisheries Commission (NEAFC) and has since 2011 agreed that no fishery should be conducted because of poor state of the stock. The Russian Federation objected this agreement and has decided on a unilateral quota since 2011 that considered both redfish management units (shallow and deep pelagic redfish) as a single stock. Catches of shallow pelagic redfish have for this reason exceed recommended TAC significantly. The stock is at a very low level and there is no information on exploitation rates. ICES has, therefore, advised since 2015 on the basis of the precautionary approach that no directed fishery should be conducted.

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Úthafskarfi, efri stofn. Tillögur um hámarksafli, heildaraflamark íslenskra skipa samkvæmt ákvörðun stjórnvalda og afli (þús. tonn).

Shallow pelagic redfish. Recommended TAC, national TAC, and catches (thous. tonnes).

Ár Year	Tillaga Recommended TAC	Aflamark fyrir Ísland National TAC	Afli Íslendinga Catches Iceland	Afli annarra þjóða Catches others	Afli alls Total catch
2011	Engin bein sókn	0	0.1	0.2	0.3
2012	Engin bein sókn	0	0.0	3.2	3.2
2013	Engin bein sókn	0	0.0	1.5	1.5
2014	Engin bein sókn	0	0.3	6.1	6.3
2015	Engin bein sókn	0	0.2	5.4	5.6
2016	Engin bein sókn	0			

HEIMILDIR - REFERENCES

ICES. 2016. Report of the North-Western Working Group (NWWG), 27 April–4 May, 2016, ICES Headquarters, Copenhagen. ICES CM 2016/ACOM:08. (Skýrslu má nálgast frá: <http://www.ices.dk/community/groups/Pages/NWWG.aspx>)

LITLI KARFI – NORWAY REDFISH

Sebastes viviparus

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við varúðarsjónarmið að afli fiskveiðarárið 2016/2017 verði ekki meiri en 1500 tonn.

MRI advises that when the precautionary approach is applied, catches in the fishing year 2016/2017 should be no more than 1500 tonnes.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Heildarvísitala litla karfa í SMB hefur hækkað hratt undanfarin fimm ár. Vísitalan árið 2016 er sú hæsta síðan mælingar hófust og rúmlega þrefalt hærri en hún var um aldamótin. Skekkjumörk á mati vísitölunnar síðustu árin eru víð sem stafar af miklum afla í fáum togum.

The IS-SMB biomass index has increased rapidly since 2011 and was in 2016 the highest recorded and more than three times higher than in 2000. The variance of the measurement in recent years has been high, due to a few large hauls.



Litli karfi. Afli og lífmassavísitala úr SMB.
Norway redfish. Catches and biomass index.

STOFNMAT OG HORFUR


SMB nær yfir allt veiðisvæði litla karfa á Íslandsmiðum. Skekkjumörk á mati vísitölunnar síðustu ár eru víð, sem stafar af miklum afla í fáum togum. Þetta veldur talsverðri óvissu í mati á lífmassavísitölum frá ári til árs. Þar sem rannsóknir og veiðar á litla karfa hafa verið takmarkaðar er lítið vitað um stofnstærð hans og veiðipól. Líkt og hjá öðrum karfastofnum við Ísland er litli karfi hægvaxta og langlífur og því mikilvægt að sóknin sé takmörkuð. Engar nýjar upplýsingar liggja fyrir um veiðipól litla karfa við Ísland og því er ráðgjöf óbreytt frá fyrra ári.

The IS-SMB covers the entire fishing grounds of Norway redfish in Icelandic waters. Due to the aggregating behaviour of the species, survey indices are often largely dominated by a few large hauls, causing high variance in the survey indices. Little is known about the stock size and sustainable catch level. As with other redfish stocks in Icelandic waters, the Norway redfish is slow-growing and long-lived and thus it is important that effort be limited. No new information are available on the sustainable catch level of Norway redfish in Icelandic waters. Therefore, the advice is the same as last year.

VEIÐAR – THE FISHERY

Árið 1997 hófust beinar veiðar á litla karfa fyrir Suðurlandi og alls veiddust 1200 tonn það ár. Aflinn minnkaði hratt næstu ár og var landaður afli mjög lítill á árunum 2001–2009. Árið 2010 hófust beinar veiðar að nýju og var landaður afli 2600 tonn, sem er mesti afli til þessa. Síðan hefur aflinn minnkað og síðustu fjögur ár var ársaflinn um 500 tonn.

A directed fishery for Norway redfish started in 1997 with a catch of 1200 tonnes. The catches declined rapidly until 2000, and between 2001 and 2009 only a few tonnes were landed. In 2010, a directed fishery started again with total landings of 2600 t. Annual landings in 2012–2015 have been about 500 tonnes.



Litli karfi. Veiðisvæði árið 2015 (t/sjm²)
Norway redfish. Fishing grounds in 2015 (t/nm²)

Afli 2015 (tonn) Catches 2015 (t)	Botnvarpa Bottom trawl
468	100%

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Litli karfi. Tillögur um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).

Norway redfish. Recommended TAC, national TAC, and catches (tonnes).

Fiskveiðiár Fishing year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Catches
2011/12	1500	-	1220
2012/13	1500	-	610
2013/14	1500	-	670
2014/15	1500	1500	390
2015/16	1500	1500	
2016/17	1500		

GRÁLÚÐA – GREENLAND HALIBUT

Reinhardtius hippoglossoides

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun leggur til, í samræmi við ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknarráðsins sem miðar að hámarks-afkrasti til lengri tíma litið (MSY), að afli fiskveiðiárið 2016/2017 verði ekki meiri en 24 þús. tonn. Samkvæmt samkomulagi milli Íslands og Grænlands mun 56.4% af ráðlögðu aflmarki koma í hlut Íslendinga.

MRI and ICES advise that when the MSY approach is applied, catches in the 2016/2017 fishing year should be no more than 24 thous. tonnes. According to an agreement between Iceland and Greenland, 56.4% of the TAC is allocated to Iceland.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Veiðidánartala grálúðu hefur lækkað nokkuð á undanförunum árum og er nú nálægt því sem gefur hámarks-afkrastur til lengri tíma litið (F_{MSY}). Stofnstærð fer hægt vaxandi.

Fishing mortality has decreased in recent years, and is estimated to be relatively close to F_{MSY} . Biomass is slowly increasing.



Grálúða. Afli eftir hafsvæðum, hlutfallsleg veiðidánartala (F/F_{MSY}), og hlutfallslegar breytingar á veiðistofni (B/B_{MSY}).
Greenland halibut. Catches by area, relative fishing mortality (F/F_{MSY}) and changes in relative biomass (B/B_{MSY}).

GRUNNUR RÁÐGJAFAR – BASIS FOR ADVICE


Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	Kjörsókn F_{MSY} <i>MSY approach</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Samkomulag milli Íslands og Grænlands frá 2014 um kjörsókn og skiptingu afla <i>A formal management plan was agreed by Greenland and Iceland in 2014</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Afraksturslíkan byggt á heildarafla, stofnvísitölum og afla á sóknareiningu <i>A probabilistic (Bayesian) version of a surplus production model</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Heildarafli, vísitölur úr stofnmælingu botnfiska við Ísland (SMH) og Grænland, auk afla á sóknareiningu íslenskra togara <i>Total catches, survey indices (GRL-deep and IS-SMH), and a CPUE (Icelandic trawlers)</i>

Nálgun <i>Framework</i>	Gátmörk <i>Reference point</i>	Gildi <i>Value</i>	Grunnur <i>Basis</i>
MSY	B_{MSY}	$0.5 B_{MSY}$	B_{MSY} er metið með afraksturslíkani <i>B_{MSY} is estimated from surplus production model</i>
	F_{MSY}	Hlutf. gildi <i>Relative value</i>	Fiskveiðidánarstuðlar skilgreindir sem hlutfall af F_{MSY} <i>Fishing mortality values expressed relative to F_{MSY}</i>
Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>	B_{lim}	$0.3 B_{MSY}$	Hlutfall B_{MSY} þar sem afrakstur er 50% af MSY <i>A fraction of B_{MSY} where production is 50% MSY</i>
	F_{lim}	$1.7 F_{MSY}$	Fiskveiðidánarstuðull sem að jafnaði gefur B_{lim} <i>The F that on average gives B_{lim}</i>

VEIÐAR – THE FISHERY

Á árunum 1980–1990 voru um 75–90% grálúða-aflans veidd af Íslendingum. Frá 1990 hefur hlutdeild Íslendinga dregist saman og er nú 50–60%. Mestur hefur aflinn verið um 60 þús. tonn árið 1989. Á undanförunum árum hefur mest veiðst í botnvörpu, eða ríflega 87% aflans.

In 1980–1990, about 75–90% of catches were caught by Iceland. Since 1990, the Icelandic proportion has decreased, and has in recent years been 50–60%. Highest catches were recorded in 1986, or about 60 thous. tonnes. Most of the catch is caught by trawlers.



Grálúða. Veiðisvæði við Ísland árið 2015 (t/sjm²)
Greenland halibut. Fishing grounds in 2015 (t/nmi²)

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Grálúða. Tillögur um hámarksafli fyrir A-Grænland/Ísland/Færeyjar, ákvörðun stjórnvalda um heildaraflamark og afli (þús. tonn).
Greenland halibut. Recommended TAC to East Greenland/Iceland/Faroes, national TAC, and catch (thous. tonnes).

Fiskveiðiár <i>Fishing year</i>	Tillaga <i>Rec. TAC</i>	Aflamark fyrir Ísland <i>TAC in Icelandic waters</i>	Afli á Íslandsmiðum <i>Catches Iceland</i>	Afli á öðrum miðum ¹⁾ <i>Catches other area²⁾</i>	Afli alls ¹⁾ <i>Total catch²⁾</i>
2010/11	5	13.0	12.2	13.1	25.3
2011/12	12	13.0	13.2	15.6	28.8
2012/13	20	14.7	14.1	12.0	26.9
2013/14	20	12.5	11.9	11.2	21.1
2014/15	25	14.1	11.9	13.1	25.7
2015/16	22	12.4			
2016/17	24				

¹⁾ Almanaksár. *Calendar year.*

HEIMILDIR – REFERENCES

ICES. 2016. Report of the North-Western Working Group (NWWG), 27 April–4 May, 2016, ICES Headquarters, Copenhagen. ICES CM 2016/ACOM:08. (Skýrslu má nálgast frá: <http://www.ices.dk/community/groups/Pages/NWWG.aspx>)

LÚÐA – ATLANTIC HALIBUT

Hippoglossus hippoglossus

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun leggur til að áfram verði í gildi reglugerð frá 2012 sem bannar allar beinar veiðar á lúðu í fiskveiðilandhelgi Íslands, og kveður jafnframt á um að allri lífvænlegri lúðu sem kemur um borð í veiðiskip skuli sleppt.

In 2012, a regulation was issued to ban all targeted fishing for Atlantic halibut and stipulating that all viable halibut must be released in other fisheries. MRI recommends that these regulations should be maintained until clear indications of improvement in the stock are evident.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Nýliðunar- og lífmassavísitölur lúðu í SMB lækkuðu hratt á árunum 1985–1992 og hafa verið lágar síðan.

IS-SMB recruitment and biomass indices decreased rapidly between 1985 and 1992 and have remained low since.



Lúða. Afli eftir veiðarfærum, nýliðunarvísitala og lífmassavísitala úr SMB og vísitala veiðihlutfalls (afli/lífmassavísitala).

Atlantic halibut. Catch by gear type, IS-SMB juvenile and biomass indices, and F_{proxy} (catch/survey biomass).

HORFUR – PROSPECTS

Lúða sem veiðst hefur í SMB er að stærstum hluta 3–5 ára ókynþroska fiskur. Þessir aldurshópar hafa verið í mikilli lægð í tvo áratugi og bendir það til að viðkomubrestur hafi orðið í stofninum. Þetta ástand er orðið svo langvinnt að fyrirsjáanlegt er að stofninn muni áfram verða í lægð á næstu árum.

Atlantic halibut caught in IS-SMB has predominantly been 3–5 year old immature fish. These age groups have been in decline for over 20 years, and it is evident that the stock has suffered a recruitment failure. It is therefore likely that the stock will remain low over the next years.

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF ASSESSMENT


SMB nær einungis yfir veiðisvæði ókynþroska lúðu, en litlar upplýsingar eru til um kynþroska hluta stofnsins. Breytingar á vísitölum eru litlar frá ári til árs og mælisekkja yfirleitt lítil.

The IS-SMB only covers the fishing grounds of juvenile Atlantic halibut, and there is a lack of information on the adult population. The survey indices have been stable between years, and uncertainties around them are low.

VEIÐAR – THE FISHERY

Landaður ársafli lúðu á Íslandsmiðum var nálægt 2000 tonnum árin 1984–1991, en minnkaði síðan stöðugt til ársins 1997. Á árunum 1997–2011, fram að veiðibanni, var lúðuafllinn á bilinu 500–800 tonn. Lúða veiðist sem meðafli í ýmis botnlæg veiðarfæri allt í kringum landið. Ólíkt lúðu sem veiðist á landgrunninu, er mest af lúðunni í djúpköntunum kynþroska fiskur.

Around 2000 tonnes of Atlantic halibut were landed annually from Icelandic waters in 1984–1991. A steady decline in catch occurred from 1991 to 1997, after which the catch stabilized between 500 and 800 tonnes until the ban on targeted fishing in 2012. Atlantic halibut is now only caught as bycatch in bottom gear all around the island.



Lúða. Veiðisvæði árið 2000–2015 (t/sjm²)
Atlantic halibut. Fishing grounds in 2000–2015 (t/nmi²)

Afli 2015 (tonn) Catches 2015 (t)	Botnvarpa Bottom trawl	Dragnót Demersal seine	Annað Other
84	82%	11%	7%

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

Vegna bágs ástands lúðustofnsins setti ráðherra sjávarútvegsmála á fót starfshóp um aðgerðir til verndar stofninn. Var niðurstaða hópsins að áhrifaríkasta leiðin væri að banna beinar veiðar. Í framhaldinu hafði Hafrannsóknastofnun samráð við reynda skipstjórnarmenn varðandi frekari aðgerðir til verndar lúðustofninn. Niðurstaðan var að eina raunhæfa leiðin væri að banna beinar veiðar og sleppa lúðu við veiðar þar sem það væri tæknilega mögulegt, enda er lúðan talin lifa af þá meðferð. Í samræmi við tillögur Hafrannsóknastofnunar gaf sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið út reglugerð sem tók gildi í ársbyrjun 2012.

A committee established in 2010 by the minister of fisheries due to the poor state of the Atlantic halibut stock, concluded that the most effective way to rebuild the stock would be to ban all targeted fishing. The MRI followed up on this advice, by consulting with experienced captains on what would be the best course of action to protect the stock. The resulting recommendations were that the best course of action would be to ban targeted fishing, and to make it mandatory to release all viable Atlantic halibut caught as bycatch in other fisheries. Regulations from the ministry of fisheries and agriculture that followed the advice were put into effect in January 2012.

SKARKOLI – PLAICE

Pleuronectes platessa

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur að afli fiskveiðiárið 2016/2017 fari ekki yfir 7330 tonn, en sá afli miðast við hámarksafkastur til lengri tíma litið. Einnig er lagt til að áfram verði stuðlað að verndun hrygnandi skarkola með lokun veiðisvæða á hrygningartíma, líkt og gert hefur verið síðan 2002.

The MRI recommends that when the MSY approach is applied, catch should not exceed 7330 tonnes in the 2016/2017 fishing year. In addition, the MRI recommends that regulations regarding area closures on spawning grounds remain in effect.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Nýliðun skarkola hefur verið lítil en fremur stöðug frá 1994. Veiðidánartala hefur farið lækkandi frá árinu 1997 og frá aldamótum hefur veiðistofninn farið hægt vaxandi.

Recruitment has been low but steady since 1994. Fishing mortality has declined since 1997 and is at an all-time low, while biomass has slowly increased since 2000.



Skarkoli. Afli eftir veiðarfærum, nýliðun 3 ára, veiðidánartala og stærð veiðistofns.

Plaice. Catch by gear type, recruitment (3-yr old), fishing mortality, and harvestable biomass.

STOFNMAT OG GÁTMÖRK – BASIS OF THE ASSESSMENT AND REFERENCE POINTS

Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	MSY nálgun <i>MSY approach</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn <i>There is no management plan for this stock</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Aldurs-aflalíkan <i>Age-based model</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Aldursgreindur afli og aldursgreindar fjöldavísitölur úr stofnmælingum (SMB) <i>Catch in numbers and age disaggregated indices (IS-SMB)</i>

Nálgun <i>Framework</i>	Gátmörk <i>Reference point</i>	Gildi <i>Value</i>	Grunnur <i>Basis</i>
Hámarksafkrastur <i>MSY approach</i>	F_{MSY}	0.22	$F_{0.1}$

HORFUR – PROSPECTS

Líklegt er að stofnstærð haldist stöðug næstu ár, en talsverð óvissa er í stofnmati vegna skorts á upplýsingum um nýliðun.

The stock size is likely to remain stable over the next years, but considerable uncertainty is present in the assessment due to a lack of recruitment data.

Skarkoli. Áhrif á áætlaða stofnstærð (tonn) miðað við veiðar samkvæmt kjörsókn.


Plaice. Projection of reference stock and spawning stock biomass (tonnes) based on $F_{0.1}$.

2016				2017			
Áætl. afli <i>Predicted catches</i>	Veiðistofn <i>Harvestable biomass</i>	Hrygn. stofn <i>SSB</i>	F	Aflamark <i>TAC</i>	F	Veiðistofn <i>Harvestable biomass</i>	Hrygn. stofn <i>SSB</i>
6497	46 110	31 950	0.20	7330	0.22	47 410	32 880

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF THE ASSESSMENT

Nýtt aldurs-aflalíkan var notað við stofnmat skarkola í ár. Niðurstöður líkansins benda til að veiðistofn hafi verið vanmetinn í stofnmati árána 2013–2015 og veiðidánartala ofmetin á sama tíma. Talsverð óvissa er í stofnmati skarkola þar sem litlar upplýsingar eru í stofnmælingum um nýliðun, auk þess sem aldursgögn vantar.

A new analytical age-based model was used this year, suggesting that fishing mortality was overestimated but harvestable biomass underestimated in the model used in 2013–2015. Considerable uncertainty is present in the assessment due to limited information on recruitment.




Skarkoli. Samanburður á stofnmati árána 2013–2016 (rauð lína: stofnmat 2016).

Plaice. Historical assessment results 2013–2016 (red line: 2016 assessment).

VEIÐAR – THE FISHERY

Afli skarkola hefur verið um 6000 tonn undanfarin ár og mest hefur veiðst í dragnót. Árið 1992 veiddist um helmingur aflans í botnvörpu en frá árinu 1996 hefur hlutfall afla í botnvörpu verið á bilinu 24–38%. Sókn hefur farið minnkandi á undanförunum árum og á sama tíma hefur afli á sóknareiningu farið vaxandi, bæði í dragnót og botnvörpu.

The annual plaice catch has been around 6000 tonnes in recent years, with about two thirds caught in demersal seine. In 1992, around half of the TAC was caught in bottom trawl, but since 1996 that proportion has been 24–38%. Fishing effort has decreased and cpue as increased, both in demersal seine and bottom trawl.



Skarkoli. Veiðisvæði árið 2015 (t/sjm²)
Plaice. Fishing grounds in 2015 (t/nmi²)

Afli 2015 (tonn) Catches 2015 (tonnes)	Dragnót Demersal seine	Botnvarpa Bottom trawl	Annað Other
6754	65%	29%	6%

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Skarkoli. Tillögur um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).

Plaice. Recommended TAC, national TAC, and catches (tonnes).

Fiskveiðiár Fishing year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Catches
2010/11	6500	6500	4840
2011/12	6500	6500	5820
2012/13	6500	6500	5930
2013/14	6500	6500	6030
2014/15	7000	7000	6230
2015/16	6500	6500	
2016/17	7330		

SANDKOLI – DAB

Limanda limanda

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun leggur til að sandkoolaafli fiskveiðiárið 2016/2017 fari ekki yfir 500 tonn. Einnig leggur stofnunin til að sérstaka aflamarkssvæðið frá Snæfellsnesi suður um að Stokksnesi verði lagt niður og að öll sandkolamið verði undir aflamarki.

MRI recommends a TAC no higher than 500 tonnes for the 2016/2017 fishing year. The MRI also recommends that the defined management area from Snæfellsnes to Stokksnes will be abolished and all dab fishing grounds be under TAC limits.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Lífmassavísitala sandkola í SMB var mjög lág á árunum 2006–2009, en talsvert hærrí og stöðug 2010–2014. Vísitalan síðastliðin tvö ár hefur verið lág.

IS-SMB biomass index was low in 2006–2009, higher between 2010 and 2014, but low over the past two years.



Sandkoli. Afli og lífmassavísitala úr SMB.
Dab. Catches and biomass index.

HORFUR – PROSPECTS

Gögn um aldursskiptan sandkoolafla eru til fyrir tímabilið 1993–2015. Veiðin árið 2015 byggðist að mestu á 5–7 ára fiski eða árgöngunum frá 2008–2010. Mat á veiðistofni í upphafi árs 2016 er háð mikilli óvissu þar sem mjög takmarkaðar upplýsingar eru til um stærð árganganna frá 2011 og 2012 sem eru að bætast í veiðistofninn. Greining á aflasýnum árið 2015 bendir til þess að þeir árgangar sem þá héldu uppi aflanum séu ekki stórir.

Catch by length and age information is available from 1993–2015. Catch in 2015 consisted mostly of 5–7 year old fish. Considerable uncertainty exists around the 2016 stock biomass estimate due to lack of information on the fish hatched in 2011–2012 that are recruiting into the fishable population this year.

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF THE ASSESSMENT


Stofnmælingar botnfiska eru ekki taldar veita nægilega góðar upplýsingar um nýliðun sandkola, þar sem ungfiskur heldur sig að hluta grynna en stöðvanetið nær til.

Survey recruitment indices are considered inadequate to provide information on recruitment, due to the fact that the survey area does not cover the main nursery areas.

VEIÐAR – THE FISHERY

Frá árinu 1984 jókst landaður afli sandkola nokkuð stöðugt og náði hámarki árin 1996–1997, í tæpum 8000 tonnum. Frá árinu 2007 hefur landaður afli verið undir 1000 tonnum. Sandkolaveiðar hafa fyrst og fremst verið stundaðar í Faxaflóa, við Reykjanes og með suðurströndinni austur að Stokksnesi. Um 95% aflans veiðist að jafnaði í dragnót.

Catch steadily increased from 1984 until it peaked at 8000 tonnes in 1996–1997. The catches have been relatively low since 2007, or under 1000 tonnes annually. Dab is mostly fished in Faxaflói, around Reykjanes and along the south coast. Around 95% of the catch is caught in demersal seine.



Sandkoli. Veiðisvæði árið 2015 (t/sjm²)
Dab. Fishing grounds in 2015 (t/nmi²)

Afli 2015 (tonn) Catches 2015 (tonnes)	Dragnót Demersal seine	Botnvarpa Bottom trawl	Annað Other
500	94%	4%	2%

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Sandkoli. Tillögur um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).

Dab. Recommended TAC, national TAC, and catches (tonnes).

Fiskveiðiár Fishing year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Catches
2010/11	500 ¹⁾	900	600
2011/12	500 ¹⁾	900	700
2012/13	500 ¹⁾	800	590
2013/14	500 ¹⁾	500	400
2014/15	1000	1000	550
2015/16	500	500	
2016/17	500		

¹⁾ Engar beinar veiðar. Aflamark sem nemi áætluðum aukaafli við aðrar veiðar.

¹⁾ No directed fishery. TAC set no higher than would result from dab bycatch in other fisheries.

SKRÁPFLÚRA – LONG ROUGH DAB

Hippoglossoides platessoides

RÁÐGJÖF – ADVICE


Í ljósi þess að skrápflúra veiðist nú fyrst og fremst sem meðafli og afli mjög lítill, leggur Hafrannsóknastofnun ekki fram tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 2016/2017. Vegna bágs ástands stofnsins leggur stofnunin til að helstu hrygningarsvæðum skrápflúru verði lokað á hrygningartíma.

Due to the fact that long rough dab is only caught as bycatch, and landed catch is very low, the MRI will not recommend a TAC for the 2016/2017 fishing year. Due to poor state of the stock, the MRI recommends area closures in the main spawning grounds of long rough dab over the spawning period.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Lífmassa vísitalan hefur minnkað umtalsvert frá árinu 2003 og verið í lágmarki undanfarin sjö ár. Nýliðunarvísitala í SMB var há árin 1991–1997 og undanfarin ár hefur nýliðun mælst yfir meðaltali árunna 1985–2014 án þess að það hafi skilað sér í stækkandi stofni.

IS-SMB biomass index has decreased since 2003, and has been low for the last seven years. IS-SMB recruitment index has been relatively high over the last 5 years, but that has not resulted in increased stock biomass.



Skrápflúra. Afli, nýliðunarvísitala og lífmassavísitala úr SMB og vísitala veiðihlutfalls (afli/lífmassavísitala).

Long rough dab. Catches, juvenile and biomass indices and F_{proxy} (catch/survey biomass).

HORFUR – PROSPECTS


Stofnvísitölur benda til að stofninn hafi minnkað hratt á árunum 2003–2008, á sama tíma og landaður afli var langt undir úthlutuðu aflamarki. Ólíklegt verður að teljast að sú minnkun sem orðið hefur sé eingöngu afleiðing veiða. Vísbendingar eru um góða nýliðun sem gæti skilað sér í veiðistofninn á næstu árum, en ljóst er að stærð hans er enn í lágmarki.

IS-SMB survey indices indicate that the stock declined rapidly in 2003–2008, over a period where landed catch was well below set TAC. It is therefore unlikely that the decline in the stock was solely due to fishing. Stock size is close to an all-time low, but recruitment has been high recently, which might lead to increase in the stock over the next few years.

VEIÐAR – THE FISHERY

Skrápflúra veiðist allt í kringum landið en aðalveiðisvæðin eru smá og bundin við þekkt hrygningarsvæði. Uppistaðan í veiðinni er eldri fiskur og vegna stærðarmunar kynjanna eru nær eingöngu veiddar hrygnur. Árin eftir 1987, eftir að byrjað var að landa skrápflúru, var aflinn innan við 2000 tonn. Á árunum 1995–1997 var landaður afli um 6000 tonn, en hefur verið hverfandi undanfarin ár.

Long rough dab is caught all around the country, but the main fishing grounds are small and restricted to known spawning grounds. Catch is dominated by older fish, and due to sexual dimorphism in size, the catch is almost exclusively females. After 1987, when ships started to land long rough dab, the catches were relatively low or below 2000 tonnes annually. The catches were highest, 6000 tonnes annually, between 1995 and 1997. Very little long rough dab has been landed over the last 5 years.



Skrápflúra. Veiðisvæði árið 2010–2015 (t/sjm²)
Long rough dab. Fishing grounds in 2010–2015 (t/nm²)

Long rough dab has been landed over the last 5 years.

Afli 2015 (tonn) Catches 2015 (tonnes)	Dragnót Demersal seine	Rækjuvarpa Shrimp trawl	Annað Other
36	17%	53%	30%

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Skrápflúra. Tillögur um hámarksafli, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn) á aflamarkssvæðinu.

Long rough dab. Recommended TAC, national TAC, and catches (tonnes).

Fiskveiðiár Fishing year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Catches
2010/11	200 ¹⁾	200	110
2011/12	200 ¹⁾	200	80
2012/13	200 ¹⁾	200	10
2013/14	200 ¹⁾	200	9
2014/15	-	-	5
2015/16	-	-	
2016/17	-	-	

¹⁾ Engar beinar veiðar. Aflamark sem nemi áætluðum aukaafli við aðrar veiðar.

²⁾ No directed fishery. TAC set no higher than would result from long rough dab bycatch in other fisheries.

LANGLÚRA – WITCH

Glyptocephalus cynoglossus

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við varúðarsjónarmið að afli fiskveiðiárið 2016/2017 verði ekki meiri en 1110 tonn.

MRI advises that when the precautionary approach is applied, catches in the 2016/2017 fishing year should be no more than 1110 tonnes.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Lífmassavísitala í SMB árið 2016 var há líkt og flest ár frá 2004. Nýliðunarvísitala SMB hefur hins vegar farið lækkiandi frá árinu 2009 og hefur aldrei mælst lægri en 2016. Vísitala veiðihlutfalls hefur verið hlutfallslega lág síðustu fjögur ár.

IS-SMB biomass index has been high since 2004. The recruitment index has, however, declined since 2009, and reached an all-time low this year. F_{proxy} has remained relatively low over the last four years.



Langlúra. Afli eftir veiðarfærum, nýliðunarvísitala og lífmassavísitala úr SMB og vísitala veiðihlutfalls (afli/lífmassavísitala).

Witch. Catch by gear type, juvenile and biomass indices and F_{proxy} (catch/survey biomass).

STOFNMAT OG GÁTMÖRK – BASIS OF THE ASSESSMENT AND REFERENCE POINTS

Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn <i>There is no management plan for this stock</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Byggt á þróun afla og lífmassavísitalna <i>Trends in biomass indicators and catch</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Afli og vísitölur úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) <i>Commercial catch and survey biomass indices (IS-SMB)</i>

Nálgun <i>Framework</i>	Gátmörk <i>Reference point</i>	Gildi <i>Value</i>	Grunnur <i>Basis</i>
Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>	Target F_{proxy}	0.39	Meðaltal F_{proxy} árin 2013–2015 <i>Mean of F_{proxy} in 2013–2015</i>

Grunnur ráðgjafar fylgir forskrift Alþjóðahafrannsóknaráðsins fyrir stofna þar sem ekki er hægt að beita aldurs-aflagreiningu en til eru vísitölur sem taldar eru gefa mynd af breytingum á stofnstærð (Category 3 stocks; [ICES 2012](#)). Lífmassavísitala fyrir langlúru 20 cm og stærrí í SMB, ásamt afla, er notuð til að reikna vísitölu veiðihlutfalls (F_{proxy} = afli/vísitala). Ráðgjöf byggir á markgildi á F_{proxy} sem er meðaltal F_{proxy} árin 2013–2015, en á þeim tíma voru vísitölur veiðihlutfalls og lífmassa tiltölulega stöðugar. Breyting á ráðgjöf 2016 miðað við fyrra ár er minni en 20% og því þarf ekki að beita sveiflujöfnun.

This advice follows the ICES framework for stocks where reliable stock biomass indices are available, but analytical age-length based assessments are not feasible (Category 3 stocks; ICES 2012). IS-SMB biomass index of witch 20 cm and larger, along with catch, is used to calculate F_{proxy} (catch/survey biomass). The target F_{proxy} was defined as the mean from the reference period of 2013–2015. The advice is based on multiplying the target F_{proxy} value to the most recent index value. Uncertainty cap is not applied, as the change from previous years catch advice is less than 20%.

Langlúra: Útreikningar ráðgjafar.

Witch. Advice calculation.

Vísitala 2016 – Index 2016	2849
Target F_{proxy}	0.39
Ráðgjöf 2015 – Advice 2015	1100 t
Vísitala 2016 x target F_{proxy} / Ráðgjöf 2015 Index 2016 x target F_{proxy} / Advice 2015	1.01
Sveiflujöfnun – Uncertainty cap	Ekki beitt / Not applied
Ráðgjöf – Catch advice	1110 t

HORFUR – PROSPECTS

SMB bendir til að veiðistofn langlúru hafi verið nokkuð stór frá 2004. Nýliðun hefur hins vegar verið mjög léleg á undanförunum árum og litlir árgangar frá 2009–2013 leiða líklega til þess að veiðistofn langlúru muni minnka á næstu árum.

IS-SMB indicates that the witch stock was relatively large from 2004 and onwards. Low recruitment in recent years and small cohorts in 2009–2013 might lead to a decline in the stock in the near future.

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF THE ASSESSMENT


SMB nær yfir allt veiðisvæði langlúru en sveiflur á vísitölum geta verið miklar frá ári til árs. Gott samræmi er í vísitölum SMB og SMH.

The IS-SMB covers main fishing grounds of witch. Year-to-year fluctuations in the survey biomass index are high. Strong correlation has been observed between the IS-SMB and the IS-SMH survey indices.

VEIÐAR – THE FISHERY

Á árunum 1950–1965 var ársafli langlúru á Íslandsmiðum 600–1400 tonn og veiddu erlend skip meirihluta aflans, en næstu tvo áratugi var ársafllinn undir 400 tonnum. Árið 1987 var afli langlúru tæp 4600 tonn sem er mesti ársafli sem landað hefur verið af Íslandsmiðum. Frá árinu 2010 hefur aflinn verið 1200–1300 tonn. Langlúra veiðist mest í dragnót og humarvörpu. Aðalveiðisvæðin eru fyrir sunnan og suðvestan land.

Foreign vessels landed 600–1400 tonnes of witch annually between 1950 and 1965. In the next two decades, landed catch was under 400 tonnes. Highest recorded catch of witch in Icelandic waters was 4600 tonnes in 1987. Since 2010, the catch has remained fairly stable around 1200–1300 tonnes. Witch is mainly caught in demersal seine and Nephrops trawl off the south and southwest coast.



Langlúra. Veiðisvæði árið 2015 (t/sjm²)
Witch. Fishing grounds in 2015 (t/nmi²)

Afli 2015 (tonn) Catches 2015 (tonnes)	Dragnót Demersal seine	Humarvarpa Nephrops trawl	Annað Other
1332	49%	42%	9%

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Langlúra. Tillögur um hámarksaflla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).

Witch. Recommended TAC, national TAC, and catches (tonnes).

Fiskveiðiár Fishing year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Catches
2010/11	1300	1300	1220
2011/12	1100	1300	1450
2012/13	1100	1100	1180
2013/14	1100	1100	1170
2014/15	1100	1100	1225
2015/16	1100	1100	
2016/17	1110		

HEIMILDIR - REFERENCES

ICES. 2012. Implementation of Advice for Data-limited Stocks in 2012 in its 2012 Advice. ICES CM 2012/ACOM 68. (<http://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Expert%20Group%20Report/acom/2012/ADHOC/DLS%20Guidance%20Report%20012.pdf>)

ÞYKKVALÚRA – LEMON SOLE

Microstomus kitt

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við varúðarsjónarmið að afli fiskveiðiárið 2016/2017 verði ekki meiri en 1087 tonn.

Based on the precautionary approach, the MRI recommends a TAC of 1087 tonnes for the 2016/2017 fishing year.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Lífmassavísitala í SMB hefur verið lág síðustu tvö á í samanburði við áratuginn þar á undan. Vísbendingar eru um að veiðidánartala hafi sveiflast nokkuð á undanförunum árum. Nýliðunarvísitala í SMB hefur verið há frá árinu 2002.

The IS-SMB biomass index has been relatively low for the past couple of years, in particular when compared to the 2003–2013 period. Estimated fishing mortality has been variable recently. IS-SMB recruitment index has been high since the year 2002.



Þykkvalúra. Afli, nýliðunarvísitala og lífmassavísitala úr SMB og vísitala veiðihlutfalls (afli/lífmassavísitala).

Lemon sole. Catches, juvenile and biomass indices and F_{proxy} (catch/survey biomass).

GRUNNUR RÁÐGJAFAR – BASIS FOR ADVICE

Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn <i>There is no management plan for this stock</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Byggt á þróun afla og lífmassavísitalna <i>Trends in biomass indicators and catch</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Afli og vísitölur úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB). <i>Age and length data from commercial catch and surveys (IS-SMB)</i>

Nálgun <i>Framework</i>	Gátmörk <i>Reference point</i>	Gildi <i>Value</i>	Grunnur <i>Basis</i>
Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>	Target F_{proxy}	0.39	80% af meðaltali F_{proxy} ára 2010–2015. 80% of mean F_{proxy} in 2010–2015.

Grunnur ráðgjafar fylgir forskrift Alþjóðahafrannsóknaráðsins fyrir stofna þar sem ekki er hægt að beita aldurs-aflagreiningu en til eru vísitölur sem taldar eru gefa mynd af breytingum í stofnstærð (Category 3 stocks; [ICES 2012](#)). Lífmassavísitala þykkvalúru 30 cm og stærri í SMB, ásamt afla, er notuð til að reikna vísitölu veiðihlutfalls (F_{proxy} = afli/vísitala). Ráðgjöf byggir á markgildi á F_{proxy} sem byggir á meðaltali F_{proxy} árin 2010–2015. Aldursgreindur afli er til fyrir tímabilið 2010–2015. Skoðun á heildarafföllum á því tímabili bendir til að lækka þurfi fiskveiðidauða um a.m.k. 20%. Því er markgildi F_{proxy} lækkað um 20% og ráðgjöfin fengin með því að margfalda síðasta gildi vísitöluinnar með því gildi.

This advice follows the ICES framework for stocks where reliable stock biomass indices are available, but analytical age-length based assessments are not feasible (Category 3 stocks; ICES 2012). IS-SMB survey biomass index of lemon sole 30 cm and larger, along with catch, is used to calculate F_{proxy} (catch/survey biomass). The target F_{proxy} was defined based on the mean from the reference period of 2010–2015. Age disaggregated catch data from 2010–2015 suggest that fishing mortality is too high and the average fishing mortality needs to be reduced by at least 20%. The advice is therefore based on multiplying the most recent index value with target F_{proxy} that is average F_{proxy} in 2010–2015 reduced by 20%.

Þykkvalúra. Útreikningar ráðgjafar.

Lemon sole. Advice calculations.

Vísitala 2016 – Index 2016		2788
Target F_{proxy}		$0.49 * 0.8 = 0.39$
Ráðgjöf 2015 – Advice 2015		1300
Vísitala 2016 x target F_{proxy} / Ráðgjöf 2015		0.84
Index 2016 x target F_{proxy} / Advice 2015		
Sveiflujöfnun – Uncertainty cap	Ekki beitt	
Ráðgjöf – Catch advice		1087 t

HORFUR – PROSPECTS

Nýliðunarvísitala hefur verið há undanfarin ár þrátt fyrir lækkandi lífmassavísitölur og því líklegt að ef dregið verði úr sókn muni stofninn hafa möguleika á að stækka.

IS-SMB survey recruitment index has been high and rising since the year 2000, and it is therefore likely that the stock biomass will increase if catch levels go down.

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF ASSESSMENT


SMB nær yfir allt veiðisvæði þykkvalúru. Sveiflur á vísitölum geta verið miklar frá ári til árs og háum gildum fylgja víð vikmörk.

The IS-SMB covers the entire fishing grounds of lemon sole around the country. Year-to-year fluctuations in survey biomass indices can be high, and high values are associated with high uncertainty.

VEIÐAR – FISHERY

Þykkvalúra veiðist mest í dragnót og botnvörpu en lítið í önnur veiðarfæri. Aðalveiðisvæðið er undan Suður- og Suðvesturlandi.

Lemon sole is mostly caught in demersal seine and bottom trawl. The main fishing grounds are in the south and southwest of the country.



Þykkvalúra. Veiðisvæði árið 2015 (t/sjm²)
Lemon sole. Fishing grounds in 2015 (t/nmi²)

Afli 2015 (tonn) <i>Catches 2015 (tonnes)</i>	Dragnót <i>Demersal seine</i>	Botnvarpa <i>Bottom trawl</i>	Annað <i>Other</i>
1772	70%	27%	3%

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Þykkvalúra. Tillögur um hámarksaflla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).

Lemon sole. Recommended TAC, national TAC, and catches (tonnes).

Fiskveiðiár <i>Fishing year</i>	Tillaga <i>Rec. TAC</i>	Aflamark <i>National TAC</i>	Afli <i>Catches</i>
2010/11	1800	1800	1740
2011/12	1800	1800	1800
2012/13	1400	1400	1460
2013/14	1600	1600	1430
2014/15	1600	1600	1760
2015/16	1300	1300	
2016/17	1087		

HEIMILDIR

ICES. 2012. Implementation of Advice for Data-limited Stocks in 2012 in its 2012 Advice. ICES CM 2012/ACOM 68.

(<http://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Expert%20Group%20Report/acom/2012/ADHOC/DLS%20Guidance%20Report%20012.pdf>)

STÓRKJAFTA – MEGRIM

Lepidorhombus whiffiagonis

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun leggur ekki fram tillögur um hámarksafla stórkjöftu fiskveiðiárið 2016/2017.

MRI does not recommend a TAC for the 2016/2017 fishing year.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Nýliðunarvísitala í SMB lækkaði hratt á árunum 1989–1994 og hélst lág til 1999. Nýliðunarvísitalan hækkaði verulega árið 2000, hélst há allt til 2012 en hefur síðan farið ört lækkandi. Vísitala lífmassa hefur fylgt sveiflum í nýliðun og hefur haldist há frá árinu 2006.

IS-SMB recruitment index declined rapidly between 1989 and 1994. It stayed relatively low until 1999, after which it increased and remained high until 2012 when it declined rapidly again and was very low in 2016. The biomass index has for the most part followed fluctuations in the recruitment index, but has remained high since 2006.



Stórkjafna. Afli, nýliðunarvísitala og lífmassavísitala úr SMB og vísitala veiðihlutfalls (afli/lífmassavísitala).

Megrím. Catches, juvenile and biomass indices and F_{proxy} (catch/survey biomass).

HORFUR – PROSPECTS


Í ljósi lakrar nýliðunar síðustu ár má gera ráð fyrir að stofninn muni minnka á komandi árum.

Decline in the stock is to be expected due to low recruitment in recent years.

VEIÐAR – THE FISHERY

Á tímabilinu 1951–1973 var landaður ársafli stórkjöftu 400–700 tonn og veiddu útlendingar stærstan hluta hans. Eftir það dró verulega úr lönduðum afla allt til ársins 1982. Frá árinu 1980 hefur landaður afli stórkjöftu verið mjög breytilegur, fór minnst í 38 tonn árið 1982 en mest í 478 tonn árið 2015. Stórkjaftha veiðist einkum sem meðafli í humarvörpu, dragnót og botnvörpu.

Landed catch of megrim over the period 1951–1973 was between 400 and 700 tonnes, and was predominantly caught by foreign vessels. After that period, there was a decrease in catch until 1982. Landed catch has been highly variable since 1980, where the lowest catch was 38 tonnes in 1982, and the highest 478 tonnes in 2015. Megrim is predominantly caught as bycatch in nephrops trawl, demersal seine and bottom trawl.



Stórkjaftha. Veiðisvæði árið 2015 (t/sjm²)
Megrim. Fishing grounds in 2015 (t/nm²)

Afli 2015 (tonn) Catches 2015 (tonnes)	Humarvarpa Nephrops trawl	Dragnót Demersal seine	Annað Other
478	59%	10%	31%

STEINBÍTUR – ATLANTIC WOLFFISH

Anarhichas lupus

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur, í samræmi við nýtingarstefnu sem mun leiða til hámarks afraksturs til lengri tíma litið (MSY), að afli fiskveiðiárið 2016/2017 verði ekki meiri en 8811 tonn. Auk þess leggur stofnunin til áframhaldandi friðun á hrygningarslóð steinbits á Látragrunni yfir hrygningar- og klaktíma.

MRI advises that when the MSY approach is applied, catches in the fishing year 2016/2017 should be no more than 8811 tonnes. MRI recommends a continued closure of the spawning area off West Iceland during the spawning and incubation season in autumn and winter.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Veiðidánartala hefur lækkað á undanförunum árum og síðustu tvö ár hefur hún verið undir F_{MSY} . Nýliðun var lítil á árunum 2007–2015. Veiðistofninn hefur minnkað lítillega frá árinu 2006, en er yfir meðaltali árána frá 1980.

Fishing mortality has declined since 2009 and is now below F_{MSY} . Harvestable biomass has dropped since 2006, but is above average compared to the years from 1980. Recruitment was low in 2008–2015.



Steinbítur. Aflí eftir veiðarfærum, nýliðun 5 ára, veiðidánartala og stærð veiðistofns.

Atlantic wolffish. Catch by gear type, recruitment at age 5, fishing mortality, and harvestable biomass.

STOFNMAT OG GÁTMÖRK – BASIS OF THE ASSESSMENT AND REFERENCE POINTS

Forsendur ráðgjafar <i>Basis of the advice</i>	MSY nálgun <i>MSY approach</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn <i>There is no management plan for this stock</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Aldurs- og lengdarháð stofnlíkan (Gadget) <i>Analytical assessment (Gadget model) that uses catches in the model and in the forecast</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Aldurs og lengdargögn úr afla og stofnmælingum (SMB) <i>Age and length data from commercial catches and surveys (IS-SMB)</i>

Nálgun <i>Framework</i>	Gátmörk <i>Reference point</i>	Gildi <i>Value</i>	Grunnur <i>Basis</i>
MSY <i>MSY approach</i>	F_{MSY}	0.3	F_{MAX}

HORFUR – PROSPECTS

Síðustu tvö ár hefur veiðidánartala verið lægri en við kjörsókn. Veiðistofn hefur vaxið frá árinu 2013 og spáð er að nýliðun árið 2016 verði yfir meðalnýliðun árána 2008–2015. Því má búast við að afli á steinbít verði svipaður eða aukist aðeins á næstu árum.

Fishing mortality has been lower than F_{MSY} in the last two years, and the harvestable biomass has increased from 2013. Juvenile index in 2016 is predicted to be above the average of 2008–2015. Therefore, catch levels are expected to be similar or increase slightly in coming years.


Steinbítur. Áhrif á áætlaða stofnstærð (þús. tonn) miðað við veiðar samkvæmt kjörsókn.
Atlantic wolffish. Projection of reference biomass (in thous. tonnes) based on based on $F_{0.1}$.

2016			2017		
Áætlaður afli <i>Predicted catches</i>	Veiðistofn <i>Harvestable biomass</i>	F	Aflamark <i>TAC</i>	F	Veiðistofn <i>Harvestable biomass</i>
8.4	29.9	0.29	8.8	0.3	30.6

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF THE ASSESSMENT

Stofnmatið í ár er í samræmi við stofnmat árána 2013–2015 varðandi mat á nýliðun og veiðidánartölu. Mat á stærð veiðistofns hefur hækkað fyrir árin 2012–2014 samkvæmt stofnmatinu 2016. ADAPT greining gefur svipaða niðurstöðu og Gadget líkanið.

This year's assessment estimates of recruitment and fishing mortality are in line with the assessments of 2013–2015. However, estimates of harvestable biomass have changed. NFT-ADAPT assessment estimates are similar to those obtained from the Gadget model.




Steinbítur. Samanburður á stofnmati árána 2013–2016 (rauð lína: stofnmat 2016).

Atlantic wolffish. Historical assessment results 2013–2016 (red line: 2016 assessment).

VEIÐAR – THE FISHERY

Ársafli steinbíts undanfarin þrjú ár var minni en verið hefur frá árinu 1950. Steinbítur veiðist mest á línu. Sókn í botnvörpu jókst á árunum 1998–2008 en hefur síðan þá farið minnkandi.

The annual landings of Atlantic wolffish in 2013–2015 are the lowest since before 1950. Atlantic wolffish is mainly caught in the longline fishery. Bottom trawl effort increased in 1998–2008 but has since then decreased.



Steinbítur. Veiðisvæði árið 2015 (t/sjm²)

Atlantic wolffish. Fishing grounds in 2015 (t/nmi²)

Afli 2015 (tonn) Catches 2015 (t)	Lína Longline	Botnvarpa Bottom trawl	Dragnót Demersal seine	Annað Other gear
8009	60%	25%	13%	2

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Steinbítur. Tillögur um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).

Atlantic wolffish. Recommended TAC, national TAC, and catches (tonnes).

Fiskveiðiár Fishing year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Catches
2010/11	8500	12000	11650
2011/12	7500	10500	10654
2012/13	7500	8500	8937
2013/14	7500	7500	7758
2014/15	7500	7500	7874
2015/16	8200	8200	
2016/17	8811		

HLÝRI – SPOTTED WOLFFISH

Anarhichas minor

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við varúðarsjónarmið að afli fiskveiðiárið 2016/2017 verði ekki meiri en 1128 tonn.

MRI advises that when the precautionary approach is applied, catches in the fishing year 2016/2017 should be no more than 1128 tonnes.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Vísitölur lífmassa og nýliðunar eru í sögulegu lágmarki. Vísitala veiðihlutfalls hefur verið há undanfarin ár.

Biomass and juvenile indices are at their lowest levels in the time series. F_{proxy} has been high since 2000.



Hlýri. Afli eftir veiðarfærum, nýliðunarvísitala og lífmassavísitala úr SMB og vísitala veiðihlutfalls (afli/lífmassavísitala).
Spotted wolffish. Catch by gear type, juvenile and biomass indices and F_{proxy} (catch/Survey biomass index).

STOFNMAT OG GÁTMÖRK – BASIS OF THE ASSESSMENT AND REFERENCE POINTS

Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn <i>There is no management plan for this stock</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Byggt á þróun afla og lífmassavísitalna <i>Trends in biomass indicators and catches</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Afli og vísitölur úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) <i>Age and length data from commercial catches and surveys (IS-SMB)</i>

Nálgun <i>Framework</i>	Gátmörk <i>Reference point</i>	Gildi <i>Value</i>	Grunnur <i>Basis</i>
Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>	target F_{proxy}	0.32	70% af meðaltali árána 2001–2015 <i>70% of mean F_{proxy} in 2001–2015</i>

Grunnur ráðgjafar fylgir forskrift Alþjóðahaffranssóknaráðsins fyrir stofna þar sem ekki er hægt að beita aldurs-aflagreiningu, en til eru vísitölur sem taldar eru gefa mynd af breytingum í stofnstærð (Category 3 stocks; [ICES, 2012](#)). Lífmassavísitala hlýra úr SMB ásamt afla er notuð til að reikna vísitölu veiðihlutfalls (F_{proxy} = afli/vísitala). Ráðgjöf byggir á markgildi á F_{proxy} sem er 70% af meðaltali F_{proxy} árin 2001–2015. Á þessu tímabili minnkaði lífmassavísitala hlýra um 20% og þetta veiðihlutfall, byggt á hermireikningum, er talið fullnægjandi til að snúa þeirri þróun við. Ráðgjöfin er fengin með því að margfalda markgildi F_{proxy} með síðasta gildi vísitölnnar.

This advice follows the ICES framework for stocks where reliable stock biomass indices are available, but analytical age-length based assessments is not possible (Category 3 stocks; [ICES, 2012](#)). IS-SMB biomass index of spotted wolffish, along with catch, is used to calculate F_{proxy} (catch/survey biomass). The target F_{proxy} was defined as 70% of the mean from the reference period of 2001–2015 based on simulation studies. The advice is based on multiplying the target F_{proxy} value to the most recent index value.

Hlýri: Útreikningar ráðgjafar.

Spottet wolffish. Advice calculation.

Vísitala 2016 - Index 2016		3527
Target F_{proxy} (2001–2015)		0.32
Ráðgjöf 2015 – Advice 2015		900
(Vísitala 2016 x target F_{proxy}) / Ráðgjöf 2015 (Index 2016 x target F_{proxy}) / Advice 2015		1.25
Sveiflujöfnun – Uncertainty cap	Ekki beitt - Not applied	
Ráðgjöf – Catch advice		1128

HORFUR – PROSPECTS

Vísitölur lífmassa og nýliðunar hafa undanfarin ár verið nálægt sögulegu lágmarki. Því má búast við minnkun hlýraafila á næstu árum nema ráðlögð lækun veiðihlutfalls dugi til að snúa þróuninni við.

Juvenile and biomass indices have been low recently. Therefore, the recommended catch levels are expected to decline in coming years, except advised reduction in fishing mortality is sufficient to stop the downward trend.

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF THE ASSESSMENT


SMB nær yfir allt veiðisvæði hlýra, vikmörk vísitalna eru lág og sveiflur frá ári til árs litlar.

The IS-SMB covers the full depth range and geographical distribution of spotted wolffish and the fisheries. The uncertainties and inter-annual variation of the survey indices are low.

VEIÐAR – THE FISHERY

Hlýri veiðist sem meðafli á línu og í botnvörpu. Árin 1977–1994 var árlegur afli hlýra um 900 tonn. Á árunum 1995–2006 jókst aflinn og var mestur árið 2006 eða um 3600 tonn. Á þessu tímabili jókst hlutdeild aflans sem var veiddur á línu. Frá árinu 2007 hefur árlegur afli hlýra minnkað og var árið 2015 um 1700 tonn.

Spotted wolffish in Icelandic waters is caught as bycatch in the bottom trawl and longline fisheries. In 1977–1994 annual landings were about 900 tonnes, followed by a gradual increase to a record high of 3600 tonnes in 2006. During this period the share of spotted wolffish caught with longlines increased. Since 2006 the annual landings have decreased and was in 2015 about 1700 tonnes.



Hlýri. Veiðisvæði árið 2015 (t/sjm²)
Spotted wolffish. Fishing grounds in 2015 (t/nmi²)

Afli 2015 (tonn) Catches 2015 (t)	Botnvarpa Bottom trawl	Lína Longline	Annað Other gear
1707	40%	59%	1%

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Hlýri. Tillögur um hámarksafli, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).

Spotted wolffish. Recommended TAC, national TAC, and catches (tonnes).

Fiskveiðiár Fishing year	Tillaga Recommended TAC	Aflamark National TAC	Afli Catches
2012/13	900	-	2182
2013/14	900	-	2605
2014/15	900	-	1656
2015/16	900	-	
2016/17	1128		

HEIMILDIR – REFERENCES

ICES. 2012. Implementation of Advice for Datalimited Stocks in 2012 in its 2012 Advice. ICES CM 2012/ACOM 68. (<http://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Expert%20Group%20Report/acom/2012/ADHOC/DLS%20Guidance%20Report%20012.pdf>)

BLÁLANGA – BLUE LING

Molva dipterygia

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við varúðarsjónarmið að afli fiskveiðiárið 2016/2017 verði ekki meiri en 2040 tonn. Hafrannsóknastofnun leggur jafnframt til að þekktum hrygningarsvæðum suður af Vestmannaeyjum og á Franshól verði áfram lokað á hrygningartíma frá 15. febrúar til 30. apríl.

MRI advises that when the precautionary approach is applied, catches in the fishing year 2016/2017 should be no more than 2040 tonnes. Additionally, the MRI advises that known spawning areas south of Vestmannaeyjar and Franshóll be closed to all fishing activities during spawning season (15 February to 30 April).

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Lífmassavísitala blálöngu náði hámarki árið 2009 en hefur lækkað síðan þá. Vísitalan er enn talin yfir varúðarmörkum. Vísitala veiðihlutfalls hefur verið undir markgildi undanfarin tvö ár. Nýliðunarvísitala hefur verið við sögulegt lágmark síðan 2010.

The biomass index peaked in 2009 but has declined since then. The biomass index is still considered above possible biomass reference points. F_{proxy} has been below the target value for the last two years. Juvenile index has been at low level since 2010.



Blálanga. Afli eftir veiðarfærum, nýliðunarvísitala (fjöldi), lífmassavísitala og vísitala veiðihlutfalls (afli/lífmassavísitala).

Blue ling. Catch by gear type, juvenile (abundance) and biomass indices and F_{proxy} (catch/survey biomass).

STOFNMAT OG GÁTMÖRK – BASIS OF THE ASSESSMENT AND REFERENCE POINTS

Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn <i>There is no management plan for this stock</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Byggt á tímaháðum breytingum í afla og stofnmælingum <i>Trends in biomass indicators and catches</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Afli og vísitölur úr stofnmælingu að haustlagi (SMH). <i>Catches and indices from the Icelandic Autumn survey (IS-SMH)</i>

Nálgun <i>Framework</i>	Gátmörk <i>Reference point</i>	Gildi <i>Value</i>	Grunnur <i>Basis</i>
Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>	Target F_{proxy}	1.75	Meðaltal árána 2002–2007 <i>Mean of F_{proxy} in 2002–2007</i>

Grunnur ráðgjafar fylgir forskrift Alþjóðahafrannsóknaráðsins fyrir stofna þar sem ekki er hægt að beita aldurs-aflagreiningu en til eru vísitölur sem taldar eru gefa mynd af breytingum í stofnstærð (Category 3 stocks; [ICES, 2012](#)). Lífmassavísitala (SMB) ásamt afla er notuð til að reikna vísitölu veiðihlutfalls ($F_{proxy} = \text{afli}/\text{vísitölu}$). Byggt á þessu er valið markgildi á F_{proxy} (target F_{proxy}) byggt á meðaltali F_{proxy} árána 2002–2007 en á þeim tíma var F_{proxy} hvað lægst og vísitalan var stöðug/vaxandi. Ráðgjöfin er fengin með því að margfalda markgildi F_{proxy} með síðasta gildi vísitölnnar. Ef það gildi leiðir til meira en 20% breytingar í ráðgjöf m.v. síðasta ár þá er ráðgjöfin skorðuð við 20% breytingu. Markgildi F_{proxy} er talið samræmast varúðarnálgun og því er engin frekari lækkun sett á það.

The ICES framework for category 3 stocks for which analytical assessment is not possible but trends in biomass indicators are assumed to reflect changes in stock dynamics was applied (ICES, 2012). The Icelandic autumn trawl survey was used as biomass indicator. The target F_{proxy} (catch/survey biomass) was defined as the mean from the reference period 1990 to 1996. The advice is based on multiplying the target F_{proxy} with the most recent index value. This value is constrained by an uncertainty cap of 20% compared to the previous catch advice. Since the target F_{proxy} is considered precautionary, the precautionary buffer was not applied.

Blálanga. Útreikningar ráðgjafar.

Blue ling. Advice calculation

Vísitala 2015 - Index 2015		1161
Target F_{proxy} (2002-2007)		1.75
Ráðgjöf 2015 – Advice 2015		2550
(Vísitala 2016 x target F_{proxy}) / Ráðgjöf 2015 (Index 2016 x target F_{proxy}) / Advice 2015		0.797
Sveiflujöfnun – Uncertainty cap	Beitt - Applied	0.8
Ráðgjöf* – Catch advice*		2040

*Ráðgjöf 2015 x Sveiflujöfnun

*Advice 2015 x Uncertainty cap

HORFUR – PROGNOSIS

Verði nýliðun næstu ára lík því sem stofnmælingar gefa til kynna má búast við verulegum samdrætti í veiðistofni blálöngu eftir tvö til þrjú ár.

It is anticipated that the low recruitment estimated in the IS-SMH since 2010 will result in stock decline when these cohorts enter the fishery in the near future.

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF THE ASSESSMENT


Stofnmæling botnfiska að haustlagi (SMH) nær yfir allt veiðisvæði blálöngu og vikmörk vísitalna eru lág.

The IS-SMH covers the full depth range and geographical distribution of the species and the fisheries. The variance of the survey index is low.

VEIÐAR – THE FISHERY

Á árunum 2008–2010 fór hlutfeld blálönguafra sem veiddist á línu vaxandi og var árið 2011 um 70%. Síðan hefur hlutfeld línu farið minnkandi og var um 49% árið 2015. Blálanga veiðist í auknum mæli sem meðafli við karfa- og grálúðuveiðar djúpt út af Vestfjörðum, sem er í samræmi við aukna norð-vestlæga útbreiðslu tegundarinnar í stofnmælingum.

In 2008–2010 the proportion of blue ling catches taken by longlines increased and in 2011 it amounted to 70% of total catches. Since then the proportion of longlines has decreased and was 49% in 2015. Blue ling is increasingly caught as bycatch in the redfish and Greenland halibut fishery NW of Iceland. This change in distribution is also observed in the survey.



Blálanga. Veiðisvæði árið 2015 (t/sjm²)
Blue lína. Fishina arounds in 2015 (t/nm²)

Afli 2015 (tonn) Catches 2015 (tonnes)	Botnvarpa Trawl	Lína Longline	Annað Other
1748	50%	49%	1%

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Blálanga. Tillögur um hámarksafra, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).

Blue líng. Recommended TAC, national TAC, and catches (tonnes).

Fiskveiðiár Fishing year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Íslendinga Catches Iceland	Afli annarra þjóða Catches other	Afli alls Total catch
2010/11	-	-	6464	528	6992
2011/12	4000	-	4238	799	5037
2012/13	3100	-	2996	203	3199
2013/14	2400	2400	1653	101	1754
2014/15	3100	3100	1898	41	1939
2015/16	2550	2550			
2016/17	2040				

HEIMILDIR – REFERENCES

ICES. 2012. Implementation of Advice for Data-limited Stocks in 2012 in its 2012 Advice. ICES CM 2012/ACOM 68.

(<http://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Expert%20Group%20Report/acom/2012/ADHOC/DLS%20Guidance%20Report%20012.pdf>)

ICES. 2016. Report of the Working Group on the Biology and Assessment of Deep-Sea Fisheries Resources (WGDEEP), 20–27 April 2016, ICES Headquarters, Copenhagen. ICES CM 2016/ACOM:17. (Skýrslu má nálgast frá:

<http://www.ices.dk/community/groups/Pages/WGDEEP.aspx>)

LANGA - LING

Molva molva

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur, í samræmi við nýtingarstefnu sem mun leiða til hámarks afraksturs til lengri tíma litið (MSY), að afli fiskveiðiárið 2016/2017 verði ekki meiri en 9343 tonn. Hafrannsóknastofnun ítrekar að við úthlutun aflahlutdeildar sé tekið fullt mið af væntanlegum afla sem er utan aflamarks, þ.m.t. afla erlendra skipa.

MRI advises that when the MSY approach is applied, catches in the fishing year 2016/2017 should be no more than 9343 tonnes including catches of foreign fleets.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Veiðidánartala hefur lækkað á undanförunum árum en er yfir F_{MSY} . Hrygningarstofn hefur vaxið hratt á undanförunum árum og er nú við sögulegt hámark.

Fishing mortality has declined since 2009 but is still above F_{MSY} . SSB has increased since 2004 and is at the highest level in the time series.



Langa. Afli eftir veiðarfærum, nýliðun 3 ára, veiðidánartala og veiði- og hrygningarstofn.

Ling. Catch by gear types, recruitment at age 3, fishing mortality and SSB.

STOFNMAT OG GÁTMÖRK – BASIS OF THE ASSESSMENT AND REFERENCE POINTS

Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	MSY – nálgun <i>MSY approach</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn <i>There is no management plan for this stock</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Gadget – aldurs og lengdar líkan. <i>Gadget: Analytical age-length based assessment</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Aldurs og lengdargögn úr afla og stofnmælingum (SMB). <i>Age and length data from commercial catches and surveys (IS-SMB)</i>

Nálgun <i>Framework</i>	Gátmörk <i>Reference point</i>	Gildi <i>Value</i>	Grunnur <i>Basis</i>
MSY	MSY-Btrigger	9 500 t	B _{pa}
	F _{MSY}	0.24	Slembireikningar innan Gadget líkans <i>Stochastic projections</i>
Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>	B _{lim}	8 600 t	Miðgildi lágsta mats SSB <i>Median of the lowest SSB</i>
	B _{pa}	9 500 t	Sett sem 97.5%-mörk dreifingar öryggismörk B _{lim} <i>Based on the 97.5 percentile of B_{lim}</i>
	F _{pa}	Ekki skilgreint <i>Not defined</i>	
	F _{lim}	Ekki skilgreint <i>Not defined</i>	

HORFUR – PROSPECTS

Framreikningar benda til að hrygningarstofn muni minnka vegna lélegrar nýliðunar árin 2012–2015 og afli mun þar af leiðandi minnka á komandi árum.

Short term projections indicate a declining SSB as the result of low recruitment in 2012–2015 and that catches will decline as a result of that.

Langa. Áhrif á áætlaða stærð hrygningarstofns (þús. tonn) miðað við veiðar samkvæmt ráðgjöf.


Ling. Projection of SSB (thous. tonnes) based on catch according to advice.

2016			2017		
Áætl. Afli <i>Est. catches</i>	Hrygn. Stofn <i>SSB</i>	F	Aflamark <i>TAC</i>	F	Hrygn. stofn <i>SSB</i>
14.9	42.6	0.36	9.3	0.24	39.7

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF THE ASSESSMENT

Stofnmatið í ár metur veiðidánartölu hærrí og hrygningarstofn minni en stofnmatið 2015. Talsverð óvissa er í stofnmatinu sem helgast af óvissu í inntaksgögnum.

This year's assessment estimates F higher and SSB lower than the 2015 assessment. This is the result of one additional year of data and the high variance in the input data.




Langa. Samanburður á stofnmati árinna 2014–2016 (rauð lína: stofnmat 2016).

Ling. Historical assessment results 2014–2016 (red line: 2016 assessment).

VEIÐAR – THE FISHERY

Á tímabilinu 1982–2005 var landaður afli á bilinu 3200–5900 tonn en hefur aukist mikið frá þeim tíma og var tæp 13 þús. tonn árið 2015. Síðustu þrjú áratugi hafa Íslendingar veitt 85–90% lönguafllans á Íslandsmiðum.

In 1982–2005 catches ranged between 3.2–5.9 thous. tonnes but have since increased and were around 13 thous. tonnes in 2015. Catches of ling were mostly taken by Icelandic vessels.



Langa. Veiðisvæði árið 2015 (t/sjm²)

Ling. Fishing grounds in 2015 (t/nm²)

Afli 2015 (tonn) Catches 2015 (t)	Lína Longline	Botnvarpa Bottom trawl	Net og dragnót Gillnets and demersal seine
12 862	67%	15%	8%

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Langa. Tillögur um hámarksaflla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).

Ling. Recommended TAC, national TAC, and catches (tonnes).

Fiskveiðiar Fishing year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Íslendinga Catches Iceland	Afli annarra þjóða Catches other	Afli alls Total catch
2010/11	7500	7500	9327	768	10095
2011/12	8800	9000	10074	1059	11133
2012/13	12000	11500	11196	1249	12445
2013/14	14000	13500	11717	1683	13400
2014/15	14300	13800	11112	1311	12423
2015/16	16200	15000			
2016/17	9343				

HEIMILDIR – REFERENCES

ICES. 2014. Report of the Benchmark Workshop on Deep-sea Stocks (WKDEEP), 3–7 February 2014, ICES Headquarters, Copenhagen. ICES CM 2014/ACOM:44. 119 pp.

ICES. 2016. Report of the Working Group on the Biology and Assessment of Deep-Sea Fisheries Resources (WGDEEP), 20–27 April 2016, ICES Headquarters, Copenhagen. ICES CM 2016/ACOM:17. (Skýrslu má nálgast frá: <http://www.ices.dk/community/groups/Pages/WGDEEP.aspx>)

KEILA – TUSK

Brosme brosme

RÁÐGJÖF - ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur, í samræmi við nýtingarstefnu sem mun leiða til hámarks afraksturs til lengri tíma litið (MSY), að afli fiskveiðiárið 2016/2017 verði ekki meiri en 3780 tonn. Hafrannsóknastofnun ítrekar að við úthlutun aflahlutdeildar sé tekið fullt mið af væntanlegum afla sem er utan aflamarks. Hafrannsóknastofnun leggur til áframhaldandi bann á veiðum á uppvaxtarsvæðum keilu við Suður- og Suðausturland.

MRI advises that when the MSY approach is applied, catches in the fishing year 2016/2017 should be no more than 3780 tonnes including catches from foreign ships in Icelandic waters. In addition, continued closure of the known nursery areas off the southeast and southern coast should be maintained.

STOFNÞRÓUN - STOCK DEVELOPMENT

Hrygningarstofn keilu hefur vaxið á undanförunum árum en veiðistofn verið stöðugur. Nýliðun minnkaði milli 2005 og 2013 en fer vaxandi. Veiðidánartala hefur lækkað á undanförunum árum en er yfir F_{MSY} .

Recruitment peaked in 2004 to 2006 but declined to a historical low level in 2013 and has increased since. Fishing mortality has declined in recent years, but is above the F_{MSY} estimate. SSB has been increasing in recent years.



Keila. Afli, nýliðun 3 ára, veiðidánartala og veiðistofn og hrygningarstofn.

Tusk. Catches, recruitment at age 3, fishing mortality, and spawning stock and harvestable biomass.

STOFNMAT OG GÁTMÖRK – BASIS OF THE ASSESSMENT AND REFERENCE POINTS

Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	MSY – nálgun <i>MSY - approach</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn <i>There is no management plan for this stock</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Gadget – aldurs og lengdar líkan <i>Gadget – age, length based assessment</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Aldurs og lengdargögn úr afla og stofnmælingum (SMB). <i>Age and length data from catches and survey (IS-SMB)</i>

Nálgun <i>Framework</i>	Gátmörk <i>Reference point</i>	Gildi <i>Value</i>	Grunnur <i>Basis</i>
MSY	MSY- $B_{trigger}$	Ekki skilgreint <i>Not defined</i>	
	F_{MSY}	0.2	Slembireikningar <i>Based on stochastic simulations.</i>
Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>	B_{lim}	Ekki skilgreint <i>Not defined</i>	
	B_{pa}	Ekki skilgreint <i>Not defined</i>	
	F_{pa}	Ekki skilgreint <i>Not defined</i>	
	F_{lim}	Ekki skilgreint <i>Not defined</i>	

HORFUR – PROSPECTS

Framreikningar benda til að hrygningarstofn og veiðistofn muni ekki vaxa á næstu árum vegna lélegrar nýliðunar árána 2011–2014 og afli mun þar af leiðandi verða svipaður og nú er.

According to the prognosis, the SSB and harvestable biomass will not increase in the near future as a result of low recruitment in 2011–2014. Catch levels will therefore be at similar level as the current advice.

Keila. Áhrif á áætlaða stærð hrygningarstofns (þús. tonn) miðað við veiðar samkvæmt ráðgjöf.


Tusk. Projection of SSB (thous. tonnes) based on catch according to advice.

2016			2017		
Áætl. afli <i>Est. catches</i>	Hrygn. stofn <i>SSB</i>	F	Aflamark <i>TAC</i>	F	Hrygn. stofn <i>SSB</i>
3921	6923	0.18	3780	0.2	7412

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF THE ASSESSMENT

Stofnmat árána 2014 til 2016 gefa sambærilegt mat á hrygningarstofni og veiðidánartölu milli ára.

The assessments conducted since 2014 provide consistent estimates of SSB and fishing mortality.




Keila. Samanburður á stofnmati árána 2013–2016 (rauð lína: stofnmat 2016).

Tusk. Historical assessment results 2013–2016 (red line: assessment 2016).

VEIÐAR – THE FISHERY

Frá árinu 1991 hafa Íslendingar veitt 75–80% keilu-aflans en færeysk og norsk skip 20–25%. Á árunum 2004–2010 tvöfaldaðist afli Íslendinga og var um 7000 tonn árin 2008–2010 sem er mesti keiluaflí Íslendinga í sögu veiðanna. Keiluaflí Íslendinga var um tæp 4000 tonn árið 2015 en heildaraflí var 4823 tonn. Á undanförunum árum hefur langmest af keilu veiðst á línu, eða ríflega 95% aflans.

Since 1991, Icelandic vessels have caught 75–80% of the tusk catches in Icelandic waters, but Faroe Islands and Norway the rest. In 2004–2010 catches doubled and peaked around 7000 tonnes in 2008–2010. Icelandic catches amounted to 4000 tonnes in 2015, total catches were 4823 tonnes.



Keila. Veiðisvæði árið 2015 (t/sjm²)
Tusk. Fishing grounds in 2015 (t/nmi²)

Afli 2015 (tonn) Catches 2015 (t)	Lína Longline	Annað Other
4823	98%	2%

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

Keila er fremur hægvaxta fiskur og árlegur vöxtur á bilinu 3–5 cm. Keila byrjar að koma í veiðistofninn um 40 cm löng en verður ekki kynþroska fyrr en um 55 cm. Það eru því 3–5 ár frá því að keila kemur inn í veiðarnar þar til hún verður kynþroska. Mikil sókn getur því leitt til þess að lágt hlutfall fiska náí að hrygna.

Tusk is a rather slow-growing fish and annual growth is about 3–5 cm. Tusk enter the fishable stock at about 40 cm of length, though they are not mature until they are about 55 cm. That means that about 3–5 years elapse from the time they enter the fishable stock until they reach maturity. Heavy fishing pressure can lead to a low number of fish being able to spawn.

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Keila. Tillögur um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).

Tusk. Recommended TAC, national TAC, and catches (tonnes).

Fiskveiðiár Fishing year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Íslendinga Catches Iceland	Afli annarra þjóða Catches other	Afli alls Total catch
2010/11	6000	6000	6223	1545	7768
2011/12	6900	7000	5981	1420	7401
2012/13	6700	6400	5549	1284	6833
2013/14	6300	5900	4847	1034	5881
2014/15	4000	3700	4135	823	4958
2015/16	3440	3000			
2016/17	3780				

HEIMILDIR – REFERENCES

ICES. 2016. Report of the Working Group on the Biology and Assessment of Deep-Sea Fisheries Resources (WGDEEP), 20–27 April 2016, ICES Headquarters, Copenhagen. ICES CM 2016/ACOM:17. (Skýrslu má nálgast frá:

<http://www.ices.dk/community/groups/Pages/WGDEEP.aspx>)

LÝSA – WHITING

Merlangius merlangus

RÁÐGJÖF - ADVICE


Hafrannsóknastofnun leggur ekki til aflamark fyrir lýsu fiskveiðiárið 2016/2017.

MRI does not give catch advice for this stock for the fishing year 2016/2017

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Lýsuafli náði hámarki 2011 en hefur minnkað síðan þá og var um 860 tonn árið 2015. Nýliðunarvísitala 2016 lækkaði frá fyrra ári. Lífmassa vísitala hefur verið lág síðan 2012 og vísitala veiðihlutfalls verið há síðan 2009.

Catches peaked in 2011, but have decreased since then and were 860 tonnes in 2015. The recruitment index decreased between 2015 and 2016. The biomass index has been low since 2012 and F_{proxy} has been high since 2009.




Lýsa. Afli, nýliðunarvísitala og lífmassavísitala úr SMB og vísitala veiðihlutfalls (afli/lífmassavísitala).

Whiting. Catches, juvenile and biomass indices, and F_{proxy} (catch/survey biomass).

VEIÐAR – THE FISHERY

Lýsa var lengi vel lítið nýtt, þó hún kæmi sem meðafli við aðrar veiðar. Lýsuaflinn jókst mikið á árunum eftir 2005 og fór mest í tæp 3000 tonn árið 2011. Lýsa veiðist nú víða við sunnan- og vestanvert landið en einkum á miðunum í kringum Vestmannaeyjar. Hún veiðist aðallega í botnvörpu og humarvörpu en einnig á línu og í dragnót.

Whiting is a common bycatch species in many fisheries and was historically discarded. Whiting catches increased after 2005 and peaked at 3000 tonnes in 2011. Whiting is mostly caught at the southern and western part of the shelf, especially around Vestmannaeyjar. The main fishing gear catching whiting are trawls and Nephrops trawl but there are also catches on longlines and in demersal seine.



Lýsa. Veiðisvæði árið 2010–2015 (t/sjm²)
Whiting. Fishing grounds in 2010–2015 (t/nmi²)

Afli 2015 (tonn) Catches 2015 (tonnes)	Botnvarpa Bottom trawl	Humarvarpa Nephrops trawl	Annað Other
860	64%	15%	21%

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

Samkvæmt vísitölum úr stofnmælingu (SMB) hafa breytingar á nýliðun og veiðistofni lýsu hin síðari ár verið í takt við breytingar á ýsustofninum.

In recent years there has been a strong correlation between recruitment and biomass indices of whiting and haddock in the survey (IS-SMB).

SKÖTUSELUR – ANGLERFISH

Lophius piscatorius

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við varúðarsjónarmið að afli fiskveiðiárið 2016/2017 verði ekki meiri en 711 tonn.

MRI advises that when the precautionary approach is applied, catches in the fishing year 2016/2017 should be no more than 711 tonnes.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Lífmassavísitala hélst há á árunum 2005–2011 miðað við fyrri ár, en hefur lækkað umtalsvert síðan. Nýliðunarvísitala bendir til að árgangar 1998–2007 séu stórir en árgangar fyrir og eftir það tímabil litlir. Vísitala veiðihlutfalls var tiltölulega stöðug þegar stofninn var í hámarki, en hefur lækkað undanfarin ár.

The biomass index was high in 2005–2011 compared to previous years, but has since then decreased substantially. Juvenile indices show strong recruitment for year classes 1998–2007, but poor recruitment before and after this period. F_{proxy} was stable when the stock peaked, but has reduced in the last few years.



Skötuselur. Afli eftir veiðarfærum, nýliðunarvísitala (2 ára) og lífmassavísitala (40 cm og stærri) úr SMB og vísitala veiðihlutfalls (afli/lífmassavísitala).

Anglerfish. Catch by gear type, juvenile (2-yr old) and biomass indices, and F_{proxy} (catch/survey biomass index).

STOFNMAT OG GÁTMÖRK – BASIS OF THE ASSESSMENT AND REFERENCE POINTS

Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn <i>There is no management plan for this stock</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Byggt á þróun afla og lífmassavísitalna <i>Trends in biomass indicators and catches</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Afli og vísitölur úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) <i>Length data from commercial catches and surveys (IS-SMB)</i>

Nálgun <i>Framework</i>	Gátmörk <i>Reference point</i>	Gildi <i>Value</i>	Grunnur <i>Basis</i>
Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>	Target F_{proxy}	0.8	80% af meðaltali árána 2001–2015 <i>80% of the mean F_{proxy} in 2001–2015</i>

Grunnur ráðgjafar fylgir forskrift Alþjóðahafsráðgjafarásins fyrir stofna þar sem ekki er hægt að beita aldurs-aflgreiningu en til eru vísitölur sem taldar eru gefa mynd af breytingum í stofnstærð (Category 3 stocks; [ICES, 2012](#)). Lífmassa vísitala fyrir skötusel 40 cm og stærri úr SMB ásamt afla er notuð til að reikna vísitölu veiðihlutfalls (F_{proxy} = afli/vísitala). Ráðgjöf byggir á markgildi á F_{proxy} sem er 80% af meðaltali F_{proxy} árin 2001–2015. Ráðgjöfin er fengin með því að margfalda markgildi F_{proxy} með síðasta gildi vísitölnnar.

The advice follows the ICES framework for stocks where reliable stock biomass indices are available, but analytical age-length based assessments is not possible (Category 3 stocks; [ICES, 2012](#)). IS-SMB biomass index of anglerfish 40 cm and larger, along with catch, is used to calculate F_{proxy} (catch/survey biomass). The target F_{proxy} was defined as 80% of the mean F_{proxy} from the reference period of 2001–2015. The advice is based on multiplying the target F_{proxy} value to the most recent index value.

Skötuselur. Útreikningar ráðgjafar.

Anglerfish. Advice calculation.

Vísitala 2016 - Index 2016		889
Target F_{proxy}		0.8
Ráðgjöf 2015 – Advice 2015		1000
(Vísitala 2016 x target F_{proxy}) / Ráðgjöf 2015 (Index 2016 x target F_{proxy}) / Advice 2015		0.71
Sveiflujöfnun – Uncertainty cap	Ekki beitt – Not applied	
Ráðgjöf – Catch advice		711

HORFUR – PROSPECTS

Nýliðun hefur mælst lítil síðustu ár og benda vísitölur til að árgangar 2008–2014 séu litlir. Einnig hefur vísitala veiðistofns minnkað frá árinu 2011. Því má búast við minnkun skötuselsafla á næstu árum.

Recruitment has been low in recent years and juvenile indices indicate that the 2008–2014 year classes are small. The index of fishable biomass has decreased since 2011. The recommended catch levels are expected to decline in coming years.

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF ASSESSMENT


SMB nær yfir allt veiðisvæði skötusels.

IS-SMB covers the geographical distribution the fisheries.

VEIÐAR – THE FISHERY

Skötuselsafli hefur farið minnkandi frá árinu 2009, þegar hann náði sögulegu hámarki. Um helmingur aflans veiðist í net en hinn helmingurinn sem meðafli í botnvörpur og dragnót. Helstu veiðsvæði skötusels undanfarin ár hafa verið fyrir Vesturlandi.

Annual landings of anglerfish in Icelandic waters have steadily decreased since peaking in 2009. About half of landings are caught by gillnets and the other half mostly in demersal seine and trawls as bycatch. In recent years, most of the landings come from off Iceland's west coast.



Skötuselur. Veiðisvæði árið 2015 (t/sjm²)
Anglerfish. Fishing grounds in 2015 (t/nmi²)

Afli 2015 (tonn) Catches 2015 (tonnes)	Net Gillnets	Humarvarpa Nephrops trawl	Botnvarpa Bottom trawl	Annað Other gear
935	51%	24%	15%	10%

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Skötuselur. Tillögur um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (þús. tonn).

Anglerfish. Recommended TAC, national TAC, and catches (tonnes).

Fiskveiðiár Fishing year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Catches
2010/11	2500	3000	3376
2011/12	2500	2850	3006
2012/13	1500	1800	1930
2013/14	1500	1500	1398
2014/15	1000	1000	1080
2015/16	1000	1000	
2016/17	711		

HEIMILDIR – REFERENCES

ICES. 2012. Implementation of Advice for Data-limited Stocks in 2012 in its 2012 Advice. ICES CM 2012/ACOM 68. (<http://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Expert%20Group%20Report/acom/2012/ADHOC/DLS%20Guidance%20Report%20012.pdf>)

HROGNKELSI – LUMPFISH

Cyclopterus lumpus

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur að upphafsflamark fiskveiðiárið 2016/2017 verði ekki meira en 2030 tonn. Hafrannsóknastofnun mun að lokinni stofnmælingu 2017 veita endanlega ráðgjöf um heildaraflamark fiskveiðiársins 2016/2017. Að því gefnu að veiðum verði stýrt með sama fyrirkomulagi og verið hefur, leggur stofnun til að útgefinn dagafjöldi taki mið af fjölda báta sem taka mun þátt í veiðunum. Jafnframt leggur stofnunin til að aukin áhersla verði lögð á skráningu meðafla og eftirlit með brottkasti við grásleppuveiðar.

MRI advises that the initial TAC for the fishing year 2016/2017 does not exceed 2030 tonnes. The MRI will, after estimation of the biomass index in spring 2017, provide final advice for the fishing year 2016/2017. Assuming that fishing will be managed by the same method as before, MRI recommends that the number of boats which will participate in the fishery is taken into account when allocating the number of fishing days. MRI also recommends improved monitoring of bycatch and discards of other species from the female lumpfish fishery.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Lífmassavísitala grásleppu lækkaði árin 2006–2013 en hefur síðan hækkað. Lífmassavísitala rauðmaga 2016 hækkaði frá fyrra ári og er nú yfir meðaltali árunna 1985–2011.

The female biomass index decreased between 2006 and 2013, but has increased since then. The male biomass index in 2016 has increased from 2015 and has now risen above the average of the reference period 1985–2011.



Hrognkelsi. Grásleppuaflí, lífmassavísitölur grásleppu og rauðmaga úr SMB, og vísitala veiðihlutfalls (afli/vísitala) grásleppu.
Lumpfish. Catches of females, biomass indices of females and males, and F_{proxy} (catch/survey biomass) of females.

GRUNNUR RÁÐGJAFAR – BASIS FOR ADVICE

Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Ef grásleppuvísitala SMB fer undir lægsta gildi stofnmælingarinnar, verður ekki gefið út viðbótarafلامark það ár, eða upphafsafلامark það næsta <i>If the female biomass index falls below the historical minimum of IS-SMB, then that year will represent a value of zero in the calculation of TAC</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Byggt á tímaháðum breytingum í afla og stofnmælingum <i>Trends in biomass indicators and catches</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Afli og vísitölur úr stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) <i>Commercial catch and survey (IS-SMB) biomass indices</i>

Nálgun <i>Framework</i>	Gátmörk <i>Reference point</i>	Gildi <i>Value</i>	Grunnur <i>Basis</i>
Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>	Target F_{proxy}	0.75	Meðaltal F_{proxy} árin 1985–2011 <i>Mean of F_{proxy} in 1985–2011</i>

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar miðar að því að vísitala veiðihlutfalls verði ekki hærrí en meðaltal áráanna 1985–2011. Stofnvísitala hrognkelsa hefur sveiflast mikið milli ára og því er mikilvægt að afli hvers árs taki mið af stofnstærð sama árs, frekar en ársins á undan. Hins vegar, vegna óvissu í mælingunum, er tekið tillit til vísitölu fyrra árs með vægi 30% á móti nýrri mælingu með vægi 70% við útreikning ráðlagðs hámarksaflla. Þannig er ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar tvískipt: Fyrir vertíðina 2017 er upphafsafلامark reiknað sem lífmassavísitala grásleppu í SMB árið 2016 margfölduð með 0.225. Við það bætist vísitalan í SMB 2017 margfölduð með 0.525. Ráð um leyfilegan hámarksaflla eru gefin út að lokinni stofnmælingu í mars, ekki síðar en 1. apríl. Í samræmi við framangreinda ráðgjafarreglu lagði Hafrannsóknastofnun til 2040 tonna upphafsafلامark fyrir yfirstandandi vertíð. Endanleg tillaga stofnunarinnar um heildaraflla grásleppu á fiskveiðiárinu 2015/2016 var veitt í lok mars síðastliðinn og var hún 6800 tonn.

The advice of the MRI is that the harvest rate does not exceed the average from 1985–2011. The lumpfish biomass index fluctuates considerably between years, therefore, landings each year must be considered along with the index from the same year rather than that of the previous year. In order to compensate for uncertainty in the measurements, the previous year's index is taken into account, weighted 30% against the new measurement, weighted 70%, when estimating the recommended TAC. So advice from the MRI is twofold: For the 2017 season, preliminary TAC is calculated as the IS-SMB (2016) biomass index times 0.225. To this is added the biomass index from the IS-SMB (2017) times 0.525. Recommendations for a final TAC are delivered after the IS-SMB is completed no later than April 1.

Hrognkelsi. Útreikningar ráðgjafar.

Lumpfish. Advice calculation.

Vísitala 2016 – Index 2016	9018
Target F_{proxy} (30%)	0.225
Ráðgjöf um upphafsafلامark 2017 <i>Advice on preliminary TAC 2017</i>	2030 t
Vísitala 2017 – Index 2017	-
Target F_{proxy} (70%)	0.525
Ráðgjöf um viðbótarafلامark 2017 <i>Advice on additional TAC 2017</i>	-

VEIÐAR – THE FISHERY

Grásleppuveiðunum er stýrt með sóknartakmörkunum. Árin 2011 og 2012 voru veiðar leyfðar í 50 daga en 32 daga árin 2013–2016. Fjöldi báta sem tekur þátt í veiðunum er breytilegur frá ári til árs, m.a. vegna aðstæðna á grásleppuhrognamarkaði, og hefur það áhrif á heildarafla. Á árunum 2005–2015 var fjöldi báta sem tók þátt í veiðunum á bilinu 144–369 á ári. Árið 2015 tóku 316 bátar þátt, sem er aukning um 95 báta frá fyrra ári.

Lumpfish are managed by effort limitations. In 2011 and 2012, the number of days was 50, and 32 days in 2013–2016. The number of boats participating in the fishery varies from year to year, and is primarily affected by market conditions. In 2005–2015, the number of boats varied from 144–369 per year. In 2015 there were 316 boats, an increase of 95 from 2014.

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

Viðmiðunargildi fyrir vísitölu veiðihlutfalls (0.75) var reiknað áður en löndunartölur grásleppu 1971–2007 voru endurreiknaðar árið 2015. Það gildi er samt sem áður notað áfram.

The target F_{proxy} value was originally set at 0.75, based on the mean F_{proxy} in 1985–2011. Landings in 1971–2007 were re-estimated in 2015, but the value of 0.75 is still used as target F_{proxy} .

SÍLD – HERRING

Clupea harengus

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur, í samræmi við nýtingarstefnu sem mun leiða til hámarks afraksturs til lengri tíma litið (MSY), að afli fiskveiðiárið 2016/2017 verði ekki meiri en 63 þús. tonn.

MRI advises that when the MSY approach is applied, catches in the fishing year 2016/2017 should be no more than 63 thous. tonnes.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Góð nýliðun á árunum 1999–2002 leiddi til að hrygningarstofninn náði hámarki á árunum 2005–2008. Hann minnkaði hins vegar hratt til ársins 2011 vegna affalla af völdum *Ichthyophonus* sýkingar í stofninum. Áframhaldandi samdráttur í stærð hrygningarstofns er rakinn til minnkandi nýliðunar. Veiðidánartala var lág í byrjun sýkingartímabilsins en hefur aukist og er nú við F_{MSY} .

*Good recruitment in 1999–2002 resulted in a record high SSB in 2005–2008. However, the stock declined rapidly until 2011 due to mortality caused by *Ichthyophonus* infection. Continued reduction in the size of the SSB in recent years is due to a declining trend in recruitment. Fishing mortality was low during the first years of the infection period, but has increased and is now at F_{MSY} .*



Síld. Afli eftir veiðarfærum, nýliðun 3 ára, veiðidánartala og hrygningarstofn.

Herring. Catch by gear type, recruitment at age 3, fishing mortality and spawning stock biomass (SSB).

STOFNMAT OG GÁTMÖRK – BASIS OF THE ASSESSEMENT AND REFERENCE POINTS

Forsendur <i>Basis of the advice</i>	ráðgjafar	MSY nálgun <i>MSY approach</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>		Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn <i>No management plan</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>		NFT-ADAPT – aldurs-aflagreining <i>NTF-ADAPT age-based model</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>		Aldursgreindur afli og aldursgreindar vísitölur úr bergmálsleiðöngnum <i>Catch in numbers and age disaggregated indices from acoustic surveys</i>

Nálgun <i>Framework</i>	Gátmörk <i>Reference point</i>	Gildi <i>Value</i>	Grunnur <i>Basis</i>
MSY nálgun <i>MSY approach</i>	MSY- $B_{trigger}$	273 000 t	B_{pa}
	F_{MSY}	0.22	Slembireikningar <i>Stochastic simulations</i>
Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>	B_{lim}	200 000 t	Hrygningarstofn með miklum líkum á skertri nýliðun <i>SSB with high probability of impaired recruitment</i>
	B_{pa}	273 000 t	$B_{lim} * e^{1.645\sigma}$, $\sigma = 0.19$
	F_{lim}	0.61	F sem leiðir til B_{lim} miðað við meðal nýliðun <i>F corresponding to B_{lim} with average recruitment</i>
	F_{pa}	0.43	$F_{pa} = F_{lim} \times \exp(-1.645 \times \sigma)$, $\sigma = 0.18$

HORFUR – PROSPECTS

Gera má ráð fyrir að hrygningarstofninn muni ná lágmarki 2017 vegna lítilla árganga frá 2011 og 2012. Stofnþróun á næstu árum er óviss þar sem ekki hefur fengist gott mat á yngri árganga og vegna vísbendinga um *Ichthyophonus* sýkingu í yngstu árgöngunum.

The SSB is expected to decline until 2017 because of poor recruitment from the 2011 and 2012 year classes. There is uncertainty about stock development because poor estimate of incoming year classes in the acoustic survey and because of infection by Ichthyophonus in the youngest cohorts.

Sild. Áhrif á áætlaða stofnstærð (þús. tonn) miðað við veiðar samkvæmt ráðgjöf.


Herring. Projection of SSB and fishable biomass (3+) (thous. tonnes) based on adoption of advice.

Áætl. Afli <i>Estim. catches</i>	2015/16		2016/17		
	Hrygn. Stofn <i>SSB</i>	F	Aflamark <i>TAC</i>	F	Hrygn. stofn <i>SSB</i>
70	318	0.22	63	0.22	303

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF THE ASSESSEMENT

Stofnmatið í ár er í góðu samræmi við stofnmat síðustu þriggja ára

The assessment is consistent with last three years assessments.



Síld. Samanburður á stofnmati árinna 2013–2016 (rauð lína: stofnmat 2016).


Herring. Historical assessment results 2013–2016 (red line: assessment 2016).

VEIÐAR – THE FISHERY

Á haustvertíð 2015 voru veiðar stundaðar að mestu á stóru svæði djúpt vestur af landinu. Veiðar gengu erfiðlega þar sem síldin var dreifð og því erfitt að finna hana. Mest veiddist í nóvember en veiðar stóðu yfir allt fram í janúar fyrir vestan og var afli 62 þús. tonn. Austan við land veiddust um 2400 tonn, en afgangurinn, 5500 tonn var meðafli í veiðum á makríl og norsk-íslenskri síld frá júní–september. Líkt og á síðustu vertíð var langstærsti hluti aflans tekinn í flotvörpu.

The autumn fishery in 2015 took place over a large area in deep waters west of Iceland. Fishing was difficult in 2015 as the herring was dispersed over a large area. Most of the catch was taken in November, but the fishery continued until January 2016 and amounted to 62 thous. tonnes.

A fishery off the east coast yielded 2400 tonnes in autumn 2015, but 5500 tonnes were taken as bycatch in the fishery for mackerel and Norwegian spring-spawning herring during June–September. As in 2014, most of the catch was taken in pelagic trawl.



Síld. Veiðisvæði árið 2015 (t/sjm²)

Herring. Fishing grounds in 2015 (t/nm²)

Afli 2015/2016 (þús. tonn) Catches in 2015/2016 (thous. t)	Flotvarpa Pelagic trawl	Nót Purse seine
70	96.7%	3.3%

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

Frá árinu 1973 hefur stofnstærð íslensku sumargotssíldarinnar verið mæld árlega með bergmálsaðferð, að öllu jöfnu á tímabilinu nóvember–janúar. Mælingar vetursins 2015/2016 fóru fram í janúar og aftur í mars fyrir vestan land. Í Kolluál og Jökuldjúpi var bergmálsvísitalan 347 þús. tonn, 8 þús. tonn við Vestmannaeyjar og 43 þús. tonn í Litladjúpi og Reyðarfjarðardjúpi. Á öðrum svæðum var magnið óverulegt. Alls mældust því um 396 þús. tonn af fullorðinni síld (>26 cm). Bergmálmælingar á ungsíld fóru fram á svæðinu frá Breiðafirði norður og austur um í Axarfjörð í september og október. Niðurstöður þeirra mælinga benda til að 2014 árgangurinn sé lítill eða 2/3 af meðalárgangi. Hann var einkum að finna í Húnaflóa og Eyjafirði.

Sýkingarhlutfall af völdum frumdýrsins *Ichthyophonus hoferi* í 2003–2006 árgöngum síldarinnar er enn hátt, eða um 30–40%. Sýkingarhlutfall í 2007–2009 árgöngunum hefur hins vegar verið að hækka síðustu tvö ár. Eins

greindist sýking í tveggja ára síld norðanlands í vetur. Ljóst er að nýsmit á sér stað þótt það sé minna en árin 2009–2010. Merki um nýsmit í stofninum hafa annars ekki verið teljanleg síðan 2011. Mikilvægt er að fylgst verði vel með þróun sýkingarinnar. Sýkingin virðist hafi valdið minni dauða í stofninum en í fyrstu var óttast.

Since 1973, the stock size of Icelandic summer-spawning herring has been measured annually on acoustic surveys, generally in November–January. The stock was surveyed west of Iceland the winter 2015/2016 in January and again in March. In Kolluáll and Jökuldjúp the acoustic index was 347 thous. tonnes, 8 thous. tonnes at Vestmannaeyjar, and 43 thous. tonnes in Litladjúp and Reyðarfjarðardjúp. Elsewhere, only insignificant amounts were registered. Thus, the total acoustic estimate of adult herring (>26 cm) was 396 thous. tonnes. An acoustic survey on the juvenile part of the stock was conducted in inshore northern areas from Breiðafjörður to Öxarfjörður in September–October. The results indicate that the 2014 year class is small or 2/3 of the average year class size. This year class was mainly found in Húnaflói and Eyjafjörður.

Prevalence of Ichthyophonus infection in the 2003–2006 year classes is still high or 30–40%, while in the 2007–2009 year classes the rate has been increasing in the last two years. Further, new infection was detected in age 2 herring north of Iceland during this winter. Therefore, it is evident that new infection which has hardly been seen since 2001 is occurring but at a lower rate than in 2009–2010. Continued monitoring of the development of infection in the stock is important. The main results of Ichthyophonus research and monitoring to date is that the infection does not cause as high mortality as previously assumed.

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Síld. Tillögur um hámarksaflla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (þús. tonn).

Herring. Recommended TAC, national TAC, and catches (thous. tonnes).

Fiskveiðiár Fishing year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Catches
2010/11	40	40	44
2011/12	40	45	49
2012/13	67	68.5	72
2013/14	87	87	72
2014/15	83	82.2	95
2015/16	71	71	
2016/17	63		

HEIMILDIR – REFERENCES

ICES. 2016. Report of the North-Western Working Group (NWWG), 27 April–4 May, 2016, ICES Headquarters, Copenhagen. ICES CM 2016/ACOM:08. (Skýrslu má nálgast frá: <http://www.ices.dk/community/groups/Pages/NWWG.aspx>)

NORSK-ÍSLENSK VORGOTSSÍLD

NORWEGIAN SPRING-SPAWNING HERRING

Clupea harengus

RÁÐGJÖF – ADVICE


Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) mun veita ráðgjöf í október 2016 um aflamark fyrir norsk-íslenska vorgotssíld árið 2017.

ICES will release advice in October 2016 for Norwegian spring-spawning (NSS) herring catch options in 2017.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Hrygningarstofninn hefur farið minnkandi og var undir varúðarmörkum B_{pa} árið 2014. Nýliðun hefur verið lítil síðan 2004. Mat á stærð 2013 árgangsins bendir til að hann sé nálægt meðalnýliðun 1998–2012. Fiskveiðidauði árið 2014 var undir gátmörkum F_{pa} og F_{MSY} en við markmið aflareglu þegar stofn er undir B_{pa} (frá [ráðgjöf ICES 2015b](#)).

The stock is declining and estimated to be below $B_{trigger}$ (B_{pa}) in 2014. Recruitment was estimated at low level since 2004. The 2013 year class is estimated to be close to the average recruitment of 1998–2012. Fishing mortality in 2014 was below F_{pa} and F_{MSY} but at the management plan target F when the stock is below B_{pa} (From [ICES advice 2015b](#)).




Norsk-íslensk vorgotssíld. Afli, nýliðun 0 ára, veiðidánartala og hrygningarstofn. Stofnmat keyrt frá 1988, eftir að stofn tók að stækka aftur eftir hrun á sjöunda áratug síðustu aldar.

Norwegian spring-spawning herring. Catches, recruitment at age 0, fishing mortality and spawning stock biomass (SSB). Assessment run starts in 1988, when the stock has started to rebuild after collapse in the 1960s.

VEIÐAR – THE FISHERY

Afli íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2015 var 42.6 þús. tonn. Um 93% aflans var veiddur innan íslenskrar lögsögu og 7% innan færeyskrar lögsögu. Beinir veiðar á síldinni hófust í ágúst og stóðu yfir fram í nóvember. Fram í september var nær allur afli Íslendinga tekinn innan íslenskrar lögsögu en þriðjungur aflans í október og nóvember innan færeyskrar lögsögu. Heildarafli úr stofninum árið 2015 liggur ekki fyrir, en ICES hefur áætlað að hann verði um 328 þús. tonn. Það er umfram ráðgjöf ICES frá 2014.



Norsk-ísl. síld. Veiðisvæði íslenskra skipa árið 2015 (t/sjm²)
NSS herring. Fishing grounds of the Icelandic fleet in 2015 (t/nmi²)

Icelandic landings of NSS herring in 2015 were 42.6 thous. tonnes. Approximately 93% of the catches were taken within the Icelandic EEZ and 7% within the Faroese EEZ.

The direct fishery took place in August to November. Until

September, almost all Icelandic catches were taken within the Icelandic EEZ, but in October and November approx. one third was caught in the Faroese EEZ. Catches (all nations) in 2015 are not available, but ICES estimates them approx. 328 thous. tonnes, higher than the ICES advice from 2014.

Afli 2015 (þús. tonn) Catches 2015 (thous. t)	Flotvarpa Pelagic trawl	Nót Purse seine
42.6	99.8 %	0.2 %

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

Ekki er í gildi samkomulag milli þeirra þjóða sem stunda veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum um skiptingu aflahlutdeildar. Afleiðingarnar hafa verið að árlega hafa verið veidd um 9–14% á ári umfram ráðgjöf ICES frá því 2013. Samhliða hefur stofninn farið minnkandi vegna lélegrar nýliðunar allt frá árinu 2005. Norsk-íslenski síldarstofninn var tekinn fyrir á rýnifundi innan ICES veturinn 2016 og var ákveðið að taka í notkun nýtt stofnmatslíkan. Aflatillögur ICES fyrir árið 2017 verða því byggðar á þessu líkani og munu liggja fyrir í október 2016.

Since 2013, a lack of agreement by the coastal states on their share in the TAC has led to unilaterally set quotas, which together are 9–14% higher than the TAC indicated by the management plan. Simultaneously, the stock size has declined because of relatively poor recruitment since 2005. An ICES benchmark for NSS herring in winter 2016 proposed a new assessment model that will form the basis for the advice for 2017, released in October 2016.

HEIMILDIR – REFERENCES

ICES. 2015. Report of the Working Group on Widely Distributed Stocks (WGWIDE), 25 August-31 August 2015, Pasaia, Spain. ICES CM 2015/ACOM:15. 588s. (<http://www.ices.dk/community/groups/Pages/WGWIDE.aspx>)

ICES 2015b. Herring (*Clupea harengus*) in Subareas I, II, and V and Divisions IVa and XIVa (Northeast Atlantic) (Norwegian spring-spawning herring). ICES advice 2015. Book 9. (<http://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Advice/2015/2015/whb-comb.pdf>)

LOÐNA – CAPELIN

Mallotus villosus

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun og ICES ráðleggja í samræmi við varúðarnálgun að ekkert upphafsflamark verði gefið út fyrir vertíðina 2016/2017. Ráðgjöfin verður endurmetin byggt á mælingum á stærð veiðistofnsins haustið 2016 og í byrjun árs 2017.

MRI and ICES advise that when the precautionary approach is applied, the initial quota in the fishing season 2016/2017 should be zero tonnes. The initial quota should be revised based on in-season acoustic survey information in autumn 2016. The final TAC should be set on the basis of survey information in autumn 2016 and winter 2016/2017.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Áætlað er að um 304 þús. tonn hafi hrygnt vorið 2016 sem samsvarar 95% líkum á að hrygningarstofninn (SSB) sé ofan B_{lim} (150 þús. tonn). Mat á SSB 2016 er ekki samanburðarhæft við mat á SSB fyrri ár þar sem beitt er nýrri aðferðafræði. Mat á ókynþroska loðnu í haustleiðangri 2015 er mjög lágt.

SSB in 2016 was estimated at 304 thous. tonnes at the time of spawning in 2016, which corresponds to a probability greater than 95% of the SSB being above B_{lim} (150 thous. tonnes). The SSB estimates of the new assessment method in 2016 are not comparable with the historic SSB estimates. Estimates of immature capelin from the survey in autumn 2015 are low.



Loðna. Aflí, nýliðun 1 árs samkvæmt bergmálmælingum að hausti, stærð hrygningarstofs á hrygningartíma að loknum veiðum. Stofnmatíð 2016 (punktur) er ekki sambærilegt við fyrri ár (lína) vegna annara viðmiða í náttúrulegum dauða.

Capelin. Catches, recruitment-at-age 1 as acoustic index from autumn surveys, and SSB at spawning time (March–April). The SSB value for 2016 (dot) is not directly comparable to historical values because it is based on different assumptions about natural mortality.

GRUNNUR RÁÐGJAFAR – BASIS FOR THE ADVICE

Ráðgjöf um upphafsfla komandi fiskveiðisárs byggir á aflareglu sem samþykkt var á rýnifundi ICES 2015 ([ICES 2015](#)) og byggir á bergmálmælingu ókynþroska loðnu (1 og 2 ára) að hausti. Aflareglan gerir ráð fyrir að ráðgjöfin verði endurmetin byggð á mælingum á stærð veiðistofnsins haustið 2016 og að lokaráðgjöf byggji á bergmálmælingum að hausti og/eða í byrjun árs 2017.

An advice rule was proposed by ICES in 2015 (ICES, 2015) for setting an initial quota on the basis of immature abundance (ages 1–2) in the autumn acoustic survey. The rule dictates that an initial quota is revised based on in-season acoustic survey information in autumn 2016 (intermediate quota), with the final TAC being set on the results of the autumn and/or winter surveys in 2016/2017.

Forsendur ráðgjafar Advice basis	Varúðarnálgun. Upphafsflamark er haft lágt þannig að yfirgnæfandi líkur séu á að það sé undir lokaafلامarki. Lokaflamark sem sett er á haustin og veturna skal leiða til þess að SSB á hrygningartíma sé yfir B_{lim} með yfir 95% líkum. <i>The basis is the precautionary approach, i.e. an initial quota is set with a very low probability of being higher than a regression estimated final TAC. A final TAC will be set in autumn and winter that will have a >95% probability of SSB being greater than or equal to B_{lim} at spawning time.</i>
Aflaregla Management plan	Í gildi er samningur strandríkja um notkun áður nefndrar aflareglu á komandi fiskveiðisári. <i>Agreement between coastal states to use the mentioned HCR for the 2016/2017 fishing season.</i>
Stofnmat Assessment type	Lokaafلامark er byggt á niðurstöðum líkans sem tekur tillit til óvissu í stofnmælingum (CV) og afráni þorsks, ýsu og ufsa á loðnu ásamt því að líkurnar á að SSB sé undir B_{lim} séu minni en 5%. Ráðgjöf upphafsflamarks byggir á aflareglu sem hefur það markmið að tryggja að litlar líkur séu á að upphafsráðgjöf verði yfir lokaráðgjöf (sjá ICES, 2015). <i>The final TAC is based on a model which takes into account uncertainty in surveys and predation from cod, haddock, and saithe on capelin to ensure that the advised catch will result in a less than 5% chance of SSB going below B_{lim}. The initial quota advice is set applying an advice rule designed to ensure a low risk of advised catch being higher than the final TAC (ICES, 2015).</i>
Inntaksgögn Input data	Vísitölur 1 og 2 ára ókynþroska loðnu úr bergmálsleiðangrum. <i>The abundance estimate of immature capelin of ages 1 and 2 from acoustic surveys in autumn.</i>

Nálgun	Gátmörk	Gildi	Grunnur
Varúðarnálgun Precautionary approach	B_{lim}	150 000 t	B_{loss}


GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF THE ASSESSMENT

Niðurstöður bermálsleiðangra að haustlagi eru notaðar til að setja upphafsflamark. Leiðangurinn í september–október 2015 náði ekki að fullu yfir útbreiðslu loðnustofnsins og því er stofnmatið líklega vanmat. Hins vegar mældist magn ókynþroska loðnu (6.2 milljarðar) langt undir því viðmiði ($U_{trigger} = 50$ milljarðar) sem gæfi meira en 0 tonna upphafsráðgjöf.

Estimates from acoustic surveys in autumn are used to advice initial TAC. The acoustic survey in September–October 2015 did not cover the entire spatial distribution of the capelin stock. The abundance estimate is therefore likely an underestimate. However, the immature abundance estimate (6.2 billion) is well below the trigger value ($U_{trigger} = 50$ billion) that would imply an initial quota of more than zero tonnes.

VEIÐAR – THE FISHERY

Samtals veiddust 174 þús tonn af loðnu á fiskveiðiárinu 2015/2016, sem er langt undir meðal veiði frá því loðnuveiðar hófust. Sumarveiði 2015 var engin og aðeins 900 t veidd að hausti. Vetrarveiðin 2016 fór hægt af stað vegna lítils aflamarks út frá haustmælingunni. Síðustu viku janúar og fyrstu þrjár vikur febrúar veiddu norsk, grænlandsk og færeysk skip megnið af sínum kvóta, einkum út af Austfjörðum. Sunnan lands fóru íslensk skip að veiða loðnu nálægt landi í 8. viku. Flotinn fylgdi síðan göngu loðnunnar vestur með suðurströnd landsins og endaði við Snæfellsnes í 11.–12. viku.



Loðna. Veiðisvæði árið 2015 (t/sjm²)
 Capelin. Fishing grounds in 2015 (t/nmi²)

The total landings of the 2015/2016 fishing season amounted 174 thous. tonnes, which is far below the average of catches since the beginning of the fishery. Summer 2015 gave no catches and only 900 tonnes were landed in autumn. The beginning of the 2016 winter fishery had a slow start due to a low intermediate TAC based on the autumn survey. During last week of January and first 3 weeks of February the Norwegian, Greenlandic and Faroese fleets caught the bulk of their quota, mainly east of Iceland. In week 8 the Icelandic fleet was fishing from schools of capelin close to shore south off Iceland. This migration moved westward and was followed by the fishery and ended at Snæfellsnes (W-Iceland) in weeks 11–12.

Afli 2015/2016 (þús. tonn) Catches 2015/2016 (thous. t)	Nót Purse seine	Flotvarpa Pelagic trawl
174	93%	7%

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

Loðnustofninn við Ísland, Austur Grænland og Jan Mayen hefur verið metinn með bergmálmælingum síðan 1978. Leiðangrarnir hafa verið að hausti (september–desember) og vetri (janúar–febrúar). Farnir voru tveir haustleiðangrar 2015 með það að markmiði að mæla kynþroska og ókynþroska hluta stofnsins (sjá [ICES, 2015](#)). Haustleiðangrar hafa hafist í september síðan 2010, um mánuði fyrr en fyrri ár. Fyrri leiðangurinn stóð yfir 16. september – 4. október en seinni leiðangurinn 17.–29. nóvember. Byggt á mati kynþroska loðnu (550 þús. tonn) ráðlagði Hafrannsóknastofnun 44 þús. tonna veiði 2015/2016, en upphafsráðgjöf fyrir fiskveiðiárið 2015/2016 var 54 þús. byggt á haustleiðangri 2014.

Farnir voru tveir vetrarleiðangrar í byrjun árs 2016 með það að markmiði að mæla kynþroska hluta stofnsins (sjá [ICES, 2016](#)), fyrri leiðangurinn stóð yfir 3.–21 janúar en seinni leiðangurinn 1.–15. febrúar. Vegna takmarkana í yfirferð haustleiðangra og seinni vetrarleiðangri þá byggðist lokaráðgjöf eingöngu á fyrri vetrarleiðangri þar sem mældust 675 þús. tonn af kynþroska loðnu og ráðlagði Hafrannsóknastofnun að hámarksafli yrði 173.3 þús. tonn á fiskveiðiárinu 2015/2016. Þessi ráðgjöf var í samræmi við gildandi aflareglu sem samþykkt hafði verið á rýnifundi ICES WKICE ([ICES, 2016](#)).

The capelin stock in Iceland-East Greenland-Jan Mayen area has been assessed by acoustics annually since 1978. The surveys have taken place in autumn (September–December) and in winter (January–February). Two autumn surveys were conducted in 2015 with the aim of assessing both the immature and the maturing part of the stock ([ICES, 2016](#)). Since 2010 the autumn surveys have started in September, a month earlier than in previous years. The earlier survey was during 16 September – 4 October and the second during 17–29 November. Based on estimates of maturing capelin (550 thous. tonnes) the Marine Research Institute recommended an intermediate TAC of 44 thous. tonnes for the fishing season 2015/2016. An initial catch quota of 54 thous. tonnes had been recommended for the 2015/2016 fishing season based on the 2014 autumn acoustic survey.

Two winter surveys were conducted in year 2016 with the aim of assessing the maturing part of the stock. As the autumn surveys and second winter survey had limited coverage of the maturing stock the final TAC was based only on the earlier winter survey where 675 thous. tonnes of maturing capelin were estimated and the Marine Research Institute recommended a TAC of 173.3 thous. tonnes for the fishing season 2015/2016. This recommendation was in accordance with existing HCR established by WKICE ([ICES, 2015](#)).

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Loðna. Tillögur um hámarksafli, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (þús. tonn).

Capelin. Recommended TAC, national TAC, and catches (thous. tonnes).

Vertíð Season	Upphafstillaga Rec. initial TAC	Lokatillaga Rec. final TAC	Lokaflamark Final TAC	Afli Íslendinga Catches Iceland	Afli annarra þjóða Catches other	Afli alls Total catch
2010/11	0	390	390	322	68	390
2011/12	366	765	765	585	162	747
2012/13	0	570	570	464	87	551
2013/14	0	160	160	111	31	142
2014/15	225	580	580	354	163	517
2015/16	53.6	173	173	101	73	174
2016/17	0					

HEIMILDIR – REFERENCES

ICES. 2016. Report of the North-Western Working Group (NWWG), 27 April–4 May, 2016, ICES Headquarters, Copenhagen. ICES CM 2016/ACOM:08. (Skýrslu má nálgast frá: <http://www.ices.dk/community/groups/Pages/NWWG.aspx>)

ICES 2015, Report of the Benchmark Workshop on Icelandic Stocks (WKICE), ICES CM 2015/ACOM:31

(http://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Expert%20Group%20Report/acom/2015/WKICE%202015/wkice_2015_final.pdf)

KOLMUNNI – BLUE WHITING

Micromesistius poutassou

RÁÐGJÖF – ADVICE


Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) mun veita ráðgjöf í október 2016 um aflamark fyrir kolmunna 2017.

ICES will release advice in October 2016 for blue whiting catch options in 2017.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Árið 2014 var veiðidánartala yfir F_{MSY} , en var í sögulegu lágmarki árið 2011. Hrygningarstofninn stækkaði á árunum 2010–2014 og er ofan við aðgerðamörk ($MSY B_{trigger}$). Árgangar frá 2009–2012 eru metnir yfir meðalstærð og vísitölur árganga 2013 og 2014 úr stofnmælingum eru einnig yfir meðallagi (frá [ráðgjöf ICES 2015b](#)).

Fishing mortality (F) has increased from a historical low in 2011 to above F_{MSY} in 2014. SSB increased from 2010 to 2014 and is above $MSY B_{trigger}$. Recruitment after 2010 is estimated above the long term average. Year classes 2009–2012 are estimated above average, and the survey indices for year classes 2013 and 2014 are also above average (from [ICES advice 2015b](#)).



Kolmunni. Heildarafli og afli Íslendinga, nýliðun 1 árs, veiðidánartala og hrygningarstofn (frá [ráðgjöf ICES 2015b](#)). **Blue whiting.** Total and Icelandic catches, recruitment at age 1, fishing mortality and spawning stock biomass (from [ICES advice 2015b](#)).

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF THE ASSESSMENT


Samkvæmt stofnmati ársins 2015 er hrygningarstofninn metinn mun minni en hann var metinn fyrir ári síðan og það allt aftur til ársins 2004. Mest er lækkunin á allra síðustu árum. Minnkun síðustu ára stafar af því að mun minna mældist af eldri árgöngum í bergmálsleiðangri á hrygningarslóð vestan Bretlandseyja vorið 2015, en í samsvarandi leiðöngnum frá 2013 og 2014. Óvissa í mati á stærð hrygningarstofns og í aflaspá er talin meiri en undanfarin ár (Frá [ráðgjöf ICES 2015b](#)).

The assessment from 2015 gave a substantial downward revision of the historical SSB and recruitment and a small upward revision of F. The revisions are mainly caused by low abundance indices from the 2015 acoustic survey for the adult part of this stock. These abundance indices were lower than expected, given the perception of the stock from last year's assessment, especially for the older age groups. The uncertainty of the assessment and forecast is considered higher than in previous years ([ICES Advice 2015b](#)).

VEIÐAR – THE FISHERY

Kolmunnaafli íslenskra skipa árið 2015 var tæp 215 þús. tonn. Líkt og síðustu ár var mest veitt innan færeyskrar lögsögu, rúm 184 þús. tonn. Um 14% aflans veiddust innan íslenskrar lögsögu, sem er svipað og verið hefur frá árinu 2006, en á árunum 1997–2005 var um 61% afla íslenskra skipa veitt innan íslenskrar lögsögu. Heildarafli úr stofninum árið 2015 liggur ekki fyrir ennþá en ICES hefur áætlað að hann verði um 1.3 milljónir tonna.

Icelandic landings of blue whiting in 2015 were around 215 thousand tonnes. Like in recent years, the bulk of the catches were taken within the EEZ of Faroes, around 184 thousand tonnes. Around 14% of Icelandic catches were caught within the EEZ of Iceland which is similar as in 2006–2014. In 1997–2005 around 61% were caught within the EEZ of Iceland. The total blue whiting landings (all nations) in 2015 is not yet available but the preliminary ICES estimate is approx. 1.3 million tonnes.



Kolmunni. Veiðisvæði íslenskra skipa árið 2015 (t/sjm²)
Blue whiting. Fishing grounds of the Icelandic fleet in 2015 (t/nmi²)

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

Norðmenn, Rússar, Færeyingar og Evrópusambandið hafa síðan 2004, mælt stærð hrygningarstofns kolmunna með bergmálmælingum á hrygningarstöðvunum vestan Bretlandseyja og sunnan Færeyja í mars– apríl. Ekki hefur náðst samkomulag milli þeirra þjóða sem stunda veiðar úr stofninum um skiptingu aflamarks og hafa veiðar verið langt umfram ráðgjöf ICES.

The International Blue Whiting Spawning Stock Survey is carried out yearly since 2004 on the spawning grounds west of the British Isles in March–April. The survey is carried out by Norway, Russia, the Faroe Islands and the EU. There is no agreement between the participating nations about catch allocation. This has resulted in catches exceeding the advice given by ICES.

HEIMILDIR – REFERENCES

ICES. 2015. Report of the Working Group on Widely Distributed Stocks (WGWIDE), 25 August–31 August 2015, Pasaia, Spain. ICES CM 2015/ACOM:15. 588s. (Skýrslu má nálgast frá <http://www.ices.dk/community/groups/Pages/WGWIDE.aspx>)

ICES, 2015b, 9.3.8 Blue whiting (*Micromesistius poutassou*) in Subareas I–IX, XII, and XIV (Northeast Atlantic). ICES Advice 2005, Book 9. (<http://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Advice/2015/2015/whb-comb.pdf>)

MAKRÍLL – MACKEREL

Scomber scombrus

RÁÐGJÖF – ADVICE


Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) mun veita ráðgjöf í október 2016 um aflamark fyrir makríl árið 2017.

ICES will release advice in October 2016 for mackerel catch options in 2017.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Hrygningarstofninn hefur vaxið frá árinu 2006 og verið yfir aðgerðamörkum ($MSY-B_{trigger}$) síðan 2009. Fiskveiðidauði hefur farið lækkandi frá því um 2004 en er enn yfir gátmörkum (F_{pa}). Árgangar 2002, 2006 og 2011 eru taldir yfir meðaltali. Árgangurinn frá 2013 er hins vegar talinn sá minnsti síðan 2003 ([frá ráðgjöf ICES 2015](#)).

The spawning stock biomass (SSB) has increased since the early 2000s and has been above $MSY-B_{trigger}$ since 2009. Fishing mortality (F) has been declining since the mid-2000s, but remains above F_{pa} . Year classes 2002, 2006 and 2011 are estimated to be above average. In contrast recruitment in 2013 appears to be the lowest since 2003 ([from ICES advice 2015](#)).




Makrill. Afli, nýliðun 0 ára, veiðidánartala og stærð hrygningarstofns ásamt gátmörkum.

Mackerel. Catches, recruitment, Fishing mortality and spawning stock biomass (SSB).

VEIÐAR – THE FISHERY

Heildarmakrálafli íslenskra skipa árið 2015 var rúm 169 þús. tonn. Um 88% aflans var veiddur innan íslenskrar lögsögu, 11% á alþjóðasvæðinu austur af landinu og tæp 1% í færeyskri lögsögu. Aðalveiðisvæði makrils á Íslandsmiðum var fyrir sunnan og suðaustan land í júlí og ágúst, en minna vestur af landinu en undanfarin ár. Í september og október var tæplega helmingur aflans tekinn innan íslenskrar lögsögu en afgangurinn á alþjóðahafsvæðinu austur af Íslandi. Heildarafli úr stofninum árið 2015 liggur ekki fyrir en ICES hefur áætlað að hann verði um 1.24 milljónir tonna.



Makrill. Veiðisvæði íslenskra skipa árið 2015 (t/sjm²)
Mackerel. Fishing grounds of the Icelandic fleet in 2015 (t/nmi²)

Icelandic catches of mackerel in 2015 were around 169 thous. tonnes. 88% of the catches were taken inside the Icelandic EEZ, 11% in international waters, and 1% inside the Faroe Islands EEZ. The main fishing grounds in Icelandic waters in 2015 were south and southeast of Iceland in July and August but less was caught in the western part than in previous years. In September and October there was a shift in the fisheries from the Icelandic EEZ to international waters east of Iceland. Total catches (all nations) in 2015 is not available, but the preliminary ICES estimate is 1.24 million tonnes.

Afli 2015 (þús. tonn) Catches 2015 (thous t.)	Flotvarpa Pelagic trawl	Handfæri Jiggers	Botnvarpa Bottom trawl
169.3	98.0 %	1.8 %	0.2%

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

Frá árinu 2006 hefur makrill gengið á Íslandsmið og í fjölþjóðlegum togleiðangri sumarið 2015 mældist meira en nokkru sinni áður af honum innan íslenskrar lögsögu. Ástæður þessa hafa verið tengdar stækkun stofnsins, hlýnun sjávar og fæðuframboði. Hafrannsóknastofnun hefur á undanförunum árum tekið þátt í alþjóðlegum eggja- og flotvörpuleiðöngrum og safnað gögnum úr afla. Þessi gögn hafa verið kynnt innan ICES og eru notuð við stofnmat tegundarinnar. Niðurstöður stofnmats ICES hafa verið sveiflukenndar og því er fyrirhugaður rýnifundur um stofnmat makrils veturinn 2016/2017. Ekki hefur náðst samkomulag milli þeirra þjóða sem stunda veiðar úr makrilstofninum um skiptingu aflans, með þeim afleiðingum að veitt hefur verið langt umfram ráðgjöf ICES.

Since 2006, mackerel have migrated to increasingly greater extend into Icelandic waters. The results from an international trawl survey indicate that abundance in 2015 in Icelandic waters was the highest on record. The reasons for this change are not well known, but have been linked to increased stock size, changes in the ocean climate, and prey abundance. MRI has in recent years participated in international surveys aimed at estimating mackerel abundance and recruitment, and collected data from commercial catches. These data have been submitted to ICES and used in the assessment of the stock. Estimates from the assessment used by ICES have varied between years, therefore a benchmark for the mackerel assessment is planned in the winter 2016/2017. There is no agreement between the coastal states on catch allocation, which has resulted in catches far exceeding the advice given by ICES.

HEIMILDIR – REFERENCES

[ICES. 2015. Mackerel \(*Scomber scombrus*\) in Subareas I–VII and XIV and Divisions VIIIa–e and IXa \(Northeast Atlantic\). ICES Advice 2015, Book 9.](#)

[ICES 2015b Report of the Working Group on Widely Distributed Stocks \(WGWIDE\), 25 August-31 August 2015, Pasaia, Spain. ICES CM 2015/ACOM: 15. 588s.](#)

NORRÆNA GULLDEPLA – PEARLSIDE

Maurolicus muelleri

RÁÐGJÖF – ADVICE

Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við varúðarsjónarmið að afli fiskveiðiárið 2016/2017 verði ekki meiri en 30 þús. tonn.

MRI advises that when the precautionary approach is applied, catches in the fishing year 2016/2017 should be no more than 30 thous. tonnes.

STOFNMAT OG HORFUR – ASSESSMENT AND PROSPECTS


Stofnstærð og afrakstursgeta gulldeplu eru lítt þekkt, sem og fæðutengsl tegundarinnar við aðra nytjastofna. Í samræmi við varúðarsjónarmið er lagt til að árlegur afli verði ekki meiri en meðaltal árunna 2009–2010, eða um 30 þús. tonn, nema að ný gögn um afrakstursgetu stofnsins komi fram.

Stock size, productivity, and importance of pearlside as food for other species is not known. Applying a precautionary approach, catches should not exceed the average from the period 2009–2010, which is about 30 thous. tonnes, unless new data suggests a change in stock size.

VEIÐAR – THE FISHERY

Tilraunaveiðar með flotvörpu á norrænu gulldeplu hófust í desember 2008 og þá veiddust nokkur tonn. Aflinn árið 2009 var rúm 46 þús. tonn, en minnkaði hratt og var rúm 9 þús. tonn árið 2011. Einungis veiddust 9 tonn á árinu 2012 en engum afla var landað árin 2013–2015.

Experimental fishing for pearlside with pelagic trawl began in December 2008, when a few tonnes were landed. Landings in 2009 exceeded 46 thous. tonnes, but they decreased rapidly in the following years, to 9 thous. tonnes in 2011. Only 9 tonnes were landed in 2012 and no landings were recorded in 2013–2015.



Norræna gulldepla. Veiðisvæði íslenskra skipa árin 2009–2011 (t/sjm²)

Pearlside. Fishing grounds of the Icelandic fleet in 2009–2011 (t/nm²)

GULLLAX – GREATER SILVER SMELT

Argentina silus

RÁÐGJÖF- ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við varúðarsjónarmið að afli fiskveiðiárið 2016/2017 verði ekki meiri en 7885 tonn.

MRI advises that when the precautionary approach is applied, catches in the fishing year 2016/2017 should be no more than 7885 tonnes.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Stofnvísitala hækkaði árið 2014 miðað við 2013, en lækkaði aftur 2015. Vísitala veiðihlutfalls hefur lækkað síðan 2010 og hefur verið undir markgildi (target F_{proxy}) undanfarnin tvö ár.

The survey index indicated an increase in stock biomass in 2014, followed by a decrease in 2015. The F_{proxy} has decreased since 2010 and has been below the target F_{proxy} since 2014.



Gulllax. Afli, lífmassavísitala úr SMH og vísitala veiðihlutfalls (afli/lífmassavísitala).

Greater silver smelt. Catches, biomass indices, and F_{proxy} (catch/survey biomass index).

GRUNNUR RÁÐGJAFAR – BASIS FOR THE ADVICE

Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn <i>There is no management plan for this stock</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Byggt á tímaháðum breytingum í afla og stofnmælingum <i>Trends in biomass indicators and catches</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Afli og vísitölur úr stofnmælingu botnfiska í október (SMH) <i>Age and length data from commercial catches and surveys (IS-SMH)</i>

Nálgun <i>Framework</i>	Gátmörk	Gildi	Grunnur
Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>	Target F_{proxy}	0.171	Meðaltal árána 2002–2007 <i>Mean of F_{proxy} in 2002–2007</i>

Grunnur ráðgjafar fylgir forskrift Alþjóðahafrannsóknaráðsins fyrir stofna þar sem ekki er hægt að beita aldurs-aflagreiningu en til eru vísitölur sem taldar eru gefa mynd af breytingum í stofnstærð (Category 3 stocks; [ICES, 2012](#)). Lífmassa vísitala fyrir gulllax á meira en 400 m dýpi úr SMH ásamt afla er notuð til að reikna vísitölu veiðihlutfalls (F_{proxy} = afli/vísitölu). Byggt á þessu er valið markgildi á F_{proxy} (target F_{proxy}) byggt á meðaltali F_{proxy} árána 2002–2007 en á þeim tíma var F_{proxy} hvað lægst og vísitalan var stöðug/vaxandi. Ráðgjöfin er fengin með því að margfalda markgildi F_{proxy} með síðasta gildi vísitölunnar. Ef það gildi leiðir til meira en 20% breytingar á ráðgjöf m.v. síðasta ár þá er ráðgjöfin skorðuð við 20% breytingu. Markgildi F_{proxy} er talið samræmast varúðarnálgun og því er engin frekari lækkan sett á það.

The ICES framework for category 3 stocks was applied (ICES, 2012). The Icelandic autumn trawl survey (IS-SMH) was used as biomass indicator. The target F_{proxy} (catch/survey biomass) was defined as the mean from the reference period 2002–2007. The advice is based on multiplying the target F_{proxy} with the most recent index value. As this value got greater than previous catch advice the uncertainty cap of 20% is not applied. Since the target F_{proxy} is considered precautionary, the precautionary buffer was not applied.

Gulllax. Útreikningar ráðgjafar.

Greater silver smelt. Advice calculation.

Vísitala 2015 - Index 2015		46114
Target F_{proxy} (2002–2007)		0.171
Ráðgjöf 2015 – Advice 2015		8000 t
(Vísitala 2015 x target F_{proxy}) / Ráðgjöf 2015 (Index 2015 x target F_{proxy}) / Advice 2015		0.99
Sveiflujöfnun – Uncertainty cap	Ekki beitt – Not applied	
Ráðgjöf – Catch advice		7885 t


GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF THE ASSESSMENT

SMH nær vel til útbreiðslusvæðis gulllax. Vikmörk vísitölunnar eru mjög há.

IS-SMH covers the full depth range and geographical distribution of the species. The uncertainties of the survey indices are high.

VEIÐAR – THE FISHERY

Gulllax hefur veiðst í botnvörpu við Ísland um langt árabíl, einkum sem aukaafli við karfaveiðar og var lengst af kastað. Árið 1997 jókst áhugi á gulllaxveiðum verulega og aflinn fór úr rúmum 800 tonnum árið 1996 í rúm 13 þús. tonn 1998. Árin 2000–2007 var aflinn á bilinu 2500–4800 tonn. Mikil aukning varð þá á veiðum og varð aflinn rúm 16 þús. tonn árið 2010. Síðan þá hefur aflinn minnkað, meðal annars vegna stýringar stjórnvalda á veiðunum.



Gulllax. Veiðisvæði árið 2015 (t/sjm²)

Greater silver smelt. Fishing grounds in 2015 (t/nmi²)

Greater silver smelt has been a bycatch in bottom trawls in the redfish fishery in Icelandic waters for many years, and usually was discarded. In 1997 interest in silver smelt fishery grew and landings increased from about 800 tonnes in 1996 to over 13 thous. tonnes in 1998. In 2000–2007 landings were in the range of 2500–4800 tonnes. Considerable increase in the fishery occurred in 2008–2010 until landings peaked at about 16 thous. tonnes in 2010. Since then, landings have decreased, partly due to management decisions.

Afli 2015 (tonn) Catches 2015 (t)	Botnvarpa Bottom trawl
6056	100%

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Gulllax. Tillögur um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark og afli (tonn).

Greater silver smelt. Recommended TAC, national TAC and catches (tonnes).

Fiskveiðiar Fishing year	Tillaga Rec. TAC	Aflamark National TAC	Afli Catches
2010/11	8000	-	12091
2011/12	6000	-	8497
2012/13	8000	-	11217
2013/14	8000	8000	7242
2014/15	8000	8000	6848
2015/16	8000	8000	
2016/17	7885		

HEIMILDIR – REFERENCES

ICES. 2012. Implementation of Advice for Datalimited Stocks in 2012 in its 2012 Advice. ICES CM 2012/ACOM 68. (ICES. 2012. Implementation of Advice for Datalimited Stocks in 2012 in its 2012 Advice. ICES CM 2012/ACOM 68.

(<http://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Expert%20Group%20Report/acom/2012/ADHOC/DLS%20Guidance%20Report%20012.pdf>)

ICES. 2016. Report of the Working Group on the Biology and Assessment of Deep-Sea Fisheries Resources (WGDEEP), 20–27 April 2016, ICES Headquarters, Copenhagen. ICES CM 2016/ACOM:17. (Skýrslu má nálgast frá:

<http://www.ices.dk/community/groups/Pages/WGDEEP.aspx>)

HUMAR – NORWAY LOBSTER

Nephrops norvegicus

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur, í samræmi við nýtingarstefnu sem mun leiða til hámarks afraksturs til lengri tíma litið (MSY), að afli fiskveiðiárið 2016/2017 verði ekki meiri en 1300 tonn.

MRI advises that when the MSY approach is applied, catches in the fishing year 2016/2017 should be no more than 1300 tonnes.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Veiðidánartala hefur verið metin lág undanfarin ár og er undir F_{MSY} . Nýliðun hefur farið minnkandi síðan 2008 og hefur aldrei verið metin eins lítil og nú. Viðmiðunarstofn hefur farið minnkandi undanfarin ár og er nú í lágmarki, en hlutfall stórhumars er enn hátt.

